

## BJÖSSI BEIKON OG KEIKÓ

Sigrún Ósk Kristjánsdóttir og Andrés Jónsson ræða örlög dýra á Rökstólum

VIÐTAL 24



## ORRUSTUBJARKI YRÐI GÓÐUR GLÆPAMAÐUR

VIÐTAL 42



## PÓLÍTÍKIN 2007-2009 IN MEMORIAM

ANNÁLL 28



**Mín Vildarborg** ferðablað Icelandair fylgir með Fréttablaðinu í dag. GEYMIÐ BLAÐIÐ

ICELANDAIR  
WWW.ICELANDAIR.IS

# FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARÚTGÁFA

FRÍTT

18. apríl 2009 — 92. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FÓLK 66




**Jóhann Sigmarsón varð fyrir fólkskulegri árás**

SÓMALÍA 30

**Sjóræningjar láta fátt stöðva sig**

STÍLL 50

**Töffaratíska hjá Gucci**



TVÖ SÉRBLÖÐ Í DAG



**Ferda-  
fagnadur**

Sjá dagskrá á bls. 20 og 49 eða á:  
[www.ferdafagnadur.is](http://www.ferdafagnadur.is)

## Stórauknar líkur á stuttu kjörtímabili

Verði samið um aðild að ESB á næstu misserum þarf að kjósa á ný til Alþingis til að breyta stjórnarskrá. Nýtt þing þarf að fullgilda breytingu á stjórnarskránni.

**EVROÞUMÁL** Stórauknar líkur eru á því að næsta kjörtímabil verði stýtt eftir að meirihluta Alþingis mistókst að ná fram breytingum á stjórnarskrá fyrir þingrof.

Koma átti inn í stjórnarskrána ákvæði sem gerði það mögulegt að fullgilda breytingu á stjórnarskránni með þjóðaratkvæðagreiðslu í stað þess að rjúfa þurfi þing og fá breytinguna samþykka af nýju þingi.

Það er yfirlýst forgangsmál Samfylkingarinnar, sem kannanir

á fylgi flokkanna benda til að muni fara fyrir næstu ríkisstjórn, að láta reyna á aðildarviðræður við Evrópusambandið sem fyrst. Verði aðildarsamningur gerður á næstu misserum og samþykktur að því loknu í þjóðaratkvæðagreiðslu er útlit fyrir að kjósa þurfi á ný til Alþingis. Nýtt þing þyrfti að fullgilda þá breytingu á stjórnarskránni sem tæki af tvímæli um að það framsal á ríkisvaldi sem talið er myndu felast í Evrópusambandsaðild kæmist í

gildi áður en aðildarsamningurinn tæki gildi.

Hefði fyrirhuguð breyting á fyrirkomulagi stjórnarskrár-breytinga verið samþykkt fyrir kosningarnar nú hefði verið hægt að fullgilda síðarnefndu stjórnarskrár-breytinguna í sömu þjóðaratkvæðagreiðslunni og ESB-aðildarsamningurinn yrði borinn undir.

Þetta kom fram á blaðamannafundi sem haldinn var í gær til að kynna skýrslu nefndar um þróun Evrópumála.

- aa / sjá síðu 8



STENDUR AUTT Fjölmörg hús standa auð í miðbænum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fjöldi tómra húsa í borginni: **Tómu húsin bíða dómisdags**

**SKIPULAGSMÁL** Að minnsta kosti 29 hús standa að öllum eða mestum hluta auð í miðbæ Reykjavíkur. Tíð meirihlutaskipti í borgarstjórn Reykjavíkur eru helsta orsök þess að húseignir eru auðar eða í niðurníðslu. Þetta kemur fram í máli húseignenda og talsmanna þeirra. Benedikt Sigurðsson, stjórnarformaður Festa og Foldar fasteignapróunarfélags, gagnrýnir skipulagsmál borgarinnar og segir að ákvarðanatáka um þau hljóti að eiga að snúast um langtímamarkmið en ekki geðþótta manna.

- jse / sjá 32

Ógna stöðugleika krónunnar: **Vilja losa um krónubréfin**

**EFNAHAGSMÁL** Áhyggjuefni er hvernig svonefnd krónubréf geta ógnað stöðugleika krónunnar og mikilvægt að eigendum þeirra sé gefið tækifæri til að losa um þau með skipulögðum og markvissum hætti. Þetta sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra á ársfundi Seðlabankans í gær.

Svein Harald Öygard seðlabankastjóri upplýsti að bankinn mæti nú úrræði sem gætu gert óþolinmóðustu fjárfestunum sem hafa verið bundnir af gjaldreyrishöftum kleift að skipta skuldbréfum sínum í íslenskar krónur þannig að ekki komi niður á gjaldreyrisforða bankans.

- óká / sjá síðu 4



VORÍÐ GÓÐA GRÆNT OG HLÝTT Fjörið var allsráðandi þegar þessir glaðlegu strákar úr Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ sprettu úr spori niður grasbalann sem fyrr en varir verður orðinn iðagrænn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Norrænt velferðarsamfélag



VINSTRI GRÆN  
-vegur til framtíðar

**SKÓLAHREYSTI**

Áfram Skólahreysti!

Munið keppnina í kvöld á RÚV kl. 18

MJÓLKURSAMSALAN

— AÐALSTYRKARADILI SKÓLAHREYSTI





Árni Páll, er þá búið að banna ykkur að rasskella stuttbuxna-deildina?

„Já, en er hún ekki hvort eð er mestöll komin í mútur?“

Lög voru samþykkt á Alþingi á fimmtudag sem kveða á um að óheimilt sé að beita böm líkamlegum eða andlegum refsingum. Dómur sem bar blak af flengingum var kveikja málsins. Árni Páll Arnason, þingmaður Samfylkingarinnar, er formaður allsherjarnefndar.

Stjórnarflokkar ósammála:

## Heimild fyrir Helgúvík samþykkt á þingi

**STJÓRN MÁL** Alþingi samþykkti í gær með 38 atkvæðum gegn níu að veita iðnaðarráðherra heimild til að semja fyrir hönd ríkisstjórnarinnar við Century Aluminium Company og Norðurál Helgúvík ehf. um álver í Helgúvík.

Siv Friðleifsdóttir, þingmaður Framsóknarflokks, sagðist hins vegar undrast að þingmenn Vinstri grænna og Mördur Árnason, varaþingmaður Samfylkingar, og Þórunn Sveinbjarnardóttir, þingmaður Samfylkingar og fyrrverandi umhverfisráðherra, gætu ekki greitt atkvæði með stjórnarfrumvarpinu sem fæli í sér atvinnuuppbyggingu sem ekki veitti af í því ástandi sem nú ríkir. Tæplega nítján hundruð manns eru atvinnulausir á Suðurnesjum.

-jse

Kosningabaráttan hafin:

## Þingi lauk í gær

**STJÓRN MÁL** Þingi var frestað í gærkvöldi og halda þingmenn nú í kosningabaráttu nema þeir átján sem ekki gefa kost á sér. Guðbjartur Hannesson, forseti Alþingis, hvatti þingmenn og stjórnmalasamtök til að halda í góða og heiðarlega kosningabaráttu. Arnþjórg Sveinsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, tók til máls og þakkaði meðal annars starfsfólki þingsins fyrir það æðruleysi sem það sýndi þegar mótmælin stóðu sem hæst í janúar.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra tilkynnti svo að lokum að þinginu væri frestað þegar hún las upp úr bréfi sem hún hafði ritað ásamt Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands.

-jse

Umferðarstofa upplýsir kaupendur einkanúmera fyrir bíla ekki um hvenær fara á með bílana í skoðun:

## Segir bifreiðaeigendur leidda í gildru

**SAMGÖNGUR** Eigandi bíls með einkanúmer hefur verið sektaður um 15 þúsund krónur fyrir að láta ekki skoða bíl sinn í réttum mánuði. Hann segir að svo virðist sem verið sé að leiða eigendur einkanúmera í gildru.

Bíll Ásgeirs Þormóðssonar er með einkanúmerið ERR 1. Fastanúmer bílsins endar hins vegar á tölustafnum átta, og hefur Ásgeir því látið skoða bílinn í ágúst ár hvert frá árinu 1997, athugasemdalaust.

Ásgeir fékk nýverið bréf frá Sýslumanninum í Bolungarvík þar sem honum er bent á að skoða eigi bílinn í janúar, þar sem einkanúmerið endar á tölustafnum einum. Að auki er hann sektaður um 15 þúsund krónur, en greiði hann innan mánaðar lækkar sektin í 7.500 krónur.

Hann segist afar ósáttur við þessar

aðfarir, enda sé að sínu mati skýrt í reglum að miða eigi við fastanúmer bíls þegar ákvarðað er hvenær á að skoða bílinn.

Hjá Umferðarstofu fengust þær upplýsingar að samkvæmt reglugerð eigi að skoða bíla með einkanúmerum sem enda á tölustaf í þeim mánuði ársins sem tölustafurinn gefur til kynna. Endi númerið á bókstaf beri að láta skoða bílinn í maí ár hvert. Engu skipti í því sambengi hvert fastanúmerið sé.

Bifreiðaeigendur sem kaupa einkanúmer þurfa sjálfir að afla sér upplýsinga um þær reglur sem gilda um skoðun ökutækjanna, samkvæmt upplýsingum frá Umferðarstofu. Stofan hefur hingað til ekki upplýst um reglurnar að fyrra bragði þegar slík númer eru keypt.

-bj

## FÆRRI EINKANÚMER

Í kringum fjögur þúsund einkanúmer hafa verið framleidd hér á landi frá því fyrst var boðið upp á þann möguleika, samkvæmt upplýsingum frá númeradeild fangelsisins að Litla-Hrauni. Daglega eru framleidd þrjú til fjögur slík númer, en einhver eru endurgerðir af skemmdum eða týndum númerum.

Samkvæmt upplýsingum frá Umferðarstofu voru 164 einkanúmer keypt eða endurnýjuð á fyrstu þremur mánuðum ársins 2009. Það er rúmlega 40 prósentum minna en á sama tímabili í fyrra, þegar 281 númer var keypt eða endurnýjað.

Framleiðsla á hefðbundnum bílnúmerum hefur einnig dregist verulega saman, og hefur ekki verið minni í 20 ár. Nú eru um 50 númeraplötur framleiddar á dag, en voru um 1.000 þegar mest var.



UPP VAR HAFINN BIKARINN Á STÍGAMÓTUM AF ÞESSU TILEFNI Stígamót og velunnarar skáluðu hér eru Björg Gísladóttir, Arnar Gíslason, Kristín Tómasdóttir, Friða Rós Valdimarsdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Kristbjörg Kristjánsdóttir, Sóley Tómasdóttir og Guðrún Jónsdóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Kaup á vændi refsiverð

Kaup á vændi hafa verið gerð refsiverð. Fagnað var í Stígamótum. Þingmaður Sjálfstæðisflokksins segir öfl í stjórnarflokkum fá að dæla málum í gegn og gagnrýnir að mál sem þetta séu afgreidd í flýti meðan brýnni mál bíði.

**STJÓRN MÁL** Skálað var í kampavíni og fagnað á skrifstofu Stígamóta í gærkvöldi af því tilefni að Alþingi samþykkti frumvarp sem gerir það refsivert að greiða fyrir vændi. Lögin tóku þegar gildi þannig að verði einhver staðinn að slíku má hann eiga von á sekt eða fangelsi í allt að einu ári.

„Þetta hefur afar mikilvæga táknaða þýðingu, finnst okkur,“ sagði Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta. „En ekki aðeins fyrir okkur heldur alla kvennahreyfingu og þar að auki, að ég tel, meirihluta fólks af öllum flokkum og báðum kynjum ef skoðanakönnun Capacent frá árinu 2007 er marktæk en hún sýndi að sjötíu prósent þjóðarinnar eru hliðholl þessari breytingu. Við hrósum því þessari feminísku ríkisstjórn í hástert.“

Þar með hefur Ísland orðið þriðja þjóðin til að fara hina svo-

kölluðu sænsku leið, því Svíar stígu fyrstir þetta skref en Norðmenn samþykktu lög sem þessi fyrir skemmstu. Atli Gíslason, þingmaður Vinstri grænna og einn flutningsmanna frumvarpsins, segir að eftir því sem fleiri lönd feti þessa sænsku leið, þeim mun meiri árangur náist gegn mansali. Hann segir einnig að í Svíþjóð hafi götuvatni minnkað og færri konur leiðst út í vændi frá því lögin voru sett þar.

En verður vændið ekki aðeins enn meira falíð í undirheiminum eftir þessa breytingu og því harðara og erfiðara við að eiga? „Það verður alltaf eins ósýnilegt og það þarf til að viðskiptavinirnir sjáist ekki en nógu sýnilegt til að hægt sé að selja það,“ svarar Guðrún. „Þannig að ég held að þetta breyti engu þar um.“ Hún segir einnig mikilvægt að þjóðin sé farin af þeirri leið að vændi sé í raun lög-

legt og fjölmiðlar meira að segja farnir að fjalla um það sem viðtekinn hlut. Atli segir að nauðsynlegt hafi verið að banna vændi eftir að Sjálfstæðisflokkurinn hafi lögleitt það með breytingu á hegningarlögum árið 2007.

„Það er bara kjaftæði,“ segir Ólaf Nordal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins. „Þetta hafði verið svona í hegningarlögum frá því 1940, menn eru aðeins að slá sig til riddara með því að tala svona.“ Hún gagnrýnir vinnubrögðin. „Því var kipt úr allsherjarnefnd og í raun hef ég ekki fengið tíma til að kynna mér frumvarpið því asinn er svo mikill. Þetta virðist vera eitt af þessum málum sem samið hefur verið um við öfl innan stjórnarflokka að fá að dæla í gegn. Miðað við ástandið í þjóðfélaginu finnst mér nú að við þurfum að drífa okkur við önnur mál.“

jse@frettabladid.is



SAMEINUÐ EVRÓPA Aðalsteinn Ásamt nemendum úr Borgarholtsskóla.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nemar úr Borgarholtsskóla:

## Vilja sameina þjóðir Evrópu með lestarsmíð

**FÓLK** Nemar við málmdeild Borgarholtsskóla eru nú í óða önn að ljúka við gerð líkans af lestarteinum sem hefur tekið tvö ár að smíða. Þeir fylgja sérstöku lestarlíkani sem er samvinnuverkefni 24 evrópskra skóla og verður frumsýnt í húsakynnum Evrópusambandsins í Brussel í næstu viku.

„Skólunum var skipt í þrjú hópa sem fengu það verkefni að smíða lestarvagna eða -teina, sem tákna sameinada Evrópu,“ segir Aðalsteinn Ómarsson, kennari og umsjónarmaður verksins hérlendis. Hann er ánægður með framvindu þess og segir þjóðirnar hafa lært ýmislegt af samstarfinu.

-rve/sjá Heimili og hönnun

## MENNTAMÁL

### Orkuvísindi á Ásbrú

Undirritaður hefur verið samstarfssamningur um uppbyggingu rannsóknarseturs í orkuvísindum á gamla varnarsvæðinu sem hlotið hefur nafnið Ásbrú. Þar á að stunda rannsóknir á sviði orkuvísinda, einkum á sviði jarðvarma og annarrar endurnýjanlegrar orku og innlendir orkuframleiðslu.

Skoðanakönnun Fréttablaðsins um afturköllun aflaheimilda:

## Meirihluti vill afturkalla kvóta

**SKOÐANAKÖNNUN** 62,5 prósent segjast vilja afturköllun nógildandi aflaheimilda, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. 37,5 prósent eru því mótfallin.


Nokkur munur er á afstöðu fólks eftir bæði kyni og búsetu. Konur eru mun frekar fylgjandi afturköllun aflaheimilda en karlar. 68,0 prósent þeirra eru því hlynnt, en 58,2 prósent karla. Þá eru 69,1 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu hlynnt því að kvóti verði afturkallaður, en 52,5 prósent íbúa á landsbyggðinni.

Mikill meirihluti kjósenda Samfylkingar og Vinstri grænna er hlynntur afturköllun veiðiheimilda. 79,7 prósent kjósenda Samfylkingar og 77,2 prósent kjósenda Vinstri grænna.

Meirihluti kjósenda Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks er hins vegar andvígur því að aflaheimildir verði afturkallaðar; 58,6 prósent kjósenda Framsóknarflokks styðja ekki slíka afturköllun og 68,5 prósent stuðningsmanna Sjálfstæðisflokks eru því mótfallin.

Af þeim sem ekki gefa upp stuðning við stjórnmalaflokk segjast 63,1 prósent vera hlynnt afturköllun kvóta, en 36,9 prósent eru því andvíg.

### Á að afturkalla nógildandi aflaheimildir?



Skv. könnun Fréttablaðsins 14.4. 2009

Hringt var í 800 manns þriðjudaginn 14. apríl og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu. Spurt var: Á að afturkalla nógildandi aflaheimildir? 76,8 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar.

-55

# Byltum á daginn og grillum á kvöldin...

**Ung Vinstri græn bjóða í grillpartý í dag kl. 17 í kosningamiðstöð UVG á Suðurgötu 3. Vertu með! Svandís Svavars plokkar gítarinn af sinni alkunnu snilld.**

**UVG**  
UNG VINSTRI GRÆN  
www.vinstri.is

**VINSTRI GRÆN**  
-vegur til framtíðar



# Gætirðu hugsað þér netsamband?

3G internet er nettenging sem hentar fyrir alla almenna netnotkun. Þú stingur pungnum í fartölvuna og ert komin(n) í samband. Fartölvan er því loksins orðin alvöru far-tölva.

Afborgun 1.990 kr. á mánuði í 12 mánuði + 250 kr. greiðslugjald, greitt með kreditkort.



Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!

# NOVA

**1.990 kr./mán.**

**3G internet og pungur**

Allt að 5 Mb/s hraði og 5 GB netnotkun  
innifalin á mánuði.



GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	128,24 128,86
Sterlingspund	189,68 190,6
Evra	167,38 168,32
Dönsk króna	22,467 22,599
Norsk króna	19,029 19,141
Sænsk króna	15,156 15,244
Japanskt jen	1,2897 1,2973

SDR	190,46	191,6
-----	--------	-------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
206,2212  
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Forsætisráðherra vill samstarf við Seðlabanka Evrópu samhliða viðræðum um aðild að Evrópusambandinu:

# Peningastefnuna á að endurskoða

**EFNAHAGSMÁL** „Ég hef ekki farið leynt með þá sköpun mína að eitt af forgangsverkefnum næstu ríkisstjórnar á að vera umsókn um aðild að Evrópusambandinu og upptaka evru,“ segir Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra. Hún flutti ræðu á ársfundi Seðlabankans í gær.

Samhliða aðildarviðræðum vill Jóhanna að leitað verði samninga um hvort og hvernig Seðlabanki Evrópu gæti stutt við gengi krónunnar þar til unnt verði að taka hér upp evru. „Ljóst er að hvers kyns samvinna við Seðlabanka Evrópu myndi auka trúverðugleika Seðlabanka Íslands og gera honum auð-

veldara að ná fram markmiðum sínum um stöðugleika,“ segir hún og bendir á að þjóðir á borð við Dani, sem ekki hafi tekið upp evru, hafi notið aðstoðar Seðlabanka Evrópu. „Og bankinn hefur aðstoðað aðrar þjóðir, svo sem Ungverja, í þeirra erfiðu aðstæðum.“

Þá kveður Jóhanna tíma kominn á endurskoðun peningastefnunnar. „Ég hef því ákveðið að fela nýrri peningastefnufnd Seðlabankans að fara yfir kosti og galla þess að breyta peningastefnunni og gera tillögu til stjórnvalda með hliðsjón af því mati. Jafnframt tel ég rétt að Seðlabankinn leggi mat á hvernig við getum stigið mikilvæg skref

til þess að koma okkur út úr verðtryggingunni.“

Auk þessa boðar Jóhanna að farið verði að tillögum finnska bankasérfræðingsins Kaarlos Jänneri og þegar verði á vegum forsætisráðuneytisins undirbúnar tillögur um að færri ráðuneyti hafi með löggjöf á sviði fjármálamárkadaðar að gera. Þá eigi sem fyrst eftir kosningar að setja á fót nefnd sem kanni kosti og galla aukins samstarfs milli Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins eða sameiningar stofnananna.

Svein Harald Öygard seðlabankastjóri kveðst fylgjandi slíkri sameiningu, sem sé í takt við þróun



Á ÁRSFUNDI Í GÆR Svein Harald Öygard seðlabankastjóri, Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra, Ragnar Arnalds seðlabankaráðsmaður og Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra.

eftirlitsmála á fjármálamörkuðum í öðrum löndum. - óká



ERIC HOLDER Dómsmálaráðherra Bandaríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Minnisblöð um pyntingar: Vonbrigði með afstöðu Obama

**BANDARÍKIN, AP** Jafnt mannréttindasamtök sem fyrrverandi fangar Bandaríkjahers leyndu ekki vonbrigðum sínum með yfirlýsingu Baracks Obama um að starfsmenn leyniþjónustunnar CIA verði ekki sóttir til saka þótt sannað verði að þeir hafi stundað pyntingar.

Minnisblöð leyniþjónustunnar um pyntingaraðferðir voru birt opinberlega á fimmtudag. Þar kemur fram að við yfirheyrslur höfðu starfsmenn leyniþjónustunnar heimild yfirboðara sinna til að beita fanga harðræði og pyntingum.

Obama brást við með því að fordæma pyntingarnar, en segja leyniþjónustumennina samt ekki þurfa neitt að óttast. - gb

### AKUREYRI

#### Sumarnám í HA

Ákveðið hefur verið að bjóða upp á sumarnámskeið í Háskólanum á Akureyri í sumar. Áætlunin um þau námskeið var kynnt fyrir háskólaráði í gær. Alls eru þetta 32 námskeið en einnig er boðið upp á að taka próf í 150 námskeiðum í ágúst. Í tilkynningu frá skólanum segir að þetta sé gert til að koma til móts við óskir nemenda.

### LEIÐRÉTTING

Í Fréttablaðinu í gær var sagt að Eiríkur Tómasson væri prófessor við Háskólann í Reykjavík. Það er rangt. Eiríkur er prófessor í lögum við Háskóla Íslands.

# Eftirlit aukið með gjaldeyrishöftum

Svipaðar reglur verða um eftirlit með gjaldeyrishöftum og með peningabætti. Seðlabankinn eykur eftirlit. Forgangaðgerðir efnahagsmála þær sömu hvort sem er með krónu eða án. Vinna á skýrslu um mismunandi gengisfyrirkomulag.

**EFNAHAGSMÁL** „Almennt lít ég svo á að allar helstu forgangaðgerðir í peninga- og ríkisfjármálum næsta árið séu að meira og minna leyti þær sömu, án tillits til þess hvort Íslendingar kjósa að nýta sér kerfi sveigjanlegs gengis á grundvelli krónunnar eða taka upp annað gjaldmiðilsfyrirkomulag eins og með aðild að myntbandalagi Evrópuríkja,“ segir Svein Harald Öygard seðlabankastjóri. Hann fór yfir stöðu og horfur í efnahagsmálum og aðstedjandi verkefni Seðlabankans í ræðu á ársfundi bankans síðdegis í gær.

Seðlabankastjóri upplýsti að bankinn vildi leggja sitt af mörkuðum til opinberrar umræðu og væri því unnið að því að uppfæra skýrslu bankans frá 1997 um aðdraganda og áhrif stofnunar Efnahags- og myntbandalags Evrópu (EMU). „Á sama hátt verður unnin rannsóknarskýrsla um kosti og galla mismunandi gengisfyrirkomulags, þar á meðal inngöngu í EMU. Lykilþáttur í þessari greiningu verður spurningin um hlutverk krónunnar við að draga úr hagsveiflum eða sem sjálfstæð uppspretta sveiflna.“

Brýnustu verkefni hagstjórnarinnar segir Svein Harald að hafa hemil á verðbólgu og stuðla að stöðugu gengi krónunnar. Í þessu ferli segir hann gjaldeyrishöftin illa nauðsyn og herði nú Seðlabankinn enn frekar eftirlit sitt með því að farið sé að settum reglum í þeim efnunum. „Komið verður á fót nýrri eftirlitseiningu og reglum verður breytt á þann veg að bönkum verði skylt að til-



SEÐLABANKASTJÓRI Í PONTU Svein Harald Öygard seðlabankastjóri flytur erindi á ársfundi bankans síðdegis í gær. Hann segir að í Seðlabankanum hafi verið ráðist í rannsóknir á gildi þess að notast við krónu sem mynt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

kynna meint óleyfileg viðskipti, með líkum hætti og kveðið er á um í reglum Evrópusambandsins um peningabætti.“

Svein Harald segir áhættusama leið að lækka stýrivexti mjög hratt og að of mikið hafi verið gert úr áhrifum stýrivaxtanna á vaxtagreiðslur úr landi vegna erlendra skuldabréfaeignar hér á landi. Hann segir betra að fara aðra leið, ekki jafnáhættusama, og að á næstu mánuðum eigi að vera hægt að ná fram fimm af meginforsendum fyrir verulegri lækkun stýrivaxta.

Hann segir að hrinda þurfi í framkvæmd áætlun um aðlögun ríkisfjármála og skapa traust á því að Íslendingar séu í stakk búinir til að takast á við skuldastöðu hins opinbera. Þá verði að ljúka endurskipulagningu og endurfjármögnun bankakerfisins, nýta afgang á viðskiptum við útlönd til að greiða niður uppsafnaðar skuldir, aflétta gjaldeyrishöftum í áföngum og ljúka samningaviðræðum um tvíhliða lán, öðrum samningaferlum og endurskoðun Alþjóðagjalddeyrissjóðsins. olikr@frettabladid.is

## Rekstrargjöld Sí tvöfölduðust: 1,1 milljarður króna í ráðgjafa

**EFNAHAGSMÁL** Rekstrargjöld Seðlabanka Íslands tvöfölduðust á árinu 2008, fóru úr 1,5 milljórum króna árið áður í 3,0 milljarða.



LÁRA V. JÚLÍUSDÓTTIR

Fram kom í máli Láru V. Júlíusdóttur, formanns bankaráðs Seðlabankans á ársfundi hans í gær, að mikil kostnaðaraukning skrifist á umsvif vegna falls fjármálakerfisins á árinu. Þannig hafi ráðgjafarkostnaður vegna hrunsins numið 1,1 milljarði króna.

Lára fór yfir starfsemi bankans á árinu, sem hún taldi að yrði lengi minnst fyrir hremmingarnar á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. - óká

## Kaupþing Edge-reikningar: Kaupþing átti fyrir kröfunum

**VIÐSKIPTI** „Ánægjulegt er að geta upplýst hér að eigur Kaupþings nægja til að gera upp við þýska innstæðueigendur,“ sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra í ræðu sinni á ársfundi Seðlabankans í gær. Skuldbindingar vegna Kaupþing Edge-reikninganna lenda því ekki á íslenskum skattgreiðendum.

Upphæðin sem um ræðir er um það bil 330 milljónir evra, eða rúmlega 55 milljarðar íslenskra króna.

Í tilkynningu skilanefndar Kaupþings segir Steinar Þór Guðgeirsson formaður hennar niðurstöðuna afar ánægjulega, en áréttar um leið að innstæðueigendur séu aðeins hluti kröfuhafa og skilanefndin muni „áfram leggja áherslu á að hámarka virði eigna bankans“. - óká

**Norrænt velferðarsamfélag**  
Tryggjum jafnan aðgang að góðri heilbrigðisþjónustu, grunnheilsugæslu og menntun. Föllum frá frekari einkavæðingu og aukinni gjaldtöku í velferðarkerfinu og eflum lýðheilsu, heimaþjónustu og heimahjúkrun.

**VINSTRÍ GRÆN**  
-vegur til framtíðar

### VEÐURSPÁ

**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**HLÝINDI ÁFRAM**  
Í dag vex vindur smám saman sunnan og vestan til af suðaustri. Undir kvöld verður vindur víðast orðinn 8-13 m/s. Lítilsháttar væta verður sunnan og vestan til í fyrstu en vaxandi væta vestan til á landinu seint í dag eða kvöld. Norðan- og austanlands verður þurr og sæmilega bjart verður á landinu norðanverðu.

**Á MORGUN** 5-15 m/s hvassast allra syðst  
**MÁNUDAGUR** 13-20 m/s

**HEIMURINN**

Alicante	19°
Amsterdam	18°
Basel	10°
Berlin	17°
Billund	14°
Eindhoven	16°
Frankfurt	16°
Friedrichshafen	16°
Gautaborg	12°
Kaupmannahöfn	13°
Las Palmas	22°
London	17°
New York	23°
Orlando	27°
Ósló	9°
Paris	10°
Róm	19°
Stokkhólmur	6°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.



# VELFERÐ FYRIR HEIMILIN

VIÐ SEGJUM *FYRIR* KOSNINGAR HVAÐ VIÐ VILJUM GERA *EFTIR* KOSNINGAR

## Petta höfum við gert

Síðan **Vinstri græn** tóku sæti í ríkisstjórn fyrir 76 dögum höfum við m.a. gert þetta fyrir heimilin:

### Tryggt að enginn missi húsnæðið

- Hækkað vaxtabætur um 25%.
- Stöðvað öll nauðungaruppboð.
- Komið á greiðslujöfnun gengistryggðra lána og greiðsluáðlögun fyrir þá sem verst eru settir.

### Aukið fjárhagslegt svigrúm heimilanna

- Opnað fyrir útgreiðslu séreignarlífeyrissparnaðar.
- Fellt niður innritunargjöld á sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir.
- Aukið réttindi sjálfstætt starfandi einstaklinga og námsmanna til að komast á atvinnuleysisrá.

### Varið velferð og skóla

- Staðið vörð um góða og ódýra þjónustu á sjúkrahúsum og heilbrigðisstofnunum.
- Komið í veg fyrir aukna gjaldtöku í skólum landsins.
- Gert námsmönnum kleift að stunda lánshæft nám í sumar í stað þess að þiggja bætur.

## Petta ætlum við að gera

Með áframhaldandi ríkisstjórn **Vinstri grænna** höldum við áfram að verja velferð fyrir heimilin í landinu. Við viljum:

### Norrænt velferðarsamfélag

- Tryggja jafnan aðgang að góðri heilbrigðisþjónustu, grunnheilsugæslu og menntun og falla frá frekari einkavæðingu og gjaldtöku í velferðarkerfinu.
- Taka upp réttlátara skattkerfi þar sem skattbyrðinni er dreift þannig að lágtekju- og millitekjufólki sé hlíft við skattahækkunum.
- Taka upp gjaldfrjálsar og hollar skólamáltíðir í grunnskólum landsins svo kreppan bitni síður á heilsu og daglegu umhverfi barna.

### Minnka vaxtabyrði húsnæðislána

- Lækka vexti umtalsvert og hratt á næstu mánuðum.
- Endurskoða forsendur fyrir útreikningum vísitölugrunnsins og afnema verðtryggingu í áföngum.
- Þjóða óverðtryggð íbúðalán og lengja lánstíma verðtryggðra lána.
- Skoða þann möguleika að frysna tímabundið hluta hækkunar höfuðstóls verðtryggðra fasteignalána.

### Nýta krafta allra

- Efla þjónustu og uppbyggileg úrræði fyrir atvinnulausa til að tryggja velferð og samfélagslega þátttöku fólks sem misst hefur vinnuna.
- Nýta fjármuni hins opinbera í að skapa störf og tækifæri til menntunar.
- Tryggja jafnframt að atvinnuleysisbætur dugi til framfærslu.



**VINSTRI GRÆN**  
–vegur til framtíðar  
[www.vg.is](http://www.vg.is)





Ekur þú á bíl á nagladekkjum?

Já	33,6%
Nei	66,4%

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

Ert þú sátt(ur) við að ekki verði gerðar breytingar á stjórnarskrá fyrir kosningar?

Segðu þína skoðun á visir.is

Endurskoðun á sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins:

# Fulltrúi Íslands vinnur að endurskoðun

**SJÁVARÚTVEGUR** Stefán Ásmundsson, skrifstofustjóri alþjóðaskrifstofu sjávarútvegsráðuneytisins, hóf störf hinn 1. apríl í Brussel sem sérfræðingur Íslands við endurskoðun fiskveiðistefnu Evrópusambandsins. Endurskoðuninni á að vera lokið fyrir 2012, en Stefán mun starfa í Brussel næstu tvö árin. Hann verður áfram á launum hjá íslenskum stjórnvöldum.

Sigurgeir Þorgeirsson, ráðuneytisstjóri sjávarútvegsráðuneytisins, segir að Evrópusambandið hafi leitað eftir því í fyrravor að ráðuneytið skipaði sérfræðing við endurskoðunina, á sviði sem ekki

sneri að fiskveiðimálum. Því hefði ekki verið hafnað, en leitað hefði verið eftir því að fá frekar að skipa sérfræðing í fiskveiðimálum. Það hefði verið samþykkt í janúar á þessu ári.

„Stefán er beinn þátttakandi í endurskoðuninni. Það mun nýtast hvort heldur sem kemur til aðildar að Evrópusambandinu eða ekki.“ Sigurgeir bendir á að hvort sem Ísland verði aðili að ESB eða ekki muni Íslendingar geta haft áhrif á framtíðarfiskveiðistefnu ESB í gegnum þessa vinnu. - ss

**STEFÁN ÁSMUNDSSON**  
Fulltrúi Íslands við endurskoðun sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins.



Maður á fimmtugsaldri:

# Barði konu og nefbraut hana

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fimmtugsaldri hefur verið ákærður fyrir að berja konu í andlitið á veitingastað.

Atvikið átti sér stað á veitingastaðnum Ránni í Reykjanesbæ. Konan, sem er af erlend-um uppruna, nefbrotnaði við árásina, hlaut brot á augntóttargólfi hægra megin og glóðarauga beggja vegna.

Ákærvaldið krefst þess að maðurinn verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Konan gerir skaðabótakröfu upp á tæpar 600 þúsund krónur.

- jss

Nefnd um sveitarstjórnir:

# Reynt að jafna kynjahlutföll

**JAFNRÉTTISMÁL** Samgönguráðherra hefur sett á fót starfshóp sem á að vinna að því að jafna betur stöðu kynjanna í sveitarstjórnum við kosningar á næsta ári. Í tilkynningu segir að enn halli verulega á konur í sveitarstjórn-um landsins. Þær séu nú 36 prósent sveitarstjórnarfulltrúa og í fimm sveitarstjórnunum á landinu séu engar konur.

Hópurinn á að skila tillögum fyrir 1. júlí í ár um það hvaða leið sé best að fara í þessum efnum. Ráðherra mun síðan ákveða frekari aðgerðir í framhaldinu. - sh

Drukinn ökukennari:

# Kenndi á bíl undir áhrifum

**BANDARÍKIN, AP** Verslunarmaður í í Salem í Massachusetts, gerði lögreglu viðvart þegar hann sá 53 ára ökukennara, Daniel Winsky, setjast inn í kennslubíleð sína, nýfarinn út úr verslun hans angandi af áfengi.

Winsky settist reyndar ekki undir stýri, en bar engu að síður ábyrgð á akstri nemandans síns.

Winsky var dæmdur í átján mánaða skilorðsbundið fangelsi, en má hvorki aka bifreið né stunda starf sitt næsta ári. - gb



**EYÐILEGGING Í ÞORPI** Tveir menn sitja á rústum húss í þorpinu Sherzad. NORDICPHOTOS/AFP

Jarðskjálfti í Afganistan:

# Á þriðja tug þorpsbúa létust

**AFGANISTAN, AP** Tveir jarðskjálftar urðu í austanverðu Afganistan í fyrrinótt. Leirsteinshús hrundu í fjórum fjallaþorpum í Nangarhar-héraði og fórust þar rúmlega tuttugu manns.

Á hverju ári verða tugir jarðskjálfta í Hindu Kush-fjöllunum. Flestir skjálftarnir eru minniháttar, en valda þó oft skemmdum og jafnvel manntjóni vegna þess hve leirsteinshúsin eru viðkvæm fyrir skjálftum.

Skjálftarnir í fyrrinótt mældust 5,5 og 5,1 stig. Sá fyrri varð um klukkan tvö að staðartíma en hinn tveimur klukkustundum síðar. - gb

# Pirate Bay-menn dæmdir í fangelsi

Fjórir aðstandendur skráaskiptisíðunnar The Pirate Bay voru í gær dæmdir af sænskum dómstól til árs fangelsisvistar og til að greiða stórfyrirtækjum afþreyingariðnaðarinnar háar fjársektir. Sakborningarnir hyggjast áfrýja dómnum.

**SVÍÐJÓB, AP** Fjórir aðstandendur skráaskiptisíðunnar The Pirate Bay voru í gær dæmdir í árs fangelsi og háar fjársektir af dómstól í Stokkhólmi. Fjórmenningarnir voru sakfelldir fyrir brot á sænskum lögum um vernd höfundarréttar með því að hjálpa milljónum tölvunotenda að hlaða tónlist, kvikmyndum og tölvuleikjum niður af Netinu endurgjaldslaust.

Dómurinn þykir marka tíma-mót. Samkvæmt honum skulu hinir dæmdu, Gottfrid Svartholm Warg, Peter Sunde, Fredrik Neij og Carl Lundström, sæta árs fangelsi og greiðslu 30 milljóna sænskra króna, andvirði um 450 milljóna íslenskra, á skaðabætur til afþreyingarísafyrirtækjanna Warner Bros., Sony Music Entertainment, EMI og Columbia Pictures.

Giskað er á að um 22 milljónir tölvunotenda hafi nýtt sér þjónustu The Pirate Bay. Stórfyrirtæki afþreyingarbransans hafa um nokkurt skeið litið á síðuna sem höfuðóvin sinn, eftir að þeim tókst eftir dómstólaleiðinni að loka Grokster, Kazaa og fleiri sambærilegum skráaskiptisíðum.

Lundström átti þátt í að fjármagna The Pirate Bay, en hinir þrír sakborningarnir önnuðust umsýslu síðunnar.

Verjendur fjórmenninganna höfðu farið fram á sýknudóm þar sem Pirate Bay-síðan vistar ekki sem slík höfundarréttarvarði efni. Hún sé aðeins vettvangur fyrir notendur síðunnar til að hlaða niður efni með svonefndum torrent-skrám. Sú tækni gerir notendum kleift að hlaða niður hlutum af stórum skráum frá mörgum öðrum notendum; þetta eykur niðurhlaðsluhraðann.

Í dómnum eru fjórmenningarnir fundnir sekir um að aðstoða



**TÍMAMÓTADÓMUR** Fréttamenn keppast um að komast yfir eintak af dómnum í máli Pirate-Bay-manna í Héraðsdómi Stokkhólms í gær. NORDICPHOTOS/AFP

notendur við að brjóta gegn höfundarrétti „með því að bjóða upp á vefsíðu með (...) háþrúðum leitaröguleikum, einfaldri niðurhlaðslu- og vistunargetu, og með eltilforritinu (tracker) sem er hlekkjað inn á af vefsíðunni“.

Dómarinn, Tomas Nordström, tók fram að rétturinn hefði tekið tillit til þess að síðan væri „rekin á viðskiptalegum forsendum“. Sakborningarnir hafa neitað því að nokkur viðskiptaleg markmið lægju að baki síðunni.

John Kennedy, forsvarsmaður Alþjóðasamtaka hljómplötuiðnaðarinnar, kallaði dóminn „góðar fréttir fyrir alla, í Svíþjóð sem um víða veröld, sem eru að reyna að framfleyta sér eða byggja rekstur á skapandi starfsemi og sem þurfa að vita að réttur þeirra sé verndaður af lögum.“

Sakborningarnir sögðu áður en dómur var kveðinn upp að yrðu þeir sakfelldir myndu þeir áfrýja.

audunn@frettabladid.is

**Félagið pitt**



## Aðalfundur Félags Íslenskra Síamanna

Verður haldinn fimmtudaginn 30. apríl kl. 18:15 á Stórhöfða 31. húsi Rafiðnaðarsambandsins, gengið inn að neðanverðu.

**Dagskrá:**

Venjuleg aðalfundarsörf.  
Önnur mál

*Félagsmenn eru hvattir til að mæta. Boðið verður upp á kaffi og meðlæti.*

Stjórn Félags Íslenskra Síamanna

[www.simamenn.is](http://www.simamenn.is)

## FORDÆMI FYRIR HEIM ALLAN

„Þetta er mikið fagnaðarefni fyrir alla réthafa,“ segir Snæbjörn Steingrímsson, framkvæmdastjóri Smáis, sem barist hefur gegn ólögumætri dreifingu á höfundarréttarvörðu efni. „Það sem er ánægjulegt er að það er gengið



**SNÆBJÖRN STEINGRÍMSSON**

Snæbjörn segir þrjú mál í farvatninu gegn aðstandendum íslenskra skráaskiptisíðna. Þeim hafi verið sendar aðvaranir en í engu svarað þeim. Þá séu kærur á næsta leiti. - sh

## ÓÁNÆGÐUR MEÐ ÞRÓUNINA

„Ég er ekkert ánægður með þessa niðurstöðu, að þriðji aðili sé sakfelldur fyrir gjörðir annarra,“ segir Svavar Lúthersson, sem fyrir skömmu laut í gras fyrir Smáis í dómsmáli. Þá var lögbann sett á vefsíðuna Istorrent, sem Svavar hélt úti, og skaðabótaskylda hans viðurkennd. Hann var jafnframt dæmdur til að greiða milljón krónur í málskostnað.



**SWAVAR LÚTHERSSON**

„Mér finnst þetta óeðlileg þróun. Þetta á náttúrulega eftir að fara fyrir Hæstarétt, eins og þeir á Pirate Bay hafa sagt, þannig að ég bara bið niðurstöðu hans. Ég vona að þeir snúi þessum dómi við,“ segir Svavar. „Ég hef lent í óréttlætunum þannig að ég get vel skilið þá. Þótt það séu ekki eins háar fjárhæðir í spilinu, þá hef ég verið á sama enda og þeir,“ segir hann. Svavar hefur ekki ákveðið hvort máli hans verður áfrýjað til Hæstaréttar. Það fari eftir kostnaði, enda þurfi hann að greiða fyrir málareksturinn sjálfur. Hugsanlegt sé að niðurstaðan í Stokkhólmi og mögulegt fordæmi hennar hafi áhrif á það hvort hann ákveður að áfrýja málinu. - sh



# Vinsælustu

## heimilistækin á frábæru verði

OPIÐ  
til **20**  
alla daga

Öll raftæki fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum

**PHILIPS**



*Gjafapakning  
fylgir með*



**Philips Senseo kaffivél HD7810SV**  
• 1450w Senseo kaffivél  
• Hellir upp á 1 eða 2 kaffibolla í einu  
• Hver bolli er ferskur og með lag af froðu  
• Tekur aðeins 30 sekúndur að laga  
• Auðvelt að hreinsa  
• Litur: Svört

**12.990<sub>kr</sub>**  
Verð áður 15.990

**9.990<sub>kr</sub>**

FRÁBÆRT VERÐ

**Melissa**

**Melissa blandari 646071**  
• 500w  
• 1,5 lítra  
• Blandar, mixar og kremur fljótt og vel  
• Tilvalin fyrir mjólkurhristinga, súpur, sósur  
• Tvær stillingar  
• Glerskál - þolir að kremja klaka  
• 3,0kg



**ide line®**



**Ideline heilsugrill 743179**  
• 800w  
• 6 Hitastillingar  
• Safnar fitu og safar í bakka  
• Litur: Silfur

**5.990<sub>kr</sub>**

FRÁBÆRT VERÐ

**Melissa**



**Melissa samlokugrill 643096**  
• 750w  
• Samlokugrill fyrir 2 sneiðar  
• Litur: Hvítur

**3.990<sub>kr</sub>**

FRÁBÆRT VERÐ

**Melissa**



**4.990<sub>kr</sub>**

FRÁBÆRT VERÐ

**Melissa hraðsuðuketill 645083**  
• 2200w  
• 1,5 lítra  
• Snúrulaus  
• Litur: Hvítur

**PHILIPS**



**7.990<sub>kr</sub>**

FRÁBÆRT VERÐ

**Philips kaffivél HD7448HV**  
• 1000w kaffivél  
• 1,3 lítra  
• Dropastoppari  
• Litur: Hvít

**Melissa**



**Melissa brauðrist 643074**  
• Brauðrist fyrir 2 sneiðar  
• 5 stillingar  
• Grind ofaná fyrir lítil brauð  
• Litur: Grátt/Burstað stál

**3.790<sub>kr</sub>**

FRÁBÆRT VERÐ

Gildir til 23. apríl eða á meðan birgðir endast.  
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð



## VEISTU SVARIÐ?



- 1 Hvaða leikari fékk að gjöf forlata einkennisbúning frá ónefndum aðdáanda sem hann mun klæðast í á leiksýningum?
- 2 Hver sló stigamet í lokaúrslitum úrslitakeppni í körfubolta?
- 3 Hver lagði fram tillögu í borgarráði um að bókhald frambjóðenda í prófkjöri verði opnað?

SVÖRIN ERU Á Síðu 66

## Síbrotaður sem stolið hefur öllu sem hönd á festir í gæsluvarðhald: Stal fatnaði öryggisvarða Securitas

**DÓMSMÁL** Síbrotaður hefur verið úrskurdaður í gæsluvarðhald til 11. maí. Hann hefur stolið öllu sem hönd á festi að undanförunni, meðal annars fatnaði öryggisvarða, sem var merktur Securitas, úr þvottahúsi. Hann var gómaður í stiga-gangi þar sem þvottahúsið er og sagðist þá vera að tína ánamaðka.

Maðurinn er grunaður um níu innbrot og þjófnaði á fáeinum dögum. Meðal mála sem eru til rannsóknar hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu eru innbrot og þjófnaður á síma og greiðslukortum úr herbergi á Fosshótelinu við Rauðarárstíg. Jafnframt þjófnaður greiðslukorta, síma og fjármuna

frá starfsmanni á öðru hóteli. Þá braust hann inn í íbúðarhúsnæði. Lögregla fann hann í hnipri bak við bíl rétt hjá húsnæðinu. Hann var með talsvert af skartgripum og stafræna myndavél í fórum sínum. Næst braust hann inn hjá Bændasamtökunum og er grunaður um að hafa stolið fartölvu.

Úr bílum stal hann sjónauka, lyfjaglas, afsali og sólgleraugum. Í þvottahúsinu stal hann svo fatnaði merktum Securitas. Þegar lögreglan handtók hann var hann kominn í buxur eins og öryggis-verðir klæðast.

Maðurinn hefur hlotið fjölmarga fangelsisdóma. -jss



**SECURITAS** Maðurinn skartaði buxum eins og öryggisverðir klæðast þegar lögreglan tók hann.

## Margir ungir atvinnulausir: Átján þúsund án atvinnu

**VINNUMARKAÐUR** Atvinnulausir eru nú alls tæplega 18 þúsund talsins á landinu öllu, riflega 11 þúsund karlar og 6.500 konur. Mest er atvinnuleysi á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu.

Atvinnuleysi var að meðaltali 7,1 prósent vinnuafslins á fyrsta ársfjórðungi þessa árs. Atvinnuleysið mældist 9,2 prósent hjá körlum og 4,8 prósent hjá konum. Mest mældist það meðal fólks á aldrinum 16-24 ára, eða 12,6 prósent. Þetta kemur fram hjá Hagstofu Íslands.

Atvinnulausum fylgjaði um 8.500 manns frá fyrsta ársfjórðungi 2008 til fyrsta ársfjórðungs á þessu ári. -ghs



**SONDHI LIMTHONGKULI** Varð fyrir skoti, en slapp lítt meiddur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Morðtilræði á Taílandi:

## Skotið á leiðtoga mótmæla

**TAÍLAND, AP** Tilraun var gerð til að myrða leiðtoga mótmælendahreyfingarinnar á Taílandi, sem á síðasta ári lokaði helstu flugvöllum landsins og hrakti þrjá forsætisráðherra frá völdum.

Sondhi Limthongkul var fluttur á sjúkrahús og gekkst undir aðgerð þar sem nokkur brot úr byssukúlu voru fjarlægð úr höfuðkúpu hans. Hann var hins vegar með fullri meðvitund og sagður við góða heilsu eftir aðgerðina.

Lögreglan brást skjótt við og jók viðbúnað sinn. Aðeins fáir dagar eru síðan annar hópur mótmælendna, andstæðingar núverandi stjórnar, hætti aðgerðum í höfuðborginni Bangkok. -gb

Aðild að ESB einu leiðina út úr gjalddeyrishöftum:

## CCP gætu þurft að flytja úr landi

**VIÐSKIPTI** Tölvufyrirtækið CCP gæti þurft að flytja höfuðstöðvar fyrirtækisins úr landi. Vilhjálmur Þorsteinsson, stjórnarformaður CCP, segir að fyrirtækið geti ekki búið við gjalddeyrishöft lengur en í um það bil tvö ár til viðbótar.

„Ef við erum að sjá fram á að gjalddeyrishöftin séu komin til að vera til lengri tíma, og engin leið út úr þeim vanda, kemur að því að félag eins og CCP þarf að flytja höfuðstöðvar sínar eitthvert annað,“ segir Vilhjálmur. Hann segir einu sjáanlegu leiðina út úr núverandi ástandi aðild að Evrópusambandinu.

CCP hannaði og framleiðir fjölþáttökutölvuleikinn Eve Online, sem hefur verið einn af vinsælustu tölvuleikjum þeirrar tegundar undanfarnar ár.

Vilhjálmur segir félagið vilja vera áfram hér á landi, en ekki sé hægt að búa við höft til langs tíma. Ekki sé verið að tala um að færa starfsmenn úr landi, en félagið verði að vera skráð í landi þar sem



**EVE ONLINE** CCP hannaði og viðheldur fjölþáttökutölvuleiknum Eve Online, sem er með um 292 þúsund áskrifendur um heim allan.

aðgengi sé að erlendu fjármagni.

„Við getum ekki verið lengi innan virkisveggja þar sem erlent fjármagn kemst hvorki inn né út,“ segir Vilhjálmur.

Gjalddeyrishöftin voru sett í kjölfar efnahagshrunningsins síðasta haust. Áætlanir gera ráð fyrir að þeim verði aflétt innan tveggja ára frá því þau voru sett. -bj



**MARGKLOFIN NIÐURSTÆÐA** Ágúst Ólafur Ágústsson, í miðju, ásamt öðrum nefndar-meðlimum á blaðamannafundi í Þjóðmenningarhúsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Ný stjórn setji ESB í forgang

ASÍ og fjögur stærstu aðildarfélög SA standa ásamt Samfylkingunni að séráliti við nýja skýrslu nefndar um þróun Evrópumála. Forgangsverkefni nýrrar ríkisstjórnar er að sækja um aðild að ESB.

**EVROÐUMÁL** Aðilar þverpólitískrar nefndar um þróun Evrópumála, sem skipuð var í tíð fyrri ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar, skiluðu fimm sérálitum við skýrslu nefndarinnar sem kynnt var á blaðamannafundi í gær.

Ágúst Ólafur Ágústsson, fyrrverandi varaformaður Samfylkingarinnar og annar tveggja formanna nefndarinnar, sagðist hafa óskað sér að unnt hefði verið að leggja fram sameiginlega niðurstöðu úr starfi nefndarinnar, en skoðanir væru einfaldlega of skiptar til að á því hefði reynst kostur.

Þrjú stjórnmalaflokkar – Sjálfstæðisflokkur, VG og Framsóknarflokkur – skila hver sínu sérálitinu og BSRB sínu. Hins vegar standa ASÍ, Samtök iðnaðarins, Viðskiptaráð Íslands, Samtök verslunar og þjónustu og Samtök ferðaþjónustunnar ásamt Samfylkingunni að sameiginlegu áliti þar sem því er lýst sem forgangsverkefni nýrrar ríkisstjórnar að skilgreina samningsmarkmið og sækja um aðild að Evrópusambandinu.

Ágúst Ólafur sagði það niðurstöðu þessara aðila að þetta væri lykilatriði í að skapa vænlegar forsendur fyrir endurreisn íslensks efnahagslífs, þar sem með því að stefna inn í ESB og evrópska myntbandalagið fengist „kærkomnið skjól í gjaldmiðilsmálum“.

Illugi Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks og hinn formaður nefndarinnar, færði rök fyrir séráliti sjálfstæðismanna, en í því er lagt til að látið verði á það reyna að íslensk stjórnvöld leiti liðsinnis Alþjóðagjalddeyrissjóðsins (AGS) til að fara þess á leit við Evrópusambandið að það heimili Íslendingum að nota evruna vegna þess neyðarástands í gjaldmiðilsmálum sem Íslendingar búi nú



**ÓSAMMÁLA** Ágúst Ólafur Ágústsson og Illugi Gunnarsson formenn nefndarinnar eru ekki sömu skoðunar um Evrópumál.

við. Tilefni þessarar tillögu er að AGS hefur lagt það til við Evrópusambandið að það heimili nýjustu aðildarríkjum sambandsins í Mið- og Austur-Evrópu að fá afnot af evrunni jafnvel þótt þau hafi enn ekki uppfyllt Maastricht-skilyrðin svonefndu. Illugi sagði „rangt að láta ekki reyna á þetta“.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, gaf lítið fyrir þessa tillögu sjálfstæðismanna; það væri fyrirfram ljóst að slík bönleið til AGS og ESB, án þess að lýsa yfir vilja til að ganga í ESB, yrði sneypuför.

Aðalsteinn Leifsson, lektor og annar fulltrúi Samfylkingar í nefndinni, vakti athygli á því að innan ESB gætti „stækkunarþreitu“. Eina umsóknarríkið sem nú hefði tímasettan ramma fyrir inngöngu í sambandið væri Króatía, sem gert er ráð fyrir að geti fengið aðild á árinu 2011 eða í síðasta lagi í ársbyrjun 2012. Legði Ísland fram aðildarumsókn fyrir haustið ætti það kost á að vera í samfloti við Króatíu inn í sambandið og væntanlegir aðildarsamningar beggja ríkja gætu fylgst að í gegnum fullgildingarferlið hjá hinum núverandi 27 aðildarríkjum ESB. Gerðist það ekki væri hætt við að Íslandi yrði sem umsóknarríki vísað aftur í biðröðina eftir aðild, sem gæti þar með frestast aftur fyrir árið 2015.

audunn@frettabladid.is



## Tökum vel á móti vorinu

Reykjavíkurborg hvetur borgarbúa til að taka höndum saman við að hreinsa til í borginni eftir veturinn og taka á móti vorinu með bros á vör. Reykjavíkurborg mun í ár ekki fjarlægja garðúrgang og greinaafklippur sem skilin eru eftir við lóðamörk. Kallað er eftir auknu frumkvæði og ábyrgð borgarbúa og vakin athygli á því að endurvinnslustöðvar Sorpu taka við garðaúrgangi og greinaafklippum íbúum að kostnaðarlausu.

### Hvetjum til dáða með eigin frumkvæði.

Með því að hreinsa rusl, snyrta tré og runna í garðinum okkar hvetjum við aðra til að taka til hendinni. Stígum skrefinu lengra og tinum rusl utan girðingar, við næsta göngustíg eða á nálægu útivistarsvæði. Hreinsunardagur í götunni eða í hverfinu býður upp á skemmtilega samveru. Notum hugmyndaflugnið og gerum tiltektina að skemmtilegu verkefni.

Nánari upplýsingar á [reykjavik.is/fer](http://reykjavik.is/fer) og í síma 411 1111.



Framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkurborgar | Borgartúni 12-14 | [www.reykjavik.is/fer](http://www.reykjavik.is/fer)





# Portúgal

– tekur vel á móti þér



VERÐ FRÁ  
**69.782 kr.**  
á mann í viku á íbúðarhótel.  
Bókaðu núna á  
[urvalutsyn.is](http://urvalutsyn.is)

Miðað við 2 með 2 börn í viku.



## Dom Pancho

★★★★

Brottför 20. júní

Gott 3 stjörnu íbúðarhótel, allt endurnýjað árið 2006. Staðsett 200 metra frá „Laugaveginum“. Stutt í alla þjónustu, verslanir, veitingastaði o.fl.

VERÐDÆMI

**69.782 kr.**

á mann miðað við 2 með 2 börn í 1 viku.  
2 fullorðnir 78.815 kr.



## Vila Galé Cerro Alagoa

★★★★★

Brottför 20. júní

4 stjörnu vel búið klassahótel með heilsulind, sundlaugum og veitingastöðum. Lífandi tónlist á kvöldin og skemmtilegt mannlíf í gamla bænum er í göngufæri.

VERÐDÆMI

**90.908 kr.**

á mann miðað við 2 með 2 börn í 1 viku með morgunverði.  
2 fullorðnir í herb. með morgunverði 96.924 kr.

Portúgal í allt sumar – vinsælasti áfangastaður Úrvals-Útsýnar

Áratuga reynsla Úrvals-Útsýnar og þaulreyndir fararstjórar tryggja farþegum okkar gott frí á frábæru verði. Gæða gististaðir í ýmsum verðflokkum, áhugaverðar skoðunarferðir í fallegri náttúru, menningar- og sögustaði að ekki sé talað um frábæra golfvelli. Það er fátt betra en frí á sólarströnd, þar sem blátær sjórinn og himininn renna saman í eitt. Óskafrí þar sem hægt er að hlaða batteríin í rólegheitum og koma heim með orku sem endist fram á vetur.



Úrval-Útsýn – Lágmúla 4 – Reykjavík – Sími 585 4000  
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting. Verð miðast við að bókað sé á netinu.  
Ef bókað er á skrifstofu eða símileiðis er bókanargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.



ÚRVAL-ÚTSÝN  
[www.urvalutsyn.is](http://www.urvalutsyn.is)





**SAMVERJINN OG SONUR HANS** Pessi góði Samverji á Vesturbakkanum í Palestínu leyfði syni sínum að hlýja sér á bænastund. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**GERVISLYS** Síðasta æfing af svipuðu tagi var árið 2004. MYND / VIKURFRÉTTIR

Viðbragðsæfing í Keflavík:

## Líkja eftir sprengjuhótun

**ÖRYGGI** Viðbrögð við sprengjuhótun og nauðlendingu verða æfð á Keflavíkurlflugvelli í dag. Keflavíkurlflugvöllur ohf. og lögreglustjórinn á Suðurnesjum efna til æfingarinnar í samvinnu við almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra. Líkt verður eftir sprengjuhótun um borð í flugvél sem endar síðan með slysi eftir landingu.

300 manns taka þátt í æfingunni og eru þeir meðal annars frá slökkviliði, lögreglu og Landhelgisgæslunni. - sh

# MP Banki hættur við kaup á SPRON

Stjórnarformaður MP Banka sakar Kaupþing um að hafa brugðið fæti fyrir bankann með fulltingi Seðlabankans. Hyggst kæra Kaupþing til Samkeppniseftirlitsins. Bankastjóri Kaupþings hafnar ásökunum um samkeppnishindranir.

**VIÐSKIPTI** Þrotabú SPRON verður af 800 milljónum króna eftir að MP Banki ákvað að falla frá samningi um kaup bankans á útibúaneti SPRON og Netbankanum.

„Það er algerlega ljóst að þessi kaupsamningur er niður fallinn, við getum ekki greitt 800 milljónir fyrir vörumerki banka sem verður lokaður í meira en mánuð,“ segir Margeir Pétursson, stjórnarformaður MP Banka.

Þótt áform MP Banka um kaup á útibúaneti SPRON hafi ekki gengið eftir breytir það ekki áformum bankans um að hasla sér völl á viðskiptabankasviðinu, segir Margeir. Nýjum netbanka MP Banka var hleypt af stokkunum í gær og mun bankinn opna útibú og hefja útgáfu greiðslukorta á næstunni.

MP Banki keypti útibúanet SPRON og Netbankann á 800 milljónir króna í lok mars, skömmu eftir yfirtöku ríkisins á SPRON. Innlán viðskiptavina SPRON voru færð til Nýja Kaupþings banka, og vonuðust forsvarsmenn MP Banka til þess að umtalsverður hluti fyrrverandi viðskiptavina SPRON flytti viðskipti sín aftur til bankans þegar útibúin opnuðu á ný.

Hlynur Jónsson, formaður skilaneftar SPRON, segir það vonbrigði fyrir kröfuhafa ef verðmæti tapist. Kaupi MP Banki ekki útibú SPRON og Netbankann verði þessar eignir líklega lagðar niður.

Kaup MP Banka á SPRON og

## KOMU EKKI Í VEG FYRIR KAUP Á SPRON

Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri Nýja Kaupþings banka, hafnar því alfarið að bankinn hafi komið í veg fyrir kaup MP Banka á útibúaneti SPRON.

Kaupþing benti á það strax eftir að bankinn tók við innlánunum SPRON að gefa ætti út skuldabréf á móti innlánunum áður en útibú SPRON yrðu seld, segir Finnur. Seðlabankinn og nú Fjármálaeftirlitið séu greinilega sama sinnis. „Það blasir við að tilgangurinn



**FINNUR SVEINBJÖRNSSON**

með því að opna undir heiti SPRON var að ná sem flestum viðskiptavinum í viðskipti aftur. Ef það hefði gerst í mjög miklum mæli hefði það haft ákveðinn óstöðugleika í för með sér,“ segir Finnur.

Hann bendir þó á að fyrrverandi viðskiptavinum SPRON sé frjálst að færa sín viðskipti frá Kaupþingi. Hann vonist þó til að bankinn geti boðið það góða þjónustu að viðskiptavinirnir kjósi að vera áfram í viðskiptum við Kaupþing.



... við getum ekki greitt 800 milljónir fyrir vörumerki banka sem verður lokaður í meira en mánuð.

**MARGEIR PÉTURSSON**  
STJÓRNARFORMAÐUR MP BANKA

Netbankanum voru gerð með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins og Fjármálaeftirlitsins. Samkeppniseftirlitið veitti þegar undanþágu til þess að kaupin gætu gengið eftir. Fjármálaeftirlitið frestaði málinu hins vegar ótímabundið með nýrri ákvörðun um þrotabú SPRON í gær.

Margeir segir MP Banka hafa verið reiðubúinn til að standa við kaupin í dag, en ljóst sé að vegna

ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins muni kaupin tefjast í að minnsta kosti mánuð til viðbótar.

Margeir segir augljóst að Kaupþing hafi brugðið fæti fyrir MP Banka og náð að tefja kaupin á SPRON. Kaupþing hafi óttast að missa viðskipti til MP Banka og tekist að sannfæra Seðlabankann um að hætta væri á áhlaupi á Kaupþing fengju viðskiptavinir SPRON val um að snúa aftur til SPRON.

„Það verður að láta á það reyna hvað Kaupþing getur gengið langt í að koma í veg fyrir samkeppni,“ segir Margeir. Hann segir að MP Banki muni kæra Kaupþing til Samkeppniseftirlitsins vegna samkeppnishindrandi aðgerða.

brjann@frettabladid.is



**Í GROSNI** Íbúar vonast til að stríðsástandi sé að ljúka. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tsjetsjenar fagna:

## Rússar segja hernaði lokið

**TSJETSJENIA, AP** Mikill fögnuður braust út í Tsjetsjeníuheraði í gær eftir að rússnesk stjórnvöld lýstu því formlega yfir að hernaði þeirra gegn hryðjuverkamönnum í héraðinu sé lokið. Búist er við því að fljótlega fari rússneskir hermenn að tínast burt úr héraðinu.

Rússar réðust fyrst inn í héraðið árið 1994 til að berjast við aðskilnaðarsinna. Þótt eiginlegum átökum hafi lokið fyrir nokkrum árum hefur ástandið verið eldfimt áfram og Rússar sakaðir um gróf mannréttindabrot. - gb

Upplýsingar um kosningar:

## Rafræn kjörskrá fyrir borgarbúa

**KOSNINGAR** Reykjavíkurborg hefur opnað fyrir rafrænan aðgang að kjörskrá í Reykjavíkorkjördæmunum tveimur fyrir komandi kosningar. Þar má slá inn kennitölu eða nafn og heimilisfang kjósenda og fá uppgefið í hvoru kjördæmanna tveggja hann býr, á hvaða kjörstað hann á að kjósa og í hvaða kjördeild. Kjörskrána má finna á vef Reykjavíkuborgar [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is).

Kosningarnar fara fram laugardaginn 25. apríl. Mörk kjördæmanna liggja eftir Hringbraut, Miklubraut og Vesturlandsvegi, og í gegnum Grafarholt. - sh





Landskjörstjórn fundaði vegna L-lista:

## Framboðin leyfð

**STJÓRNMÁL** Landskjörstjórn úrskurðaði á fundi sínum í gær að framboðslistar Lýðræðishreyfingarinnar í Reykjavíkurkjördæmum suður og norður væru gildir. Ástráður Haraldsson, formaður landskjörstjórnar, segir niðurstöðuna hafa komið eftir miklar umræður kjörstjórnarmanna. Lýðræðishreyfingin hafði kært úrskurð yfirkjörstjórna Reykjavíkurkjördæmanna, þar sem framboðslistarnir voru úrskurðaðir ógildir, til lands-



ÁSTÞÓR MAGNÚSSON

kjörstjórnar. Landskjörstjórn ógilti þann úrskurð. Þá krafðist hreyfingin þess að oddviti yfirkjörstjórnar Reykjavíkur norður, Erla S. Árnadóttir, viki sæti. Þeirri kröfu var hafnað af landskjörstjórn. Í þriðja lagi var þess krafist að kjörstjórnarmenn beggja yfirkjörstjórna í Reykjavík upplýstu um tengsl sín við stjórnmalaflokka og útrásarfyrirtæki. Þeirri kröfu vísaði landskjörstjórn frá.

-ss

Dæmdur til vistunar á viðeigandi stofnun:

## Nauðgaði tólf ára dreng

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið dæmdur í vistun á viðeigandi stofnun og til greiðslu skaðabóta vegna kynferðisbrots gegn dreng sem þá var tólf ára.

Stjúpfaðir drengsins leitaði til félagsmálayfirvalda eftir að grunur vaknaði um athæfið gegn drengnum.

Í Barnahúsi sagði drengurinn að hann hefði farið út að ganga með hund sem hann átti. Hundurinn hefði sloppið frá honum og maður byrjað að óskra á sig í framhaldinu. Drengurinn skildi íslensku ekki vel þar sem hann hafði verið búsettur erlendis. Hann kvaðst hafa reynt að biðjast afsökunar og maðurinn þá róast. Hann bauð drengnum pening fyrir nammi, sem sá síðarnefndi kvaðst ekki hafa kunnað við að þiggja. Maðurinn spurði hann þá hvort hann væri ekki til í að fara út með smá rusl fyrir



SELFLOSS Héraðsdómur Suðurlands á Selfossi kvað upp dóminn.

sig. Drengurinn samþykkti það og lokkaði maðurinn hann þá inn í hús til að sækja það. Þar kom maðurinn vilja sínum fram við fórnarlambið.

Maðurinn hefur verið í lækni-ismeðferð vegna geðsjúkdóms. Hann var dæmdur til að greiða drengnum 1,5 milljónir í miskabætur og tæpar tvær milljónir í sakarkostnað.

-jss

## Frambjóðendur á faraldsfæti

Frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi eru á ferð og flugi um helgina og verða viðstaddir eftirfarandi viðburði:

### Laugardagurinn 18. apríl

Morgunverðarspjall á Seltjarnarnesi, Austurströnd 3, kl. 10.00

Hádegisverðarspjall í Garðabæ, Garðatorgi 7, kl. 12.00

Kaffispjall í Hafnarfirði, Norðurbakka 1a, kl. 14.00

Kaffispjall á Álftanesi, Haukshúsum, kl. 15.30

### Sunnudagurinn 19. apríl

Hádegisverðarspjall í Kópavogi, Dalvegi 18, kl. 12.00

Kaffispjall í Mosfellsbæ, Háholti 23, kl. 14.00

Kosningaskrifstofur Sjálfstæðisflokksins á eftirtöldum stöðum eru opnar alla virka daga frá klukkan 16 - 22 og um helgar frá klukkan 10 - 17.

- » Norðurbakka 1a í Hafnarfirði
- » Austurströnd 3 á Seltjarnarnesi
- » Garðatorgi 7 í Garðabæ
- » Háholti 23 í Mosfellsbæ

Hlökkum til að sjá þig!



GÖNGUM HREINT TIL VERKS

XD

SJÁLFTÆÐISMENN Í SUÐVESTURKJÖRDÆMI » WWW.XD.IS

ÁLFTANES » GARÐABÆR » HAFNARFJÖRDUR » KJÓS » KÓPAVÖGUR » MOSFELLSBÆR » SELTJARNARNES

Kringlan


Opið til 18

Garðveislur, tónar og fallegir kjólar, sandalar, sundföt og gleraugu sólar.

NÝTT KORTATÍMABIL

Komdu í heimsókn





FÉLAG  
RAFEINDAVIRKJA  
STOFNAD 1968

## Aðalfundur Félags rafeindavirkja

Aðalfundur Félags rafeindavirkja verður haldinn miðvikudaginn 29. apríl 2009 kl. 17:30 að Stórhöfða 31, gengið inn að neðanverðu.

### Dagskrá:

Stafir lífeyrissjóður, kynning á stöðu sjóðsins  
Venjuleg aðalfundarsörf.  
Kosning fulltrúa á ársfund Stafa.  
Önnur mál

Kveðja  
Stjórnin

[www.where.is/frv/](http://www.where.is/frv/)

Auglýsingasími

512 50 50

Mest lesið

# Verðmæti sjávaraflla eykst um 40 prósent

Töluverðar breytingar eru á verðmæti sjávaraflla milli ára samkvæmt nýjum tölum Hagstofu Íslands. Veiking krónunnar hefur áhrif. Evran var í janúarlok helmingi dýrari en ári fyrr. Í mars dróst heildarafli saman en verðmæti jókst.

**SJÁVARÚTVEGUR** Aflaverðmæti íslenskra skipa nam 6,8 milljörðum króna í janúar 2009 samborið við 4,8 milljarða í janúar 2008, að því er fram kemur í nýjum tölum Hagstofunnar.

„Aflaverðmæti hefur því aukist um 1,9 milljarða eða 40,3 prósent á milli ára,“ segir þar. Munar þar að öllum líkindum mestu um áhrif af gengi krónunnar, en meðalvísitölugengi hennar í janúar var 214 stig á móti 124 í fyrra. Þannig kostaði ein evra 146 krónur í lok janúar síðastliðins, en 96 krónur ári fyrr. Þá getur nokkru munað á samsetningu aflans á milli ára.

Fram kemur að aflaverðmæti botnfisks hafi aukist um 45 prósent milli ára, verðmæti þorskafla um 69,5 prósent og karfafla um rúm 93 prósent. Verðmæti ufsafla jókst hins vegar bara um 4,9 prósent og aflaverðmæti ýsu dróst saman um 6,4 prósent.

Þá hefur Hagstofan einnig birt aflatölur marsmánaðar, en þar kemur fram að heildarfiskafli íslenskra skipa hafi verið rúmlega 108 þúsund tonn í mánuðinum, dregist saman um rúmlega 61 þúsund tonn miðað við mars í fyrra. „Engu að síður jókst heildarafli um 9,8 prósent á föstu gengi en ástæðan fyrir því er breytt samsetning heildarafllans. Botnfiskafli, sem er verðmætari afli, hefur verið að aukast á sama tíma og afli uppsjávarteg-



**LÖNDUN** Við löndun á smáysu á Vestfjörðum fyrir nokkru. Afli íslenskra skipa dróst saman í mars miðað við sama tíma í fyrra, þótt verðmæti aflans á föstu gengi hafi aukist um tæpa tíund.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

unda hefur dregist saman. Þannig jókst botnfiskafli um sex þúsund tonn í mars samanborið við sama mánuð fyrra árs og nam 60 þúsund tonnum en þar munar mestu um aukningu í þorskafla og karfa,“ segir í umfjöllun Greiningar Glitnis. Um leið er bent á að uppsjávrafli í mars hafi hins vegar dregist saman um 68 þúsund tonn á sama tímabili. „Þenn-

an mikla samdrátt má rekja til þess að engin loðna var veidd nú í mars vegna loðnueiðibanns en í mars á síðasta ári voru veidd 96 þúsund tonn af loðnu. Á móti kemur að veidd voru fimm þúsund tonn af gullepla í mars í ár en engin gullepla veiddist á síðasta ári. Þá jókst einnig kolmunnaafli um 39 þúsund tonn.“

ollikr@frettabladid.is

**Microsoft Dynamics AX**

Mannauðskerfi Microsoft Dynamics AX veitir þér nauðsynlega yfirsýn yfir mannauð fyrirtækisins

„Ég skil ekki hvernig fyrirtæki geta farið í gegnum vottun án þess að vera með svona frábært kerfi eins og mannauðskerfið í Dynamics AX. Kerfið veitir okkur nauðsynlega yfirsýn yfir starfsmannahópinn og allar upplýsingar um starfsmenn eru mjög aðgengilegar. Við notum kerfið meðal annars við greiningar og til þess að halda utan um réttindi, menntun og þróunaráætlanir starfsmanna.“

Ragnhildur Vigfúsdóttir, deildarstjóri starfspróunar hjá Landsvirkjun.

HUGUR / AX Guðríðarstíg 2-4 / 113 Reykjavík / Sími 545 1000 / [www.hugurax.is](http://www.hugurax.is)



**SJÚKRAFLUTNINGAR** Fyrirhugað er að breyta og bæta nám sjúkraflutningamanna.

## Sjúkraflutningaskólinn: Fimm hundruð á 41 námskeiði

**HEILBRIGÐISMÁL** Rúmlega fimm hundruð manns sótti 41 námskeið sem Sjúkraflutningaskólinn efndi til á síðasta ári. Þetta kemur fram í skýrslu um starfsemi skólans.

Mikil og vaxandi starfsemi ein-kennið rekstur skólans á liðnu ári og mikil og jöfn eftirspurn hefur verið eftir að komast á námskeiðin sem þar voru haldin. Þess utan hafa bæst við ný og fjölbreytileg verkefni sem falla undir starfsemi Sjúkraflutningaskólans.

Á árinu 2008 fór fram töluverð vinna vegna breytinga á námi sjúkraflutningamanna.

- jss

## Ársreikningur Garðabæjar: Sterk fjárhagsstaða bæjarins

**GARÐABÆR** Rekstrartekjur Garðabæjar á árinu 2008 námu 5.400 milljónum króna. Er það 246 milljónum króna hærra upphæð en áætlað var. Þetta kemur fram í tilkynningu frá sveitarfélaginu.

Enn fremur segir í tilkynningunni að fjárfestingar ársins hafi numið samtals 1.225 milljónum króna. Þar af hafi um 734 milljónir króna farið til fræðslu-, æskulýs- og íþróttamála.

Fram kemur að Garðabær búi að því nú á tímum óvissu í efnahagsmálum að hafa sýnt ráðdeildarsemi. Bærin eigi nokkurn varasjóð og búi við hóflega skuldastöðu.

- kg



Mótmæli í Ósló:

## Vilja vopnahlé á Srí Lanka

**NOREGUR** Nokkur þúsund norrænir tamilar mótmæltu stríðinu á Srí Lanka með göngu til norska utanríkisráðuneytisins og Stórþingsins og fundi í Vigelandsgarðinum í Ósló í gærmorgun. Tamilarnir krefjast þess að samið verði um vopnahlé á Srí Lanka.

Mótmælafundurinn var haldinn að frumkvæði norskra tamíla, að sögn norska Dagbladet, en þeir buðu tamílum frá Svíþjóð og Danmörku til þátttöku og sendu tamílar í þessum löndum sendinefnd sína á mótmælin. Fánar landanna þriggja blöktu við hún.

- ghs

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra segir mikilvægt að sumarstörfum verði ekki fækkað:

## 1.400 sumarstörf hjá Reykjavíkurborg

**ATVINNUMÁL** Sumarstörf á vegum Reykjavíkurborgar verða jafn mörg í ár og í fyrra, eða 1.400 talsins. Sunnudagurinn 19. apríl er síðasti dagurinn sem hægt er að leggja inn umsóknir um þessi störf. Þeir sem fæddir eru 1992 eða fyrr geta sótt um störf.

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra segir mikilvægt sumarstörfum hjá borginni verði ekki fækkað. „Upp á síðkastið hefur verið starfandi starfshópur um atvinnuöguleika framhalds- og háskólanema í sumar. Þar hafa verið skoðaðir möguleikar í samstarfi við sveitarfélögin, skóla-meistara og fleiri aðila, og fulltrú-

ar framhaldsskólanema hafa verið mjög virkir í því starfi. Hópurinn lýkur væntanlega starfi sínu í dag og líklega verður gengið frá þessu máli í næstu viku.“

Fyrr í vikunni var tilkynnt um aukna fjárveitingu til Lánasjóðs íslenskra námsmanna, sem megnar nú að sjá allt að 4.000 nemendum fyrir framfærsluláni vegna sumarnáms í Háskóla Íslands og fleiri háskólum. Katrín segir að með sumarnámi við háskólana náist að dekkja stóran hluta þeirra háskólanema sem annars hefðu verið án atvinnu í sumar. „Hvað varðar önnur störf fyrir þennan hóp er verið að ræða um störf á



**SUMARVINNA** Starfshópur um atvinnuúrræði nemenda kynnr niðurstöður í næstu viku.

vegum Nýsköpunarsjóðs námsmanna, lítinn sumarátakssjóð á vegum iðnaðarráðherra, sem í myndu fara um tíu milljónir, og

störf á borð við skógrækt og stíga-gerð sem kalla eftir sumarstarfsfólki,” segir Katrín Jakobsdóttir.

- kg



**LYFJA Í LÁGMÚLA** Maðurinn rændi lyfjum að verðmæti 126 þúsund krónur.

Maður á fertugsaldri ákærður:

## Rændi rítalíni eftir að hafa ógnað með öxi

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fertugsaldri hefur verið ákærður fyrir að ógna starfsfólki Lyfju í Lág- múla tvívegis með öxi og hafa í kjölfarið á brott með sér samtals 49 pakkningar af rítalíni. Heildarverðmæti lyfjanna sem maðurinn rændi var um 126 þúsund krónur. Bæði brotin framdi hann í byrjun þessa árs.

Í fyrra skiptið sem maðurinn ógnaði starfsfólkinu í Lyfju hafði hann hulið andlit sitt.

Ríkissaksóknari ákærir manninn og krefst þess að hann verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á öxinni. - jss

Orrustupotur yfir Akureyri:

## Vopnaðar þotur æfðu aðflug

**ALÞINGI** Danskar F16 orrustupotur sem staddir voru hér á landi við loftrýmisgæslu æfðu aðflug

á Akureyrarflugvelli 21. og 22. mars síðastliðinn. Þær voru vopnaðar vélbyssum og léttum flugskeytum.

Þetta kemur fram í svari Óssurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra við fyrirspurn Álfheiðar Ingadóttur, þingmanns Vinstri grænna, sem birt var á vef Alþingis í gær.

Nauðsynlegt er að æfa aðflug á Akureyrarflugvelli af öryggisástæðum, og verður sama fyrirkomulag haft á þegar aðrar þjóðir senda þotur til eftirlits.

- bj


### FINNLAND

#### Íslensk listahátíð

Íslenska listahátíðin Ur havet stiger landet, eða Ur hafinu rís landið, hófst í Vasa í Finnlandi í gær. Sautján íslenskir listamenn taka þátt í hátíðinni.

**Samfylkingin**

## Velferðarbrú fyrir heimilin



**Ný hagvaxtarspá Seðlabanka Íslands sýnir hvaða bil við þurfum að brúa.**

Velferðarbrú fyrir skuldsettar fjölskyldur er eitt mikilvægasta verkefni Samfylkingarinnar í ríkisstjórn. Brúin er samsett úr mörgum markvissum aðgerðum sem efla stöðu heimilanna og tryggja að þau sem komast í vanda fái aðstoð eftir þörfum. Þannig nýtum við takmarkaða fjármuni þjóðarinnar best.

#### Almennar aðgerðir

- Endurgreiðsla vaxta og verðtryggingar hækkuð um 70%. Vaxtabætur verða allt að 487 þús.kr. á ári fyrir hjón.
- Hjón geta fengið allt að 2 milljónir af séreignarsparnaði greiddar út.
- Dráttarvextir lækkaðir um 4%.
- Óskertar barnabætur þrátt fyrir skattaskuld.
- 10–20% lægri greiðslubyrði með greiðsluþöfnun verðtryggðra lána.
- 40–50% lægri greiðslubyrði með greiðsluþöfnun gengistryggðra lána.
- Frysting allra afborgana í allt að 3 ár heimiluð.

#### Sérstök úrræði fyrir fólk í alvarlegum skuldavanda

- Greiðsluáðlögun þar sem skuldir eru afskrifaðar eða aðlagðar greiðslugetu.
- Frestun nauðungaruppboda fram í október.
- Lengri aðfararfrestir, 40 dagar nú í stað 15.
- Aukinn stuðningur við fólk sem kemst í greiðsluþrot.
- Heimili ábyrgðarmanna varin og ábyrgð þeirra takmörkuð.

Vinna og velferð  
**XS**

Traust velferðarbrú er ábyrga lausnin á vanda skuldsettra heimila.

[www.xs.is](http://www.xs.is)





Sérhannaðir og styrktir fyrir íslenskar aðstæður  
Hægt að snúa bæði langsum og þversum









Sjá nánar í Sælureit bls. 8-11

**Pylsa og kók 99 kr**  
Ís 10 kr  
í Skútuvogi

## NÝTT - ÍSLENSK HÖNNUN

Skjólveggir fyrir íslenskar aðstæður

 88x88 sm 603315	 88x178 sm 603317	 178x178 sm 603312
<b>6.990</b>	<b>11.590</b>	<b>16.990</b>
 178x88 sm 603310	 88x118 sm 603316	 178x118 sm 603311
<b>10.890</b>	<b>7.990</b>	<b>13.590</b>

## TRYGGÐU ÞÉR EINTAK

Pantaðu Sælureitinn heim á [www.husa.is](http://www.husa.is) eða hringdu í síma 525 3000



**Tilboð**  
**990 kr/stk**  
aðeins fim-sun

**Pallaening, Justa**  
60x60 sm  
604300

## GOTT VIÐHALD Á PALLINUM

Gerðu sólpallinn eins og nýjan

**1 skref**  
Hreinsa pallinn með Jotun pallahreinsi



**3.499**

**Jotun Terrasserens, 5 ltr**  
er kröftugt hreinsiefni sem hreinsar upp og frískar viðarflæti, fjarlægir sveppagróður, sót, grillolíur, ryk o.fl.  
7158013

**2 skref**  
Bera Jotun pallaolíu á pallinn



**2.499**

Jotun Treolje er hægt að bera á allt niður í **-5°C**

**Jotun Treolje, 3 ltr**  
Langmest selda pallaolía á Íslandi. Pallaolía á gagnvarið efni. Fáanleg gullbrún, græn og blöndum einnig fjölda lita.  
7049123/33/37



Lestu þér til um Sýpris og aðrar barrtegundir á bls. 140-141 í Sælureit



**Sýpris 999 kr**  
100 sm



**Orkidea 1.499 kr**

## NÝTT

Garðhúsgögnin verða eins og ný með Benar



**1.999**  
~~2.249~~

**Benar Edeltreolje**  
0,75 ltr  
7053040

Sjá nánar í Sælureit bls. 94-95



Sólpallasmíði  
í Sælureit  
bls. 120-127

verð frá  
**199**kr/m

# PALLAEFNI

FÁÐU TILBOÐ Í PALLINN

Gagnvarin fura

21x95, lengdir 0.9 til 6.0 m  
621600

**199** kr/m

28x95, lengdir 0.9 til 4.5 m  
628601

**259** kr/m

Timburráðgjöf Grafarholti, Skútuvogi  
og í verslunum okkar um land allt.

# ÚT Í GARÐ



**Ruslavagn**  
Claber  
5081642

**Stigi/trappa**  
stigi 3,5 m, trappa 2m  
5078860



**11.499**



**Malarhrífa**  
5084290

**Laufhrífa**  
5084335



**Greinaklippur**  
HiPoint  
5084660

**1.299**



**299**

**10 stk**  
**Ruslapokar**  
10 stk  
2600536



ÓDÝRT

**1.499**

**Greinaklippur**  
HiPoint, 55 sm  
5084669



**1.699**

**Hekkklippur**  
HiPoint  
5084672



**499**

**Vinnuhanskar**  
Þjálir m/góðu gripi  
5886387-00



**4.699**

**Hjólbörur**  
Ravendo, 80 ltr  
5080038



**16.990**

ÓDÝRT

**Omega 200**  
3000235



x



Fráber saman





**BARACK OBAMA OG FELIPE CALDERON** Forsetar Bandaríkjanna og Mexíkó skáluðu í Mexíkóborg á fimmtudaginn. NORDICPHOTOS/AFP



**HINIR FORSETARNIR** Evo Morales Brasíliuforseti, Raul Castro Kúbuforseti og Hugo Chavez Venesúelaforseti hittust á fundi ALBA-samtakanna í Venesúela á fimmtudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Obama segir Kúbu eiga næsta leik

Leiðtogafundur Ameríkúríkja stendur yfir á eyjunni Trinidad. Hugo Chavez frá Venesúela er staðráðinn í að ræða við Barack Obama um málefni Kúbu. Samskipti Bandaríkjanna og Kúbu hafa verið í lágmarki undanfarnin fimmtíu ár, en gætu verið að skána.

**HAVANA, AP** Í gær hófst á eyjunni Trinidad í Karíbahafinu þriggja daga leiðtogafundur Norður- og Suður-Ameríkúríkja. Þangað mæta leiðtogar flestra ríkja álfanna, þar á meðal þeir Barack Obama Bandaríkjaforseti og Hugo Chavez frá Venesúela, en þó ekki Raul Castro Kúbuforseti, bróðir Fidels.

Chavez er hins vegar staðráðinn í að láta það verða sitt fyrsta verk á fundinum að ræða við Obama um málefni Kúbu.

Samskipti Bandaríkjanna og Kúbu verða væntanlega engu að síður í brennidepli fundarhaldanna, enda virðist sem þau muni batna verulega á næstunni. Bæði Obama og Castro hafa á síðustu dögum lýst yfir býsna ótvíræðum vilja sínum til þess að endur-

nýja tengsl ríkjanna, sem hafa verið nánast engin undanfarnin fimmtíu ár.

Í byrjun vikunnar afléttu Bandaríkjamenn að hluta þeim ströngu takmörkunum sem verið hafa á ferðum Bandaríkjamanna til Kúbu. Á fimmtudaginn sagði Obama síðan að nú væri framhaldið undir Kúbumönnum komið.

Innan fárra klukkustunda svaraði Castro því til að hann væri reiðubúinn til að ræða hvað sem er við Bandaríkjamenn, bæði í einkaviðræðum og opinberlega, þar á meðal „mannréttindi, fjölmiðlafrelsi, pólitíska fanga, allt.“

Þetta er fyrsta ferð Obama til rómönsku Ameríku síðan hann tók við embætti nú í ársbyrjun. Hann hóf ferðina reyndar á því

að skreppa til Mexíkó á fimmtudag, þar sem hann hitti Felipe Calderon forseta. Obama lýsti meðal annars yfir stuðningi sínum við baráttu Mexíkósjórnar gegn fíkniefnum.

Á fimmtudaginn hittust einnig í Venesúela leiðtogar hinna „rauðu“ ríkja rómönsku Ameríku, þar sem vinstrimenn eru við völd. Hugo Chavez, leiðtogi Venesúela, bauð til sín leiðtogum Kúbu, Bólvívu, Hondúras, Níkaragúa og Dóminíku, þar sem þeir bjuggu sig sameiginlega undir leiðtogafundinum á Trinidad.

- gb

**BEDIÐ EFTIR OBAMA** Þessar tvær tylltu sér á bekk í Mexíkóborg á fimmtudaginn og blöðuðu í bók um nýja Bandaríkjaforsetann á meðan þær biðu komu hans til borgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**Háskólinn  
á Akureyri**  
University  
of Akureyri

## KYNNTU ÞÉR FJARNÁM EÐA FRAMHALDSNÁM VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

LAUGARDAGINN 18. APRÍL VERÐUR FJARNÁM OG FRAMHALDSNÁM VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI KYNNT Á HILTON REYKJAVÍK NORDICA HÓTEL MILLI KL. 13-15. ALLIR VELKOMNIR.

DAGSKRÁ:

**KL. 13-14 KYNNING Á FJARNÁMI:**

Hjúkrunarfræði  
Iðjuþjálfun  
Kennarafræði  
Líftækni  
Sjávarútvegsfræði  
Umhverfis- og orkufræði  
Viðskiptafræði

**KL. 14-15 KYNNING Á FRAMHALDSNÁMI:**

Auðlindafræði  
Haf- og strandsvæðastjórnun\*  
Heilbrigðisvísindi  
Heimskautalögfræði  
Menntunarfræði  
Viðskiptafræði

\*kennt við Háskólasetur Vestfjarða

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 5. JÚNÍ

Nánari upplýsingar eru á [www.unak.is](http://www.unak.is) eða í síma 460 8000



## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

Fjöldi viðskipta: 35

OMX ÍSLAND 15  
224 +0,61%

Velta: 144 milljónir

OMX ÍSLAND 6  
663+1,13%

## MESTA HÆKKUN

↑ MAREL  
ÖSSUR +6,24%  
+0,98%

## MESTA LÆKKUN

↓ BAKKAVÖR -0,88%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 3,30 +0,00% ... Atlantic Airways 173,50 +0,00% ... Atlantic Petroleum 251,00 +0,00% ... Bakkavör 1,13 -0,88% ... Eik Banki 91,50 +0,00% ... Eimskipafélagið 1,00 +0,00% ... Føroya Banki 122,00 +0,00% ... Icelandair Group 5,00 +0,00% ... Marel Food Systems 54,50 +6,24% ... Össur 92,50 +0,98%

## viðskipti

Umsjón: MARKADURINN nánar á vísir.is

## Þriggja mánaða verðbólga í núllið

Gangi eftir verðbólguþá IFS greiningar fyrir aprílmánuð lækkar 12 mánaða verðbólga í 11,5 prósent og hefur þá ekki verið lægri frá í mars í fyrra. Spáin hljóðar upp á 0,1 prósent hækkingu vísitölu neysluverðs milli mánaða.

„Í mars mældist mesta verðhjöðun í einstökum mánuði í yfir 20 ár. Ef að spá okkar gengur eftir er 3 mánaða verðbólga núll prósent og hækking vísitölu neysluverðs frá áramótum aðeins 0,6 prósent,“ segir í spánni sem IFS Greiningar sendi frá sér í gær. „Samkvæmt verðkönnun okkar hækkaði verð á matvællum um eitt prósent í apríl sem hefur 0,12 prósent áhrif á vísitölu neysluverðs til hækkingar. Aðallega virðist verð á innfluttum matvællum hafa hækkað auk þess sem að páskasteik- in virðist hafa hækkað nokkuð.“ Fram kemur að kjötvörur hækki oftast fyrir

stórhátíðir. Þá er eldsneytisverð sagt hafa tekið nokkurn kipp samhliða lægra gengi krónunnar og hækkað um fimm prósent frá síðustu mælingu.

„Á móti hækkingu á matvællum og eldsneyti vegur lækkingu á fasteignaverði,“ segir IFS greiningar en í síðasta mánuði lækkaði reiknuð húsaleiga um 5,1 prósent. „Við búumst ekki við jafn mikilli lækkingu nú og í síðasta mánuði og spáum fjögurra prósent lækkingu.“ Þá kemur fram að verð á fatnaði virðist hafa hækkað á milli mánaða í kjölfar útsöluloka og er sú hækking sögð hafa 0,15 prósent áhrif á vísitölu neysluverðs.

Spáð er áframhaldandi hraðri verðbólguhjöðun, en hraði hennar ráðist af gengi krónunnar. „Ef gengi krónu verður veikt áfram mun það á endanum hafa víðtækari áhrif á verðlag en nú þegar er



**VIÐ ÆGISSÍÐU Í REYKJAVÍK** Verði krónan viðlíka veik áfram og síðustu daga hægir á hjöðun verðbólgu að mati IFS Greiningar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

orðið. Lækking verðbólgu gæti því orðið hægari en ef gengi krónunnar hefði hald- ið sér á þeim slóðum sem það var í byrjun mars.“ - óká



**Í BORGinni** Íbúðaverð hefur ekki lækkað jafnmikið milli mánaða á höfuðborgarsvæðinu síðan 1994. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Íbúðaverð lækkar meira en áður

Íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu hefur ekki áður lækkað jafnmikið milli mánaða og gerðist nú í mars frá því byrjað var að reikna vísitölu húsnæðisverðs árið 1994, að því er fram kemur í umfjöllun Greiningar Íslandsbanka.

Samkvæmt upplýsingum frá Fasteignaskrá Íslands lækkaði verðið um 3,8 prósent milli febrúar og mars. „Húsnæðisverð hefur nú lækkað samfellt undanfarna átta mánuði um samtals 8,1 prósent,“ segir greiningardeildin og bendir á að frá því húsnæðisverði náði hámarki haustið 2007 hafi það lækkað um 10 prósent að nafnvirði og 28 prósent að raunvirði.

Greiningardeildin segir þróunina ekki koma á óvart enda sé að baki uppsveifla sem drifin var áfram að stórum hluta af hækkingu íbúðaverðs. Þá gæti áhrifa offramboðs íbúða og minni greiðslugetu kaupenda. - óká

## Bermúda semur við Norðurlönd

Bermúda hefur skrifað undir átta nýja samninga um upplýsingagjöf í skattamálum.

Löndin sem um ræðir eru Danmörk, Svíþjóð, Finnland, Grænland, Ísland, Noregur og Færeyjar, auk Nýja-Sjálánda. Með þessum samningum er heildarfjöldi skattaupplýsingasamninga Bermúda kominn í ellefu.

Í tilkynningu OECD kemur fram að Bermúda hafi verið með fyrstu skattsvæðum til að fallast á alþjóðareglur um gegnsæi og upplýsingagjöf í skattamálum í maí 2000 og meðal ríkja sem komu að gerð sérstaks samkomulags um skattaupplýsingar milli ríkja árið 2002. - óká

## Skuldbindingar 42,4 milljarðar

Hefja á formlegt nauðasamningsferli Teymis 21. þessa mánaðar og ljúka því í júní samkvæmt áætlun sem kynnt hefur verið kröfuhöfum. Af þessum meðmæla fjórðungs lánardrottna með því að tilraun verði gerð til samninga. „Vonast er til að nægjanlegur meðmælendafjöldi fái fyrir 25. apríl,“ segir í kynningarefni félagsins.

„Nauðasamningsfrumvarpið gerir ráð fyrir að lánardrottinn fái kröfur sínar greiddar að fullu með nýjum hlutum í Teymi hf., eftir að núverandi hlutafé félagsins hefur áður verið fært niður að fullu.“ Fram kemur að frá því í fyrrahaust hafi skuldir Teymis tvöfaldast meðan virði félagsins hafi lækkað um meira en helming. Skuldir og ábyrgðir félagsins nema 42,4 milljörðum króna. - óká

## Notum skattkerfið til að skapa atvinnu

## Atvinnuleysi má aldrei festa sig í sessi á Íslandi

Viðreisn atvinnulífsins er nauðsynleg til þess að heimilin komist á réttan kjöl. Við eigum að grípa þau tækifæri sem í boði eru. Ísland er ríkt af náttúruauðindum og vel menntuðu fólki.

Okkar leið er að nýta skattkerfið til að hvetja fjárfesta og einnig að veita skattaafslátt til fyrirtækja sem ráðast í nýsköpunar- og þróunarverkefni.

Dorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins



GÖNGUM HREINT TIL VERKS

XD



Vanefndir á stefnuskrám:

## Helsta vonin?

PORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Ríkisstjórnin og stjórnarandstaðan eru sammála um eitt: Þjóðin á að lifa af sjávarútvegi og landbúnaði á komandi tíð. Með því að viðhalda krónunni sem fram-tíðargjaldmiðli verður fótunum kippt undan atvinnu-starfsemi sem byggist á jafnri samkeppnisstöðu og getur staðið undir endurreisn lífsskjaranna og gefið nokkra von um fjölgun starfa.

Að þessu leyti bjóða ríkisstjórnin og stjórnarandstaðan ekki upp á val milli ólíkra kosta í komandi kosningum. Hvorug fylkingin fylgir stefnu sem gengur upp, eigi þjóðin að eiga einhverja raunhæfa möguleika á að vinna sig út úr erfiðleikum.

Til viðbótar þessu hefur ríkisstjórnin lofað að afturkalla veiðheimildir útgerðarfyrirtækja og smábátasjómannanna á tilteknu árabili. Það lítur út fyrir að vera aðlögun að nýrri skipan, sem þó hefur ekki verið skýrð. Svo er þó ekki. Um leið og ákvörðunin er tekin fellur veðhæfi skipanna. Fyrirtækin og smábátasjómennirnir fara einfaldlega á hausinn. Líklegast er að bankakerfið fari einnig í þrot á ný.

Vel má þó vera að með öllu sé óþarft að hafa áhyggjur af þessum áformum. Tilgátan er sú að afleiðingarnar séu forystumönnum ríkisstjórnarflokkanna svo ljósar að þeim komi aldrei til hugar að framkvæma lofordin. Í sjálfu sér er engin ástæða til að vefengja jákvæða hugsun í þessa veru.

Ríkisstjórnin hefur nú ákveðið að afnema svokallaðan byggðakvóta og leyfa frjálshandfæraveiðar í staðinn. Markmiðið er að fjölga störfum. Sannleikurinn er þó sá að aðeins ein leið er til að fjölga störfum við fiskveiðar. Hún er sú að veiða umfram vísindalega ráðgjöf. Það verður í litlum mæli í fyrstu en eykst svo hröðum skrefum með kunnunum afleiðingum fyrir efnahaginn og lífríkið.

Það kostar mikla staðfestu að fylgja meginreglunni um sjálfbæra nýtingu. Nú á að gefa eftir á því sviði undir forystu Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs. Veiðiskipulag af þessum toga kallar einnig á offjárfeitingu. Hún verður óveruleg í byrjun en vex síðan hröðum skrefum. Afleiðingin er minni arðsemi og rýrari skatttekjur ríkissjóðs.

Þau áform sem ríkisstjórnin hefur í fiskveiðimálum eru skadleg hvort heldur horft er á þau frá sjónarhóli sjálfbærrar nýtingar eða rekstrarhagkvæmni. Það eru bara ríkar þjóðir með fiskveiðar sem aukabúgrein sem geta í félagslegum tilgangi leyft sér líffræðilegar og efnahagslegar æfingar af því tagi sem þessi stefnumörkun felur í sér.

Neikvæð afstaða útvegsmanna átti verulegan þátt í því að fyrirverandi stjórnarflokkar náðu ekki saman um aðild að Evrópska myntbandalaginu og Evrópusambandinu. Veruleikinn er þó sá að stefna núverandi ríkisstjórnar í fiskveiðimálum stefnir rekstri sjávarútvegsins í mun meira uppnám en sameiginleg fiskveiðistefna Evrópusambandsins. Var hagsmunamat útvegsmanna rétt?

Þegar öllu er á botninn hvolft er niðurstaðan þessi þverstæða: Helsta von fólksins í landinu er að ríkisstjórnin og stjórnarandstaða Sjálfstæðisflokksins skipti um skoðun í peningamálum og Evrópusambandsmálum. Enn fremur þarf fólk að geta treyst því að ríkisstjórnin efni ekki loford sín í sjávarútvegsmálum. Best væri þó að setja meira vit í stefnuskránnar fyrir kosningar.

## FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal [jk@frettabladid.is](mailto:jk@frettabladid.is) og Þorsteinn Pálsson [thorsteinn@frettabladid.is](mailto:thorsteinn@frettabladid.is) ADSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir [steinunn@frettabladid.is](mailto:steinunn@frettabladid.is). Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðlum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

## BYGGT OG BÚIÐ BÝÐUR TIL KAFFIHÁTÍÐAR

Afsláttur af ÖLLUM kaffivélum

Afsláttur af ÖLLUM kaffivörum

Kynningar á alls konar kaffivélum

Nýtt hjá okkur Francis Francis espressovélar

Byggt og búið kaffigræjubúðin þín og allt á afslætti.



Nýtt kortatímabil  
byggto**g**búið  
Kringlunni

Sími: 568-9400 • [www.byggtogetbuid.is](http://www.byggtogetbuid.is)

## FRÁ DEGI TIL DAGS

## Borgarahreyfingin ósátt

Borgarahreyfingin er ósátt við Ríkisútvarpið fyrir að neita henni um gjaldfrjálsar sjónvarpskynningar og telur að með því sé verið að þagga niður í nýjum framboðum. Ingólfur Bjarni Sigfússon, varafréttastjóri RÚV, svarar því til að þegar tvö framboð óskuðu eftir slíkri kynningu hafi RÚV kunnað áhuga meðal allra þingframboða. Hann hafi reynt dræmur og því verið ákveðið að bjóða ekki upp á slíkar kynningar í sjónvarpinu. Ingólfur Bjarni segir eitt af hlutverkum RÚV vera að tryggja jafnræði í ritstjórnarlegri umfjöllun. RÚV geti því ekki opnað dagskrá sína fyrir efni frá sumum framboðum en öðrum ekki.

## Jafnræðisrökin

Ríkisútvarpið getur fært margar málefnalegar ástæður fyrir að bjóða ekki upp á ókeypis sjónvarpskynningar þingframboða en jafnræðisrök Ingólfs Bjarna halda ekki vatni. RÚV myndi líka gæta fulls jafnræðis ef það byði öllum þingframboðum upp á gjaldfrjálsar sjónvarpskynningar, burtséð frá því hversu mörg myndu nýta sér það. Sú ákvörðun lægi hjá framboðnum sjálfum.

## Öflug áhrif

Nú bendir kannski einhver á að RÚV gæti vissulega jafnræðis með því að neita öllum um ókeypis kynningar-tíma. Það mætti hugsanlega til sanns vegar færa. En eins og varafréttastjóri RÚV bendir sjálfur á helgast sú ákvörðun fyrst og fremst af dræmum áhuga stærri framboðanna. Og það má færa gild rök fyrir því að með því að láta áhugaleysi stærri framboðanna ráða því hvort boðið sé upp á gjaldfrjálsar sjónvarpskynningar eða ekki, sé alls ekki verið að gæta jafnræðissjónarmiða – heldur þvert á móti grafið undan þeim.

bergsteinn@frettabladid.is



## Maðurinn með tjakkinn

Dæmisagan um manninn með tjakkinn fjallar um bílstjóra sem verður fyrir því óláni að dekk springur á bíl hans í Hvalfirði um miðja nótt. Bílstjórnin uppgötvar að enginn tjakkur er í bílnum en langt í burtu sér hann ljós á bóndabæ. Hann afræður að ganga af stað og freista þess að fá lánaðan tjakk. Á leiðinni fer hann að velta fyrir sér hvort bóndinn á bænum eigi nothæfan tjakk og, ef svo ólíklega vill til, hvort maðurinn sé þá fánlegur til að lána hann. Það er slagviðri, bílstjórnin er illa búinn og smám saman tekst honum að sannfæra sig um að bóndinn sé bölvður nirfill sem muni næsta örugglega taka illa á móti gestinum. Þegar hann kemur loks á bóndabæinn, blautur og kaldur, er hann orðinn svo æstur yfir eigin hugsunum að hann bankar í fússi á útidyrnar og hreytir framan í grandalausann manninn sem opnar: „Þú mátt eiga þinn helvítis tjakk sjálfur.“ Svo þrammar hann til baka niður heimreiðina án þess að frekari samskipti eigi sér stað.

## Biðleikurinn valinn

Afstaða hluta Íslendinga til Evrópusambandsins er sama marki brennd og afstaða bílstjórans í þessari sögu. Af óskiljanlegum ástæðum hræðast þeir fyrirfram samningaviðræður við sambandið. Fyrir skömmu birtist hér í Fréttablaðinu viðtal við Bjarna Benediktsson, verðandi formann Sjálfstæðisflokksins, sem sagði þar meðal annars: „Ég hef verið þeirrar skoðunar að



JÓN KARL HELGASON

Í DAG | Evrópumál

hagsmunum okkar sé betur borgið utan ESB vegna þess að ég er efasemdamaður um að það geti tekist ásætlanlegir samningar við ESB á sviði sjávarútvegsmála.“ Með öðrum orðum: „Þú mátt eiga þinn helvítis tjakk sjálfur.“

Í umræddu viðtali viðraði Bjarni þó andstætt viðhorf þegar hann sagði: „Rætt hefur verið um einhliða upptöku annarrar myntar, en ég tel að í gjaldmiðilmálum sé enginn valkostur við krónuna jafn sterkur og evran með ESB-aðild. Ég vil að við göngum hreint til verks í þessum málum og gerum upp á milli valkosta á næstu árum, en séum ekki að leika marga biðleiki. Ég er talsmaður þess að við tökum afstöðu til Evrópusambandsaðildar. Ég vil að þjóðin öll komi að því að taka afstöðu til þess hvort sé efnahagslegi stöðugleiki sem fengist með evru, sé eftirlitstærverður kostur með tilliti til þeirra fórna sem færa þarf.“

Því miður varð þessi heilbrigða afstaða ekki grundvöllur stjórn-málaályktunar Sjálfstæðisflokksins á landsfundinum sem haldinn var viku eftir að viðtalið við

Bjarna birtist. Flokkurinn valdi biðleikina. Tillaga sjálfstæðismanna um að þjóðin kjósi um það eftir ár hvort hún eigi enn síðar að fá tækifæri til að kjósa um aðildarsamning er einungis til þess fallin að drepa málinu á dreif.

## Tækifæri til að taka afstöðu

Nú dregur að kosningum. Óumdeilt er að ný ríkisstjórn stendur frammi fyrir vandasömum og brýnum úrlausnarefnum á vettvangi velferðarmála, efnahagsmála, peningamála og atvinnu-mála, auk þess sem nauðsynlegt er að leggja nýjar áherslur í þátt-töku þjóðarinnar í alþjóðasamstarfi. Aðild að Evrópusambandinu og þátttaka í myntsamstarfi Evrópuríkja eru ekki fljótvirkar tófralausnir en geta, ef ásætlanleg niðurstaða fæst úr aðildarviðræðum, lagt grunn að nauðsynlegum framförum á öllum þessum sviðum.

Ég er í hópi þeirra sem telja afar brýnt að þjóðin fái tækifæri til að taka upplýsta afstöðu til raunverulegra valkosta í þessu máli sem varðar í senn velferð einstaklinga og heimila, rekstrar-umhverfi fyrirtækja og stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna. Um er að ræða ákvörðun sem almenningur á lýðræðislegan rétt á að taka milliliðalaust sem allra fyrst. Ég hvet þá sem eru sammála að taka þátt í opinni undirskriftasöfnun á vefslóðinni [www.sammala.is](http://www.sammala.is).

Höfundur er dósent við Háskóla Íslands.

## Hagfræði andskotans II

## UMRÆÐAN

Gunnar Tómasson skrifar um verðtryggingu

Ígrein minni um verðtryggingu í Fréttablaðinu 15. apríl (Hagfræði andskotans) voru sett fram rök fyrir óhjákvæmilegum áhrifum verðtryggingar á hag skuldsettra launþega á tímum verðbólgu. Í svargrein sinni 17. apríl (Andskotinn og hagfræðin) tiltekur Guðmundur Ólafsson hagfræðingur tölfraðileg gögn og útreikninga sem eru fræðilegum forsendum umræddra áhrifa óviðkomandi. Slíkt vinnulag er ein ástæða þess að ég tel nútíma hagfræði vera rugl eins og Guðmundur nefnir.

Eitt sinn undirstrikaði Paul Samuelson, faðir nútíma hagfræði, mikilvægi vandaðs vinnulags með þessum orðum: „Fræðimaður á sviði hagfræði sem er ruglukollur í aðferðafræði getur eytt ævinni í baráttu við vindmyllur.“ [„A scholar in economics who is fundamentally confused concerning [methodology] may spend a life-time shadow-boxing with reality.“] Þar kemur vel á vandan því sú ríkjandi hagfræði [e. mainstream economics] sem Samuelson ruddi braut fyrir liðlega sextíu árum lagði grunninn að þeirri ríkjandi rúst sem er hagerfi Íslands og heimsins alls í dag.

Í minningargrein um John Maynard Keynes (Econometrica, júlí 1946) lét Samuelson að því liggja að farið hefði fé betra m.a. á þeim forsendum (a) að Keynes hefði ekki skilið eigin kenningar, (b) að hann hefði í öllu falli aldrei haft áhuga



GUNNAR TÓMASSON

á fræðilegri hagfræði, og (c) að Keynes hefði gagnrýnt hagmælingar (e. econometrics) án þess að bera skyn á viðfangsefnið. Hér er tekið djúpt í árinna vegna ágreinings um aðferðafræði. Keynes taldi kjarna „hagfræðinnar varða aðferðafræði en ekki kennisettingar, hún væri tæki hugans, hugsanatakni, sem auðveldar þeim sem hafa hana á valdi sínu að draga réttar ályktanir.“ [„It is a method rather than a doctrine, an apparatus of the mind, a technique of thinking, which helps its

possessor to draw correct conclusions.“]

Orð Keynes endurspeglar skilgreiningu á hagfræði sem John Stuart Mill taldi „vera ótvírætt eðli hennar að skilningi allra virtustu kennara hagfræði“.

[„Such is undoubtedly its character as it has been understood and taught by all its most distinguished teachers.“] Skilningur Samuelsons og Miltons Friedman er allt annar og endurspeglar m.a. í mót-leik Guðmundar Ólafssonar gegn þeim fræðilegu rökum sem liggja að baki umsögn minni um verðtryggingu sem Hagfræði andskotans.

Friedman talaði fyrir munn þeirra beggja þegar hann sagði röfkaðan málflutning vera aukatriði í umræðu um álitamál á vettvangi hagfræði. [„Logical completeness and consistency are relevant but play a subsidiary role.“] Rugl trompar því rök ef svo ber undir. Dómur reynslunnar verður þó ekki umflúinn, sbr. hið fornkvæða: Af ávöxtunum skuluð þér þekkja þá.

Höfundur er hagfræðingur.



## Það sem Síminn vill ekki að þú sjáir

Frá því í október 2008 hafa GSM áskrifendur í Vodafone Gull átt þess kost að fá 5 vini óháð kerfi á 1.580 kr. Innifaldar 1.000 mín. á mán. að verðmæti 14.800 kr.

### Við bjóðum:

- Lægra mánaðargjald 1.580 kr. (Síminn 1.990 kr.)
- Lægra mínútuverð 14,80 kr. (Síminn 14,90 kr.)
- Lægra upphafsgjald 5,40 kr. (Síminn 5,90 kr.)

Hringdu í 1414 og skráðu þig í Vodafone Gull strax í dag.

Við elskum þig fyrir minna



vodafone



Það er Sími





Kl.08:00-18:00

**World Class**

byður frían aðgang í heilsurækt og sund í 7 heilsuræktarstöðvum.

*World Class.*

Kl.08:30-23:00

**Humarskipið**

Humarskipið býður 50% afslátt af sinni girnilegu og fersku fiskisúpu. Útsýnið yfir höfnina og stemmingin er engu lík. *Humarskipið, Suðurbugt, Reykjavíkurhöfn.*

Kl.09:00-16:00

**Hvalalíf**

Hressandi sjóstangveiðitúr þar sem jafnframt verður siglt um sundin. Ferðin tekur 1,5 klst. Brottför kl 09:00,10:30 og 16:30. Fullorðnir 1.500 kr, 7-15 ára 990 kr, 0-6 ára fritt Kl 12:55-16:00 verður hefðbundin hvalaskoðun á sérstöku tilboðs-verði. Pantanir í síma 897-8433 eða á hvalalif@hvalalif.is *Hvalalíf, Suðurbugt, Reykjavíkurhöfn.*

Kl.09.00-17:00

**Hvalasetrið við Ægisgarð**

Fróðleikur um lífríki hafsins. *Hvalaskoðun Reykjavík / Elding.*

Kl.09:00-18:00

**Hellisheiðarvirkjun**

Glæsileg sýning um jarðfræði Íslands, uppruna jarðhitans og orkuvinnslu í jarðvarmavirkjunum. *Orkuveita Reykjavíkur, Hellisheiðarvirkjun.*

Kl.09:30

**Gengið á Esjuna**

Látum drauminn ræstast. Mountain Climbing - the nice and easy way í samstarfi við Allrahanda rútuferðir býður upp á göngu á Esjuna undir leiðsögn Guðrúnar Helgu Sigurðardóttur. Rófleg ganga. Áætlað er að gangan taki fjóra til sex tíma. *Brottför frá malarplaninu við Háskóla Íslands kl.09:30.*

Kl.10:30

**Gönguferð á Helgafell með Ferðafélagi Íslands**

Skemmtileg fjölskylduganga með fróðleik um jarðfræði og sögu. Brottför frá Mörkinni 6 Kl. 10:00. Einkabílar. Lagt af stað frá Kaldárseli kl 10:30. *Ferðafélag Íslands, mæting er við Helgafell.*

Kl.10:00

**Heiðmörk, fræðsluganga með leiðsögn**

Kristján Bjarnason, starfsmaður Skógræktarfélags Reykjavíkur gengur Fræðslustiginn. Gangan tekur um 2,5 til 3 klst. Trex – Hóplerðamiðstöðin býður upp á rútuferð kl.10:00 frá stóra bílplaninu framan við aðalbyggingu Háskóla Íslands og kl.10:10 frá Mjóddinni. *Mæting er við Elliðavatnsbæinn kl.10:30.*

Kl. 10:00-17:00

**Landnámssýningin Reykjavík 871±2**

Margmiðlunartækni er notuð til að útskýra byggingarlag húsa á víkingaöld. Með hjálp tölvutækni má ímynda sér hvernig lífi heimilisfólksins var háttað. *Landnámssýning - Minjasafn Reykjavíkur, Aðalstræti 16.*

KL.10:00-17:00

**Gjúfrasteinn - hús skáldsins**

Gjúfrasteinn var heimili og vinnustaður Halldórs Laxness og fjölskyldu hans um hálftrar aldar skeið en er nú safn þar sem öllu er haldið óbreyttu. *Gjúfrasteinn – hús skáldsins, Mostellsbæ.*

Kl.10:00-17:00

**Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús**

Fjölskylduleiðangur sem heitir Hvað er svona merkilegt við safn? Fræðsluáttvittin er skíssu- og verkefnabók um byggingarlist sem börn og fullorðnir geta leyst í sameiningu. Sýningar: Skuggadrengrur – heimur Alfreðs Flóka, fyrsta yfirlitssýning á teikningum Flóka um langt skeið. Elin Hansdóttir – Parallax, innetning Elinar Hansdóttur. Erró – Myndaspil, fjölskylduvæn sýning sem Ilmur Stefánsdóttir á veg og vanda að. D12 – Jeanette Castioni, sýningaröð þar sem vakin er athygli á efnilegum myndlistamönnum. Erró – Bentu í austur, bentu í vestur, sýning úr Erró-safneign Listasafns Reykjavíkur *Listasafn Reykjavíkur Hafnarhús, Tryggvagötu 17.*

# Feiða-fagnaður

Kl.10:00-18:00

**Sögusafnið Perlunni**

Sögusafnið færir þig nær andakti sögulegra atburða. 20% afsláttur af miðaverði. *Sögusafnið Perlunni.*

Kl.10:00-20:00

**Straumur**

Í Goðafræðamiðstöð Víkingahringrins í Straumi er Haukur Halldórs-son myndlistamaður að vinna risastórar veggmyndir úr Goðafræðinni. Umhverfi Straums er fagurt og eru gestir hvattir til að fara á gönguferð um nágrennið, fjöruna og hraunið og endilega að taka með sér nesti og njóta þess í salarkynnum Straums. *Straumur við Straumsvík.*

Kl.10:00-20:00

**Bláa Lónið**

Í telefni Ferðafagnaðar býður Bláa Lónið gestum sínum upp á 2 fyrir 1 af aðgang í Lónið. Börn 13 ára og yngri frá fritt í fylgd með forráðamönnum. *Bláa Lónið.*

Kl.11:00

**Eldfjöllin við Reykjavík - Mótun þeirra og nýting.**

Go Travel Iceland býður uppá ævintýraferð á jeppaslóðum í nágrenni borgarinnar. Í lok ferðar verður tekið á móti okkur í Helliðsheiðar-virkjun. 4x4 ferð, takmarkað sætaframboð. 1.500 kr. á mann. Ferðin hentar ekki ungum börnum eða fólki sem á erfitt um gang. Áætluð ferðalok um kl. 15:00 *Lagt verður af stað frá malarplaninu við Háskóla Ísland kl. 11:00 og frá Mjódd ca. 11:15.*

Kl.11:00 og 13:00

**Ferðamennska á fjöllum**

Íslenskir fjallaleiðsögumenn bjóða upp á erindi um ferðamennsku á fjöllum. Fyrirlesturinn tekur um 30 mínútur. *Kornhlöðuloftið, Bankastræti 2.*

Kl.11:00-15:00

**Fjallastemming**

Hægt verður að kynnst alvöru fjallastemmingu í miðbæ Reykjavíkur í boði Íslenskra fjallaleiðsögunanna. Þar verður eldhústjald og fjallamatur í boði. *Í brekkunni neðan við Humarhúsið.*

Kl.11:00-17:00

**Byggðasafn Hafnarfjarðar**

Opíð í fimm húsum safnsins. Pakkhúsið, Sívertsens-húsið, Beggu-búð, Sigðubær og Bungalóíð. Leiðsögn um sýningar í eftirlöndum húsum. Pakkhús og Beggubúð kl 14:30, Í Sívertsens-húsinu kl.15:30 og í Bungalóíinu kl 16:00. *Byggðasafn Hafnarfjarðar, Vesturgata 8.*

Kl.11:00-17:00

**Hafnarborg**

Guðrún Kristjánsdóttir sýnir málverk, ljósmyndir, og myndbandsverk auk þess sem umfangsmikil innetning verður til sýnis. *Hafnarborg - Menningar- og Listamiðstöð Hafnarfjarðar, Strandgata 34.*

Kl.11:00-17:00

**Listasafn Íslands**

Nokkrir vinir - afrakstur þeirrar gerjunar er varð meðal nokkurra ungra listamanna um sama leyti og Dieter Roth kom til landsins. *Listasafn Íslands, Frikirkjuvegi 7.*

Kl.11:00-17:00

**Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn**

Ljósmyndasýningin Jim Smart í 30 ár og hin árlega sýning Błaðaljósmyndarafélags Íslands Myndir ársins 2008. *Listasafn Kópavogs-Gerðarsafn, Hamraborg 4.*

Kl.11:00-17:00

**Þjóðmenningarhúsið**

Ísland: Kvikmyndir – þróun kvikmyndagerðar á Íslandi á árabilinu 1904 til 2008. Að spyrja Náttúruna – saga Náttúrugripasafnsins. Saga Náttúrugripasafns Íslands frá stofnun 1889. Á sýningu Stofnunar Árna Magnússonar í Íslenskum fræðum Handritin getur að líta nokkrar þjóðargersemar. Helmingsalsláttur á aðgöngumiðaverði. *Þjóðmenningarhúsið, Hverfisgötu 15.*

Kl.11:00-22:00

**Sjávarbarinn**

Sjávarréttir í öndvegi: Ferskt sjávarréttahlaðborð á 20% afslætti *Sjávarbarinn, Grandagarði 9.*

Kl. 11:30 og 13:30

**Sundasigling frá Ægisgarði**

30-40 mín sigling um sundin blá frá Gömlu höfninni í Reykjavík. Fullorðnir 1.000 kr., 7-15 ára 500 kr., 0-6 ára fritt *Elding, Ægisgarður.*

Kl.11:30-19:00

**Sushismiðjan**

Alltaf ferskt: Fimm bita bakki og gos á 750 kr. *Geirsgata 3 (verðúð 9).*

# Dagskrá laugardaginn 18. apríl 2009

# Höfuðborgarsvæðið

Kl.11:30-21:00

**Hamborgarabúlla Tómasar**

Alvöru búlla. Búlluteymið grillar hamborgara á dúndur búllutilboði. *Hamborgarabúlla Tómasar, Geirsgata 1.*

Kl.12:00

**Litbolti**

Skemmtigaðurinn í Grafarvogi býður upp á litbolta fyrir 15 ára og eldri á nýjum æsipennandi þemavöllum. Verð 1.900 kr. *Skemmtigaðurinn í Grafarvogi.*

Kl.12:00-15:00

**Ylströndin**

Ylströndin opin. Afnot af gasgrilli án endurgjalds.

*Ylströndin Nauthólsvík.*

Kl.12:00-21:00

**Fish & Chips**

Heilsa og fróðleikur: Hollur skyndibiti á sérstöku tilboði. *Fish & Chips, Tryggvagata 8.*

Kl.12:00-22:00

**Hótel Reykjavík Centrum**

Allir krakkar sem heimsækja okkur fá frían íspinna. Tilboð 1 Vaffla með rjóma og heitt súkkulaði kr. 490 Tilboð 2 Steikarsamloka með frönskum kr. 990 *Hótel Reykjavík Centrum, Aðalstræti 16.*

Kl.13:00

**Leiðsögn um Skólavörðuholt og Kvosina**

Gengið verður niður Skólavörðustíg og um Kvosina. Saga og þróun miðbæjarins, mannlífslýsingar og skemmtilegheit. Guðrún Þorkeldsdóttir sér um leiðsögn. *Gangan helst fyrir framan Hallgrímskirkju.*

Kl.13:00

**Undirheimar Laugardalsins**

Söguganga um Laugardalssvæðið, þar sem áhersla verður lögð á tæknisögu svæðisins. Leiðsögumaður er Stefán Pálsson sagnfræðingur og safnstjóri Minjasafns OR *Lagt af stað frá listaverkinu Fyssu í Grasagarðinum kl. 13:00.*

13:00, 14:00 & 15:15

**Útsýnisflug yfir sundin blá**

Verð 2.000 kr. fyrir fulloröna og 1.000 kr. fyrir börn að 16 ára aldri, eldri borgara og öryrkja. Útsýnisflugið tekur 20 mín. Skilmálar: Einungis bókanlegt í síma 570 3030, má ekki breyta, ekki endurgreitt nema veður hami flug, veitir ekki víldarpunkta. Hver fullorðinn má taka með sér tvö börn og börn verða að ferðast með fullorönum *Flugfélag Íslands - Reykjavíkurflugvelli.*

Kl.13:00 og 14:00

**Álfagönguferðir**

Sigurbjörg Karlsdóttir leiðir. Farið verður frá Byggðasafninu í Hafnarfirði kl. 13 og kl. 14. Hvor ferð tekur um 45 mínútur. Verð 500 kr. fyrir fulloröna en ókeypis fyrir börn í fylgd með fullorönum. *Byggðasafn Hafnarfjarðar, Vesturgata 8.*

Kl.13:00-16:00

**Meningarmiðstöðin Gerðuberg**

Cinzia D’Ambrosi, ljósmyndari, verður með leiðsögn á ensku um sýningu sína Myrkur sannleikur - Kolanámumenn í Kína. kl.14:00 *Meningarmiðstöðin Gerðuberg, Gerðubergi 3-5.*

13:00 - 16:00

**Í fortíð og framtíð - leiðsögn um Nesstofu í Nesi við Seltjörn**

Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir safnstjóri Lækningaminjasafns leiðir gesti um húsakynni Nesstofu kl.14:00 og 15:00 og taka þær u.þ.b. 30 mínútur. Að leiðsögn lokinni býður Seltjarnarnes gestum upp á kaffi og með því. *Nesstofa, Nesi við Seltjörn.*

13:00 - 16:00

**Lyfjafræðisafnið**

Lyfjafræðisafnið verður opið á sama tíma og Nesstofa. Lyfjafræðingar verða á staðnum og svara fyrirspurnum. *Lyfjafræðisafnið, Neströð, Seltjarnarnesi.*

Kl.13:00-16:00

**Ásmundarsafn**

Fjölskylduleiðangurinn Hvað er svona merkilegt við safn? Lögun línunnar - Sýning á verkum Ásmundar Sveinssonar. *Listasafn Reykjavíkur Ásmundarsafn, v/Sigtún.*

Kl.13:15, 14:15 og 15:15

**Viðey – Skarfabakki (Sundahöfn)**

Siglingar frá Skarfabakka kl 13:15, 14:15 og 15:15 Siglingar frá Viðey kl 13:30, 14:30, 15:30, 16:30 og 17:30 2 fyrir 1 í ferjuna (greitt er fyrir dýrari miðann) Ljúffengar veitingar í Viðeyjarstofu. Opíð frá 13:30 til 17:00 *Hvalaskoðun Reykjavík / Elding, Sundahöfn.*

Kl.13:00-17:00

**Ljósmyndasafn Reykjavíkur**

Tíra: Horðu í ljósið heilín mín en ekki í skuggann þarna

- Bjargey Ólafsdóttir

Keiko Kurita - kyrrt vatn / innocent water
Tófrasjá sem fræðir börn og fulloröna um ljósmyndasöguna. *Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Grófarhúsi.*

Kl.13:00-17:00

**Víkin – Sjóminjasafnið í Reykjavík**

Sjóminjasafnið er í fyrrum frystihúsi Bæjarútgerðar Reykjavíkur. Við sérstaka safnbreygju liggur fyrrum varðskipið Óðinn. Leiðsögn um safnið kl.13.30, 14.00 og kl.15.00 *Víkin – Sjóminjasafnið í Reykjavík, Grandagarð 8.*

Kl.13:15

**Leiðsögn í Viðey**

Það er Viðeyingurinn Örlygur Hálfdanarson sem leiðir gönguna af sinni rómuðu snilld og tekur hún um eina og hálfu klukkustund. *Leiðsögnin helst kl.13:15 þegar fyrsta ferð fer frá Skarfabakka.*

kl. 14:00

**Aðalstræti gegnum aldirnar – Kvosarganga**

Gengið er eftir Aðalstræti og nýjustu fornleifafundir á svæðinu skoðaðir. Þeir bæta enn við þá margvíslegu þekkingu um lífið á landnámsöld. Sigurborg Hilmarsdóttir frá Minjasafni Reykjavíkur leiðir gönguna. *Lagt verður af stað frá Grófarhúsinu kl. 14:00*

Kl.14:00-16:00

**Kayakklúbburinn og Scubalceland**

Gestum boðið upp á að prófa að kafa og sigla kayak í barnalaug Laugardalslaugar *Laugardalslaug v/ Sundlaugarveg.*

Kl.14:00-17:00

**Hótel Hafnarfjörður**

Opíð hús frá 14 -17. Kiktu við og líttu á þetta glæsilega hótel á besta stað.

*Hótel Hafnarfjörður, Reykjavíkurvegi 72.*

14:00- 16:00

**Ganga um Goðahverfið**

Göturnar í Goðahverfinu bera nöfn úr norrænu goðafræðinni. Norræna félagið býður upp á gönguferð um Goðahverfið sem er leidd af Þorleifi Friðrikssyni. Gangan tekur um tveir klukkustundir. *Goðagangan helst á skrifstofu Norræna félagsins við Óðinstorg.*

Kl.14:00-17:00

**Listasafn Sigurjóns Ólafssonar**

Býður upp á leiðsögn kl.15:00 á sýninguna Stund hjá Sigurjóni. *Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Laugarnestanga 70.*

Kl. 14:00 – 16:30

**Viltu smíða bústað í Viðey?**

Byggðu bústað á smíðavelli á leikvellinum fyrir aftan Viðeyjarstofu. Leiðbeinandi verður með börnunum á smíðavellinum og nóg af hömrum og nöglum. *Viðey.*

Kl.15:00

**Lasertag**

Í Skemmtigaðurinn í Grafarvogi verður boðið upp á fullkommuntu lasertaggæjur á ævintýravöllum undir berum himni. 10 ára aldurstakmark. Verð 1.900kr. *Skemmtigaðurinn í Grafarvogi.*

Kl. 15:00-18:00

**Fjörukráin og Hótel Víking**

Hægt verður að kynna sér þetta skemmtilega þemaveitingahús og hótél þar sem víkingar ráða ríkjum. *Fjörukráin og Hótel Víking, Strandgötu 55.*

Kl.16:00

**Gönguferð út í Gróttu**

Gengið verður á fjöru út í Gróttu í fylgd leiðsögunema í Svæðisleiðsögunamáti við Leiðsöguskóla Íslands. Þetta er kjörin ferð fyrir fjölskyldur sem og alla þá sem gaman hafa af lífandi leiðsögn. *Brottför frá Nesstofu kl. 16:00.*

Kl.16:00

**Hvernig ferðuðust Íslendingar fyrir tíma bílsins?**

Kynnist þarfasta þjóninum hjá Íshestum, komið með í klukkutíma hestaferð. Verð 2.000 kr. á mann. *Íshestar, Sólraskeiði 26 Hafnarfjörður.*

Kl.18:00-00:00

**Orange**

Fun & Fine dining: Láttu koma þér á óvart! Matreiðslumenn Orange Lab. galdra fram skemmtilega rétti á flottu verði. *Orange, Geirsgata 9.*

Kl.20:00

**Draugaganga Jónasar Fr. Thorsteinsson**

Lagt er af stað frá Aðalstræti í miðbæ Reykjavíkur og er sjálf gangan um 90 mínútna löng, hópnum skilað aftur á sama stað. Verð 1.000 kr. á mann, æskilegt að bóka, s. 6967474. *Aðalstræti í miðbæ Reykjavíkur.*



# Sprotar eða töfraspotlar

## UMRÆÐAN

Davíð Stefánsson skrifar um atvinnu-uppbyggingu



DAVÍÐ STEFÁNSSON

Nú sveifla karlar og konur töfraspotum til að leysa vanda þjóðarinnar. Líklega er vinsælasti sprotinn nefndur Helgúvík, sá næstvin-sælasti Bakki á Húsavík. Báðir eru þeir rándýrir kostir – áætlað er að kostnaður ríkisins við hvert starf í álverinu á Reyðarfirði hafi hljóðað upp á 150 milljónir króna.

Það er því ekki aðeins af umhverfisástæðum sem VG vill

ekki fara álveraleið-ina. Eins og kom fram í heimildarmyndinni Draumalandinu olli Kárahnjúkavirkjun svo miklum hita í hagkerfinu að hækka þurfti vexti upp úr öllu valdi til að kæla aðra hluta kerfisins. Ef fjölbreytni á að stýra endurmótun hins Nýja Íslands gerist það ekki með þessum hætti –

stórar töfralausnir beinlínis hamlu fjölbreytninni.

Nú þegar íslenskt efnahagslíf ríðar og hristist er glapræði að setja af stað risastórar framkvæmdir á borð við byggingu álvers. Það liggur ekki einu sinni fyrir hvaðan

orkan fyrir Helgúvík á að koma, en það er sjálfsgagt smámál sem flutningsmenn ætla að leysa eftir á, þegar of seint verður að bakka út. Stærsta óréttlætið í þessu samhengi er að samningarnir fyrir Helgúvík byggja á tengingu raforkuverðs við heimsmarkaðsverð á áli. Það fer nærri að við seljum orkuna okkar undir kostnaðarverði, helmingi lægra verði en í Brasilíu. Teljast það góðir viðskiptahættir?

Spyr sá sem ekki veit. Ég er ekki orkusérfræðingur eða viðskiptafræðingur. Ég er bókmenntafræðingur. Því líf ég á menningu sem verðmæti, bæði huglæg og efnisleg. Ég veit að góð skáldsaga skapar afleidd störf hjá bókaforlagi, ritstjóra, prófarkalesara, grafískum

hönnuði, umbrotsmanni, pappírsframleiðanda, blekframleiðanda, prentara, plastara, dreifingaraðila, bókaútgáfu, bókaáhrifnanda og bókasöfnum. Þetta er aldrei talað um, því að í umræðunni virðast afleidd störf aðeins stafa af stórfamkvæmdum. Á sama tíma veit ég að góð skáldsaga örvar hugarflugið, veitir lesandanum frí frá amstri dagsins og vikkar út sjóndeildarhring hans – almenn vellíðan hans eykst og að sama skapi eykst virði hans inn í samfélagið og hagkerfið.

Á sjónvarpsfundi RÚV á NASA náði Anna Hildur Hildibrandsdóttir, framkvæmdastjóri ÚTÓN, að kynna stuttlega hugmyndir um tónlistarhátíðir út um allt land. Hún

óskaði eftir 30 milljónum, smáaurum sem sagt. Hún er líklega undir áhrifum frá Finnlandi, en þar notuðu Finnar menninguna markvisst til að byggja upp eftir kreppuna. Við þurfum fleiri slíkar hugmyndir sem eru umhverfisvænar, menningarlegar og sjálfbærar.

Við þurfum nauðsynlega þá fjölmörgu sprota sem liggja í eigin skapandi hugsun. En við þurfum ekki fleiri töfraspota á borð við Kárahnjúka, Fjarðaál, Helgúvík og Bakka. Íslensk hugsun er einfaldlega miklu stærri en stærstu framkvæmdir Íslandssögunnar.

Höfundur skipar 5. sæti á lista Vinstri grænna í Reykjavík norður.

# Frjálslyndir gegn spillingu og braski

## UMRÆÐAN

Karl V. Matthíasson skrifar um kvótakerfið



KARL V. MATTHÍASSON

Frjálslyndi flokkurinn býður nú þjóðinni enn á ný ferska stefnu og markmið til að hrista upp í því fjór-flokkakerfi sem því miður hefur setið allt of lengi með öll völd í landinu með afleiðingum sem þjóðin fær nú öll að súpa seiðið af. Frjálslyndi flokkurinn hefur hvatt þjóðina til þess að beina sjónum sínum að sameiginlegum auðæfum sínum í sjónum. Auðlindum hafnsins og mikilvægi þeirra í tekjuöflun og atvinnulífi landsmanna.

### Varnaðarorð

Allt frá setningu gildandi laga og reglna um stjórn fiskveiða hefur Frjálslyndi flokkurinn lýst andstöðu við framkvæmd þeirra vegna þeirrar mismununar sem felst í henni. Og varnaðarorð frjálslyndra hafa reynst orð að sönnu. Ekki aðeins ábendingarnar um ranglætið við kvótakerfið heldur líka um þær alvarlegu afleiðingar sem kvótakerfið hefur haft fyrir fjármál þjóðarinnar. Og nú eftir hrúnið hefur þeim fjölgað sem sjá að hlutur kvótakerfisins í því öllu er stór. Frjálslyndi flokkurinn hefur og mun áfram berjast af krafti með það að markmiði að breyta þessu kerfi. Því þarf að tryggja honum nægjanlegan þingstyrk svo hann komist til almennilegra áhrifa eftir næstu kosningar.

### Frjálslyndir óttast ekki

Núverandi stjórnarflokkar hafa í stefnuskrám sínum fyrirheit um að breyta fiskveiðistjórnkerfinu en því miður er þar meira um orð en efndir. Ekki einu sinni núna

þegar þúsundir manna eru atvinnulausar hafa þeir þor og þrek til að hleypa trillum á sjóinn, þó ekki væri nema yfri blásumarið til frjálsra handfæraveiða. Hvað stoppar þá einföldu og sjálfsögðu réttlætisaðgerð? Af hverju vilja þeir koma í veg fyrir að fjöldinn allur af fólki geti röið til fiskjar til að

brauðfæða fjölskyldur sínar. Það er með öllu óskiljanlegt, en Frjálslyndi flokkurinn er fús til þess að koma þeim til hjálpar í þessu efni og hefur þor og áráði til þess.

*Allt frá setningu gildandi laga og reglna um stjórn fiskveiða hefur Frjálslyndi flokkurinn lýst andstöðu við framkvæmd þeirra vegna þeirrar mismununar sem felst í henni.*

### Lokaorð

Umræðan um sjávarútvegsmálin hefur ekki hlotið þann sess sem hefði átt að vera en segja má að þöggun hafi verið beitt með sama hætti og þegar ýmsar ábendingar komu fram um veikleika og blekkingar í útrásarævintýrinu. Þekktir fjölmiðlamenn vildu lítið sem ekkert fjalla um sjávarútvegsranglætið, sögðu að kvótakerfinu yrði ekki breytt, það væri komið til að vera.

En nú er hulunni svipt af ævintýrinu og krafa þjóðarinnar um „opnun“ kerfisins svo hún fái að njóta auðlindar sinnar verður sífellt háværari. Undir þær kröfur tekur Frjálslyndi flokkurinn.

Höfundur skipar 1. sæti á lista Frjálslynda flokksins í Reykjavík norður.

## Ert þú með þrálátan háþrýsting?

### Leitað er eftir þátttakendum í klínískra rannsókn á nýju rannsóknarlyfi

Tilgangur rannsóknarinnar er að athuga öryggi og verkun mismunandi skammta rannsóknarlyfsins við meðhöndlun á þrálátum háþrýstingi, samanborið við lyfleysu og virkt, markaðssett lyf. Aðalrannsakandi er Karl Andersen, sérfræðingur í lyflækningum og hjartalækningum. Rannsóknin fer fram á Rannsóknarsetri Íslenskra lyfjarannsóknna ehf. – Encode, Krókhálsi 5d, 110 Reykjavík.

### Hverjir geta tekið þátt?

- Konur og karlar á aldrinum 18-75 ára með þrálátan háþrýsting. Konur verða að vera komnar yfir tíðahvörf eða hafa undirgengist ófrjósemisaðgerð.
- Einstaklingar á stöðugri þriggja lyfja meðferð við háþrýstingi sem eru þrátt fyrir það með of háan blóðþrýsting. Lyfjameðferðin má vera flóknari, þ.e. fleiri en þrjú lyf notuð, en eitt lyfjanna skal þó vera þvagræsilyf.

### Hvað felur rannsóknin í sér?

Þátttaka varir í allt að 14 vikur og gert er ráð fyrir um 13 heimsóknum á rannsóknarsetur á tímabilinu. Heimsóknir taka u.þ.b. 1 til 4 klst. Gerðar verða blóðþrýstingsmælingar, bæði á rannsóknarsetri og með notkun blóðþrýstingsvaktara yfir sólarhring. Blóðsýni verða tekin í flestum heimsóknum.

Áhætta af þátttöku felst í mögulegum aukaverkunum af notkun rannsóknarlyfsins, bæði þekktum og ófyrirséðum. Ekki er hægt að tryggja að þátttakendur fái tímabundinn bata en niðurstöður rannsóknarinnar geta leitt til framfara í meðferð sjúkdómsins.

Greitt verður fyrir þátttöku og rannsóknarefirlit verður þátttakendum að kostnaðarlausu.

### Frekari upplýsingar

Ef þú hefur áhuga á að taka þátt, vinsamlegast hafðu samband við hjúkrunarfræðing rannsóknarinnar í síma 510 9911.

Tekið skal fram að einstaklingar sem svara auglýsingunni hafa á engan hátt skuldbundið sig til að taka þátt í rannsókninni. Ákveði þeir að taka þátt, geta þeir dregið sig út úr rannsókninni hvenær sem er, án þess að gefa sérstaka ástæðu fyrir ákvörðun sinni.

Rannsóknin hefur fengið leyfi Lyfjastofnunar, Vísindasiðanefndar og Persónuverndar.



114 / GRAFARHOLTSÚTIBÚ

**Annamaría og Guðrún kynntust fyrst í Kennó. Þær og 10 aðrir taka vel á móti þér í Grafarholtinu.**

- Við leggjum okkur fram um að veita þér persónulega þjónustu.
- Við förum yfir kjörin sem þér bjóðast og svörum spurningum þínum.
- Við veitum einstaklingum og fyrirtækjum aðstoð við að skipuleggja fjármálin.

Komdu við í Grafarholtsútibúi að Vinlandsleið 1 eða hringdu í okkur í síma 410 4000.





# Umboðsmaður viðskiptavina

## UMRÆÐAN

Brynhildur Georgsdóttir skrifar um nýtt hlutverk bankanna

Í því umhverfi sem við búum við í dag eru örlög og hagsmunir banka, atvinnulífs og einstaklinga samtvinnað. Í kjölfar efnahagsbrunsins er mikilvægra en nokkru sinni að fullt traust ríki á milli þessara aðila og þeir gangi samstíga til þess uppbyggingarstarfs sem fram undan er. Í því starfi gegna bankarnir mikilvægu hlutverki og því til stuðnings hefur verið skipaður sérstakur umboðsmaður viðskiptavina í hverjum banka.

## Nýtt hlutverk bankanna

Ein af afleiðingum efnahagsástandsins er sú að framtíð margra fyrirtækja er í höndum bankanna og stjórnendur þeirra þurfa að taka erfiðar ákvarðanir sem hafa áhrif á framvindu atvinnulífsins. Þetta er mikilvægt hlutverk en engan veginn það sem bankarnir óskuðu sér. Stjórnendur bankanna taka á þessu verkefni af fullri alvöru og ábyrgð. Starfsmenn bankanna leggja nótt við dag til að leita þeirra lausna sem best gagnast fyrirtækjunum sjálfum, bönkunum og samfélaginu í heild. Nú sem aldrei fyrr verður að leggja áherslu á góða og faglega þjónustu, þar sem lykilorðin eru gagnsæi og sanngirni. Byggja þarf að nýju upp það glataða traust sem er grundvöllurinn undir rekstri bankastofnana.

Mikil vinna fer fram um þessar mundir innan Nýja Kaupþings við endurskipulagningu fyrirtækja í fjárhagsörðugleikum. Í þeirri



BRYNHILDUR GEORGSÐÓTTIR

vinnu er lögð áhersla á skýrt og faglegt ferli þar sem leitast er við að endurspeglar sjónarmiðin um sanngirni, jafnræði og gagnsæi. Áhersla er lögð á að bjarga lífvænlegum fyrirtækjum, þ.e. fyrirtækjum sem eiga sér raunhæfan rekstrargrundvöll og eru líkleg til að leggja atvinnulífinu lið til framtíðar.

Hætt er við að sum fyrirtæki eigi sér hins vegar ekki lífsvon. Vinna við endurskipulagningu er unnin af breiðum hópi sérfræðinga bankans og áhersla er jafnframt lögð á samvinnu við starfsmenn viðkomandi fyrirtækja. Þannig er leitast við að nýta þá þekkingu sem þar hefur myndast og mikilvægt er að glattist ekki úr atvinnulífinu. Slík samvinna er þó háð því að viðkomandi starfsmenn og stjórnendur búi yfir nauðynlegri færni og traust ríki milli þeirra og bankans.

## Stuðningur umboðsmanns

Umboðsmaður viðskiptavina hjá Nýja Kaupþingi heyrir beint undir stjórn bankans og er skipaður af henni til að hafa eftirlit með því að unnið sé að markmiðunum um jafnræði, gagnsæi og sanngirni. Umboðsmaður kemur að mótun þess verklags sem unnið er eftir við endurskipulagningu fyrirtækja. Umboðsmaður hefur þannig áhrif á ferlið í samstarfi við starfsmenn bankans og kemur að því verki með hagsmuni viðskiptavina og atvinnulífsins að leiðarljósi. Auk þess er umboðsmaður til staðar fyrir þau fyrirtæki sem eru í vanda og telja sig ekki hafa notið sanngjarnrar meðferðar. Þau eiga greiðan aðgang að umboðsmanni. Umboðsmaður skoðar hvert mál

*Starfsmenn bankanna leggja nótt við dag til að leita þeirra lausna sem best gagnast fyrirtækjunum sjálfum, bönkunum og samfélaginu í heild. Nú sem aldrei fyrr verður að leggja áherslu á góða og faglega þjónustu.*

sem til hans er beint gagnrýnum augum og metur hvort afgreiðsla þess sé í samræmi við góða og viðtekna viðskiptahætti. Umboðsmaður mun einnig taka mál upp af eigin frumkvæði til að ganga úr skugga um að farið sé eftir verklagsreglum. Atbeini umboðsmanns getur komið til bæði á meðan unnið er að endurskipulagningu fyrirtækja innan bankans en einnig eftir að henni er lokið. Umboðsmaður mun bregðast við með viðeigandi hætti eftir málsatvikum hverju sinni.

## Göngum samstíga til verks

Það er mikið verk fram undan í samfélaginu við að koma hjólum atvinnulífsins í gang á ný og hjálpa heimilum í landinu að standa af sér þann efnahagsstorm sem nú ríður yfir. Hagbankanna og kröfuhafa þeirra, jafnt innlendra sem erlendra, er best borgið með því að verðmætastöpunin í þjóðfélaginu verði sem mest. Því er mikilvægt að leggja heimilunum og fyrirtækjunum í landinu lið. Þannig eru örlög og hagsmunir banka, atvinnulífs og einstaklinga í raun samtvinnað og mikilvægara en nokkru sinni að þessir aðilar gangi samstíga til verks.

*Höfundur er umboðsmaður viðskiptavina hjá Nýja Kaupþingi.*

# Auðvelt val að ígrunduðu máli

## UMRÆÐAN

Björg Sigurðardóttir skrifar um íslenskt samfélag



BJÖRG SIGURÐARDÓTTIR

Í umróti seinustu mánaða hefur margt gerst til að vekja mig og vafalaust marga aðra hér á landi til að líta yfir liðna

á lífinu. Ég hef lítið yfir lífsferil minn og undrast andvaraleysi mitt um eigin hag og annarra. Í stað þess að fylgjast með þróuninni hér á landi og erlendis og reyna að skilja það sem koma skyldi eyddi ég öllum mínum tíma í að vinna, árum saman tvöfaldan vinnudag, til að framfleyta mér og börnum mínum þrem þar eð faðir þeirra lést skömmu eftir heimkomu eftir langt nám erlendis og við þá að byrja að koma undir okkur fótunum hér heima, þá nýbúin að festa kaup á íbúð.

Í óðaverðbólgu þess tíma var eina líftryggingin fasteign svo ég ákvað að gera allt til að halda henni. Ég var afar ánægð með sjálfa mig þegar íbúðin var skuldlaus og ég búin að safna mér sjóði í hlutabréfum í Kaupþingi, bankanum sem ég vann í. Best er alltaf að vera upp á engan kominn.

Draumurinn um frjálst og öruggt líf breyttist skyndilega í eitthvað allt annað þegar vinnan hvarf með sjóðnum mínum og framtíðin varð að stóru spurningarmerki. Átti ég að hirastr inni í örvæntingu og skammast mín fyrir að vera atvinnulaus? Ég er líklega of ánægð með sjálfa mig til að meta mig þannig og ekki tilbúin að láta einn bankavesaling setja mig út af sporinu. Ég sá það að ef ég gerði ekkert sjálf til að reyna

að breyta þessu laskaða þjóðfélagi hérna þá gæti ég ekki ætlast til að aðrir gerðu það fyrir mig.

Ég fór í öll þau mót-mæli sem ég frétti af. Gerðist einlægur og staðfastur aðdáandi Harðar Torfa og fór á fyrsta borgarafundinn sem Gunnar Sigurðstíð og reyna að staðsetja sig í lífinu.

son og fjölskylda hans stóðu fyrir upp á eigið einsdæmi og bauð mig fram til að hjálpa til við fundina sem á eftir komu.

Þetta var starf með góðu fólki sem bættist í hópinn með hugmyndir sínar og vangaveltur um stöðu mála. Það var ekki spurt um pólitískan bakgrunn heldur var rökrætt um möguleikann á að átta sig á því hvernig þjóðin gat misst allt sitt. Þ.e. eigin sínar, að miklu leyti lífsafkomuna og sjálfsvirðinguna. Þetta hefur verið innihald borgarafundanna sem hópurinn stóð fyrir og slíkir fundir eiga rétt á sér um ókomna framtíð til að þingmenn og ráðherrar geri þjóðinni milliliðalaust grein fyrir því sem þau eru að gera.

Þegar ljóst var að kosið yrði ætlaði ég að draga mig í hlé en sá fljótt að svo margt var enn ógert um borð í þjóðarskútunni að ekki þýddi að hlaupast undan merkjum. Ég ákvað því að vinna fyrir framboð þeirrar hreyfingar sem byggðist upp af hluta fólks úr borgarafundunum og mörgum hópum fólks sem lét sig ástandið miklu varða og var tilbúið að leggja mikið af mörkum til að búandi væri fyrir alla í þessu fallega landi okkar.

Þökk sé þér, Hörður Torfason.

*Höfundur er fyrrverandi almennur bankastarfsmaður.*

## LAUSNIR FYRIR HEIMILIÐ

# Við vinnum með þér að lausnum fyrir heimilið

Landsbankinn býður upp á nokkur úrræði fyrir heimili sem eiga við greiðsluferfiðleika að etja. Við aðstoðum þig við að velja lausn sem kemur til móts við þínar þarfir. Hafðu samband við þjónustufulltrúa í útibúinu þínu.

**GREIÐSLUJÖFNUN VERÐTRYGGÐRA ÍBÚÐALÁNA**

Þeir viðskiptavinir Landsbankans sem eru með verðtryggð lán með veði í íbúðarhúsnæði geta óskað eftir greiðslujöfnun lánanna, sér að kostnaðarlausu, þjóni það hagsmunum þeirra. Umsókn er að finna í Einkabanka Landsbankans.

**GREIÐSLUJÖFNUN ERLENDRA ÍBÚÐALÁNA**

Viðskiptavinir Landsbankans sem eru með gengistryggð lán með veði í íbúðarhúsnæði geta óskað eftir greiðslujöfnun lánanna, telji þeir það þjóna hagsmunum sínum. Umsókn má nálgast í Einkabanka Landsbankans.

**FRESTUN GREIÐSLU AFBORGANA OG VAXTA**

Mögulegt er að fresta afborgunum og greiðslu vaxta íbúða- og fasteignalána með veði í 12 mánuði að uppfylltum skilyrðum bankans. Höfuðstóll fer hækkandi á frestunartímabilinu.

410 4000 | landsbankinn.is









ERU NÆSTUM NÁSKYLD Sigrún Ósk og Andrés urðu bæði afar hlessa í viðtalinu þegar þau komust að því að þau eiga sameiginlegan frænda - náskyld honum hvort í sinn legginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Auðmenn á internetinu

**Sigrún Ósk Kristjánsdóttir** sjónvarpskona og **Andrés Jónsson** almannatengill eiga bæði gæludýr í fóstri. Gæludýr sem hafa lifað tímana tvenna. Rökstólarpar vikunnar ræddi örlög íslenskra dýra, Keikós, apanna í Blómavali og ísbjarna við **Júlíu Margréti Alexandersdóttur**. Enda er hreindýrskálfurinn Líf stjarna vikunnar.

## Á RÖKSTÓLUM

Hvað vitið þið um persónuhagi hvors annars?

**Sigrún:** Ég hef stundum lesið bloggð þitt en annars er ég ekki fastur gestur á neinu bloggi.

**Andrés:** Ekki eftir að Ellý hætti að blogga?

**Sigrún:** Ha, ha. Nei, akkúrat. En annars veit ég ekki nokkurn skapadán hlut um þig. Ég hafði ekki einu sinni tíma til að gúggla. Ég veit jú að þú ert almannatengill og með eitthvert fyrirtæki?

**Andrés:** Jú, veistu hvað það heitir?

**Sigrún:** Eitthvað enskt? Er það ekki?

**Andrés:** Góð samskipti.

**Sigrún:** Sem er reyndar ekki enskt. Mátti reyna.

**Andrés:** Ég veit að þú ert af Akranesi. Ég á mikinn ættboga að rekja þangað og tók eftir því þegar þú varst ritstjóri Skessuhorns. Ég á frændur þarna marga og á þínum aldri. Hvaða módel ertu?

**Sigrún:** 1980.

**Andrés:** Já, þekkirðu þá kannski Ásgeir Ólafsson?

**Sigrún:** Ásgeir bróður Magga og Himma? Það er náfrændi minn!

**Andrés:** Er það náfrændi þinn? Hann er náfrændi minn! Við erum systkinabörn. Í gegnum hvern ert þú skyld þeim? Ásu?

**Sigrún:** Já, og bíddu, þú ert þá hinum megin skyldur þeim, manningum hennar Ásu, þú ert af Bergsholtinu? Ég hefði nú getað giskað á það! En hvað þetta er fyndið. Við höfum kannski hist í fermingunni hans Ásgeirs. Ég man svo vel eftir henni því hann fékk á annan tug penna, sérmerka sér, í fermingargjöf. Þetta var það hræðilegasta sem ég gat ímyndað mér.

**Andrés:** Hahaha. Það getur verið að við höfum farið á mis þar, ég kannski akkúrat verið skiptinemi úti þegar veislan var. Við ættum

að vera búin að hittast fyrir löngu. Þetta er eins og í bíómynd þar sem aðalpersónurnar eru alltaf sín hvorum megin í snúningshurðinni í Kringlunni og fara alltaf á mis.

**Kötturinn sem flaug til Akureyrar og kom keyrandi í bæinn**

*Nefnið mér tvö atríði sem þið vitið ekki hvort um annað, en gætuð engu að síður talið að væru sönn.*

**Sigrún:** Ég myndi halda að Andrés væri málfarsfasisti og ég kann eiginlega að meta það ef svo er. Áttu svo kannski hund?

**Andrés:** Mamma og pabbi eiga. En

úr hlíðinni. Hún var alltaf farin að vera lengur og lengur í burtu og við höldum að þetta væri farið að ganga svona líka vel hjá okkur, að ala hana upp í að bjarga sér sjálf úti. En svo var ekki því við komumst að því að hún hljóp alltaf inn á kaffihúsið á Bifröst og var að gera alla geðveika þar og um síðir fundust eigendurnir – við. Biblía var þá keyrð upp í sveit til þabba vinkonu minnar.

**Andrés:** Já, þetta var eitt af því sem ég hefði giskað á – að Sigrún ætti hund. Svo er ég nokkuð viss um að henni hefur einhvern tímann

ættum að finna einhver not fyrir húsið saman.

**Sigrún:** Bauhaus-húsnæðið á leiðinni upp í Mosó mætti svo hverfa. Þetta er minnisvarði um það sem var og það eina sem mér dettur í hug þegar ég sé húsið er kreppa.

**Andrés:** Ég er á því að Ráðhúsið mætti hverfa. Finnst húsið sjálft að visu flott en mér hefur alltaf fundist það loka miðbænum og skyggja á fallegt svæði. Einnig hefur maður blendnar tilfinningar gagnvart tónlistarhúsinu. Maður vill samt ekki sjá húsið hverfa en þetta er skrifin staða því maður hefur horft upp

okkur var gefið frí í tíma til að geta fylgst með heimkomu háhyrningsins á stóru tjaldi í beinni útsendingu.

**Andrés:** Ég man líka eftir að hafa horft á þetta, því miður. Þetta var séríslensk klíkkun. Hins vegar eru nautið Guttormur og svinið Bjóssi beikon eftirminnilegustu dýr Íslands í mínum huga. Bjóssi var ekki síður vinsæll hjá börnunum sem heimsóttu garðinn en nautið. Örlög Bjóssa urðu hins vegar sú að honum var slátrað fyrir jólahlaðborð starfsmanna Húsdýragarðsins.

**Sigrún:** Þetta eru svakaleg örlög.

**Andrés:** Samt er þetta mjög gott fólk í Húsdýragarðinum. En sorglegustu örlögin eru þó í mínum huga dauði ísbjarnarins. Ísbjörns fyrri. Það var svolítið skrítíð hve fljótt hann var skotinn.

**Sigrún:** Mér finnst mjög erfitt að hugsa til apanna í Blómavali, sem voru orðnir alveg sturlaðir fyrir rest af því að vera þarna margir saman í búri í öll þessi ár. Líka að hugsa að maður hafi farið þangað og horft á þá sem krakki sér til skemmtunar.

**Andrés:** Já, sammála.

*Að lokum. Auðjöfrar landsins sjást víst lítið á götum borgarinnar. Hvar haldið þið að þeir séu? Hvert er eftirminnilegasta góðærisflippið í boði auðjöfranna?*

**Andrés:** Ég held að þeir séu nú flestir í útlöndum. Eitthvað hefur nú sést til Jóns Ásgeirs hér heima en ég held að þessir hinir sem eru í útlöndum séu á internetinu, á síðunni hans Egils Helgasonar og skrifi þar nafnlaus komment við færslurnar hans: „Þessir auðmenn voru nú ekkert svo slæmir... mun-iði ekki eftir því þegar þeir gáfu þarna...“ og svo framvegis.

**Sigrún:** Er búid að leita í húsunum á Vatnsstíg? Segi svona. En þeir eru eflaust utan landsteinanna og hvað þeir eru að gera sér til dægurstyttingar? Jú, eru þeir ekki bara á internetinu?



Ég held að þessir hinir sem eru í útlöndum séu á internetinu, á síðunni hans Egils Helgasonar og skrifi þar nafnlaus komment við færslurnar hans.

ég á kött sem er í fóstri. Hann átti upphaflega að fara í fóstur til vinafólks á Akureyri. Hlaðmennirnir á Reykjavíkflugvelli, sem voru að setja hann í vélina, misstu hann úr búrinu og hann var týndur í sjö daga og fannst svo eftir ábendingu. Aftur var hann því sendur með flugi til Akureyrar og komst alla leið en líkaði ekki nógu vel við hinn köttinn á heimilinu. Hann kom því aftur keyrandi í bæinn og er nú í góðu yfirlæti í Hlíðunum á fínu heimili.

**Sigrún:** En þá er nú gaman að segja frá því að ég á hund sem er í fóstri. Við vinkona mín ákváðum þegar við bjuggum saman á Stúdentagördunum á Bifröst að við yrðum endilega að eignast hund, þótt það mætti alls ekki vera með hunda þar. Nú, við ákváðum að reyna að ala hann upp eins og kött og vorum mjög bjartsýnar á að það myndi ganga. Við hleyptum henni, Biblía heitir hún, einni út og hún hljóp út í hraun og lék sér eitthvað í dágóða stund, að því er við höldum, og kom svo til baka

verið boðið að taka þátt í Fegurðarsamkeppni Vesturlands. Hún hefur annaðhvort sagt nei eða þegið boðið og hætt á miðri leið.

**Sigrún:** Já. Ég var beðin fjórum sinnum um að taka þátt.

**Andrés:** Og sagðirðu nei í öll skiptin?

**Sigrún:** Neibb, því miður.

**Andrés:** Og vannstu eitthvað?

**Sigrún:** Ég var valin vinsælasta stúlkan.

**Auðmenn með sýniþörf í skemmdarstarfsemi**

*Hústökufólk á Vatnsstíg tók yfir fréttatíma vikunnar. Ef þið ættuð að taka yfir hús, hvaða hús yrði fyrir valinu og af hverju? Hvaða hús mynduð þið vilja sjá vika eða hverfa með hvelli eins og það hefði aldrei verið til?*

**Sigrún:** Ég myndi taka yfir Fríkirkjuveg 11 sem Björgólfsfjölskyldan keypti.

**Andrés:** Ég ætla að vera sammála Sigrúnu Ósk. Jafn glæsilegt hús með jafn fallegum stórum garði á ekki að vera fyrir ríkisbubba. Við

á foreldra sína safna fyrir tónlistarhúsinu, ásamt öðru góðu fólk, í tuttugu ár. Með því að halda tónleika og láta bauka ganga og margir hafa reynt að gefa það litla sem þeir geta. Svo koma ríkisbubbarnir og eyðileggja konseptið á bara tveimur árum með því að byggja hálfgerð World Trade Center með hóteli í kring. Og nú þurfa leikskólar og aðrir að blæða til að viðhalda þessu, því það er ekki hægt að bakka. Þetta er svolítið einkennandi fyrir góðærið – þar sem góð málefni voru eyðilögð af auðmönnum með sýniþörf.

**Bjóssi beikon var étinn**

*Líf hreindýrskálfsins Lífar er í hættu ef bóndinn fær sér ekki leyfi til að halda skepnuna. Sumum finnst þetta lítt jólalegt. Nefnið mér eftirminnilegustu dýr Íslands. Og sorglegustu örlög dýra almennt á Íslandi.*

**Sigrún:** Keikó er mjög eftirminnilegur. Ég man meira að segja hvar ég var þegar hann kom. Ég var í Fjölbautaskóla Vesturlands og



# FJÁRMÁLARÁÐGJÖF FYRIR ÞIG



## Kynntu þér úrræðin

Starfsfólk Kaupþings aðstoðar þig við allt sem tengist fjármálum heimilisins og breyttum aðstæðum og leitar hentugra úrræða fyrir þig.

- Stöðumat
- Ráðgjöf
- Heimilisbókhald
- Lífeyris- og tryggingamál
- Netdreifing/útgjaldadreifing
- Sparnaðarleiðir
- Úrræði í greiðsluferfiðleikum
- Greiðslujöfnun
- Breyting á lánaskilmálum
- Lenging lánstíma
- Tímabundin frestun afborgana

Kynntu þér málin á [www.kaupthing.is](http://www.kaupthing.is), hafðu samband í síma 444 7000 eða komdu við í næsta útibúi Kaupþings.





# BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



**1798**

ALI FERSKAR KJÚLINGABRINGUR SKINNLAUSAR  
1798 kr./kg.



**1679**

ALI FERSKAR KJÚLINGABRINGUR M/SKINNI  
1679 kr./kg.



**498**

KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR  
498 kr./kg.



**1498**

KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR  
1498 kr./kg.



**179**

PRINCESS ÁVAXTAPYKKNI  
2 LTR. 179 kr.



**98**

BÓNUS PYLSUBRAUÐ  
5 stk 98 kr.



**489**

BÓNUS PYLSUR  
MERKT VERÐ 698 KR./KG. 30% AFSLÁTTUR  
489 kr./kg.



**198**

BÓNUS MJÚKAR KRINGLUR  
4 stk 198 kr.



**198**

COLGATE TANKREM 100 ML 198 kr.  
COLGATE TANNBURSTI  
ZIGZAG MEDIUM 159 kr.

**159**



**129**

EGILS KRISTALL 2 LTR  
HREINN, SITRÓNU 129 kr.



**98**

BÓNUS STÓR HAMBORGARBRAUÐ  
4 stk 98 kr.



**98**

MYLLU HÁLET HEIMILISBRAUÐ  
375g 98 kr.



**98**

YUM YUM NÚÐLUR 70g 98 kr.



**759**

BÚHNYKKUR FROSNIR  
ÝSUBITAR ROÐ & BEINLAUSIR 759 kr./kg.



**398**

GLÆÐIR 1 LTR. 398 kr.  
BLÓMAÁBURÐUR

NÝTT KORTATÍMABIL

**BONUS** BÝÐUR BETUR

VISA

OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 SUNNUD: 12:00-18:00



**BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS**



**2698**

KS FROSID LAMBAFILLET 2698 kr./kg.



**1359**

KS FROSID LAMBLÆRI Í SNEIDUM 1359 kr./kg.



**1359**

KS FROSINN LAMBAHRYGGUR NIÐURSAGAÐUR 1359 kr./kg.



**1078**

KS FROSID LAMBALÆRI 1078 kr./kg.



**698**

FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR 698 kr./kg.



**1798**

KS FERSKT LAMBAPRIME 1798 kr./kg.



**998**

KRYDDLEGNAR GRÍSAKÓTILETTUR 998 kr./kg.

**BÓNUS**  
ÞVOTTAEFNI  
210 þvottar / 10 kg.  
Íslensk framleiðsla

**KALKÞÖRUNGAR**  
JARÐVEGSBÆTIEFNI  
Viðheldur réttu sýrustigi í  
jarðvegi og hindrar mosavöxt.



**2598**



**1298**



**398**

GRILLBORGARAR 4 STK M.BRAUÐI 398 kr.



**1998**

5 KG. 1298 kr. 10 KG. 1998 kr.

**NÝTT KORTATÍMABIL**

**BÓNUS** BÝÐUR BETUR

VISA

OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 SUNNUD: 12:00-18:00



# Pólitíkin 2007-2009 in memoriam

Tíðindamiklu og sögulegu kjörtímabili er að ljúka. Það var hlegið og grátið og allt þar á milli. Staðfest var að pólitísk ást er fallvölt eins og önnur ást. *Björn Þór Sigbjörnsson* rifjar upp hið stutta en átakasama kjörtímabil 2007-2009 og biður um auðmykt.

**Þ**etta byrjaði svo vel. Í góðu veðri á Þingvöllum. Koss. Svo hvessti og enn sannaðist að ástin er fallvölt.

Eftir kosningarnar í maí 2007 höfðu stjórnarflokkarnir, Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur, aðeins eins manns þingmeirihluta. Það sögðu sjálfstæðismenn of naumt og að loknum málamyndavíðræðum var tólf ára samstarfi slitið með handabandi flokksformannanna, Geirs H. Haarde og Jóns Sigurðssonar, í Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg. Þetta var fimmtudaginn 17. maí, á uppstigningardegi, fimm dögum eftir kosningar. Geir hafði varla sleppt hönd Jóns þegar hann var kominn í Alþingishúsið á fund Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur. Formlegar víðræður Sjálfstæðisflokks og Samfylkingarinnar voru hafnar.

Formlegar segi ég, en mál manna var að grunnurinn að samstarfinu hefði þá þegar verið lagður.

Víðræðurnar gengu enda hratt og vel fyrir sig og eftir fimm fundi var ný stjórn orðin til.

## Stöðugleikinn, já

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar var víða borið niður en í ljósi þess sem síðar gerðist stendur ein málsgrein upp úr. „Eitt brúnasta verkefni nýrrar ríkisstjórnar er að tryggja stöðugleika í efnahagslífinu í þágu heimila og atvinnulífs. Markmið hagstjórnarinnar er að tryggja lága verðbólgu,

lág vaxtastig, þetra jafnvægi í utanríkisviðskiptum, jafnan og öflugan hagvöxt og áframhaldandi trausta stöðu ríkissjóðs.“ Þetta mistókst gjörsamlega.

Aldrei nokkurn tíma á kjörtímabilinu varð vart við stöðugleika, lága verðbólgu, lágt vaxtastig, jafnvægi í utanríkisviðskiptum og jafnan og öflugan hagvöxt. Og eftir hrúnið í haust er staða ríkissjóðs einfaldlega hræðileg.

En enginn sá hrúnið fyrir. Að minnsta kosti enginn ráðherra.

## Gerðu næstum því allt

Þegar ríkisstjórnin hafði starfað í eitt ár voru oddvitar hennar, Geir og Ingibjörg Sólrún, býsna hróðug með sig. „Ríkisstjórnin setti sér metnaðarfull markmið í stefnuýfirlýsingunni og ég sé ekki betur en að um áttatíu prósent mála sem þar eru tiltekin séu annað hvort frá eða í vinnslu,“ sagði Geir í Fréttablaðinu á tíma-mótunum. Og Ingibjörg bætti um betur. „Mér sýnist að nálægt níutíu prósent af þeim verkefnum sem er að finna í stjórnarsáttmálanum séu þegar komin til framkvæmda eða á góðan rekspól í ráðuneytunum,“ sagði hún á sama vettvangi.

Svo virtist sem árin þrjú sem þá voru eftir af kjörtímabilinu yrðu ríkisstjórninni náðug. Efnahagsmálin voru reyndar í ólagi en stjórnin kvaðst svo sem lítið geta gert í því; ytri aðstæðum væri um að kenna.

## Afsakið

En þetta gekk ekki andskotalaust. Skammt var liðið á kjörtímabilið þegar sjávarútvegsráðherra skar



**GENGIÐ TIL ÞINGS** Geir H. Haarde fór fyrir ráðherrum sínum þegar þingheimur gekk frá Dómkirkjunni til Alþingishússins við þingsetninguna vorið 2007. Ríkisstjórnin var þá nýmynduð og virtist hafa heiminn í höndum sér.

niður þorskafla um rúm 60 þúsund tonn. „Það kemur ekkert í staðinn fyrir 60 þúsund tonn af þorski,“ sagði hann og hélt að svartara yrði það ekki.

Og svo var það Grímseyjarferju-málið. Man einhver eftir því? Sam-

félagið skalf. Ný Grímseyjarferja kostaði tugum ef ekki hundruðum milljóna meira en lagt var upp með. Ábyrgðin var ekki stjórnmalamanna heldur einhvers ráðgjafa Vegagerðarinnar, að mati samgönguráðherra sem svo það

ráðgjafann afsökunar. Það var eina afsökunarbeiðni stjórnmalamanns á kjörtímabilinu.

## Ástin

Við upphaf ríkisstjórnarsamstarfsins benti ekkert til annars en að

FRUM

KVAE

ÐI

FYRIR

OKKUR

ÖLL

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson  
1. sæti Reykjavík norður

Sigurður Ingi Jóhannsson  
1. sæti - Suðurkjördæmi

Vigdís Hauksdóttir  
1. sæti Reykjavík suður



Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkurinn hefðu pússað sig sjálf í eilíft pólitískt hjónaband. Þau töluðu líka fallega hvort um annað Geir og Ingibjörg á ársafmælinu. Eða í það minnsta hún um hann. „Geir er mjög reyndur stjórnmalamaður og hefur þá rósemi hugans sem mikilvæg er á erfiðum augnablikum. Hann veit að sá kann margt sem bíða kann, sem er mikilvægur eiginleiki góðs stjórnmalamanns,“ sagði Ingibjörg. Geir var ekki jafn innilegur en lét vel af samstarfinu við Ingibjörgu. „Það hefur gengið mjög vel og er með ágætum þó við höfum ekki þekkt mikið persónulega áður en það hófst.“

**Haustið**

Við hrun bankanna í byrjun október hófst nýr og sjálfstæður kaflí í stjórnmalasögunni. Við horfðum upp á stjórnarslit, myndun minnihlutastjórnar, boðun kosninga og brottrekstur seðlabankastjóra. Á undan hafði gengið á með ráðaleysi og allrahandafúmi. Ógæfan var algjör en stjórnmalamennirnir föttuðu það ekki. Þó lögregla og mótmælendur væru í slagsmálum í Alþingisgarðinum og bilageymsla þingsins væri notuð til að geyma handteknar hélt þingfundur áfram eins og ekkert væri sjálfsgaðara. Í stað þess að finna lausnir hugsuðu stjórnmalamennirnir um heiður flokka sinna. Og efndu til keppni um besta líkingamálið. Brimskafli, stormur, botn, sker, strand. Þíð munið þetta.

**Sakleysið uppmálað**

Haustið 2008 fór samfélagið á hliðina með bönkunum. Stjórnmalamenn telja sig enga ábyrgð bera. Viðskiptaráðherrann sagði af sér en bara til að reyna að skapa ró. Hann gerði ekkert rangt. Fjármálaráðherrann sækist ekki eftir endurkjöri en bara vegna kröfu samflokksmanna um endurnýjun. Hann gerði ekkert rangt.

Sama er að segja um alla hina. En ef stjórnmalamenn höfðu



FLOTTUR Steingrímur J. Sigfússon varð ráðherra í febrúar eftir átján ár í stjórnarandstöðu. Hann kom á glæsilegri Volvobíreið sinni til ríkisráðsfundar á Bessastöðum. Sannkölluð fasteign á hjólum.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

**Átján þingmenn eru ekki í kjöri á ný**

**Sjálfstæðisflokkurinn**  
 Ármann Kr. Ólafsson féll í prófkjöri  
 Árni M. Mathiesen hættir  
 Björk Guðjónsdóttir féll í prófkjöri  
 Björn Bjarnason hættir  
 Herdís Þórðardóttir (tók sæti Einars Odds Kristjánssonar) hættir  
 Geir H. Haarde hættir  
 Guðfinna S. Bjarnadóttir hættir  
 Jón Magnússon féll í prófkjöri  
 Sturla Böðvarsson hættir

**Samfylkingin**  
 Ágúst Ólafur Ágústsson hættir  
 Einar Már Sigurðarson féll í prófkjöri  
 Ellert B. Schram hættir  
 Gunnar Svavarsson hættir  
 Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hættir  
 Lúðvík Bergvinsson hættir

**Framsóknarflokkurinn**  
 Magnús Stefánsson hættir  
 Valgerður Sverrisdóttir hættir  
 Kristinn H. Gunnarsson féll í prófkjöri

ekkert með hrúnið að gera geta þeir þá endurreist samfélagið? Eru hrun og uppbygging ekki hvor sín hliðin á sama peningnum?

**Óvænt**

Á kjörtímabilinu sem lýkur á laugardaginn næsta urðu svipt-

ingar í stjórnmalunum af öðrum sökum en efnahagslegum. Tveir flokksformenn og forystumenn í þjóðlífinu til margra ára drógu sig í hlé frá pólitíkinni vegna veikinda. Framsóknarflokkurinn laut stjórn fjögurra formanna. Ráðuneyti voru sameinuð. Utan-

flokkafólk settist á ráðherrabekk. Þingmenn óskruðu sig hása út af stjórnarskránni. VG komst í stjórn.

Og fleira óvænt gerðist. Bjarni Harðar varð uppvis að fólsku. Upp komst að Sjálfstæðisflokkurinn lét eigin prinsipp lönd og leið af ótta við gjaldþrot. Formaður Frjálslynda flokksins fékk mótframboð – frá eigin aðstoðarmanni.

Það kom hins vegar ekki á óvart að Kristinn H. lenti upp á kant við samflokksmenn.

**Smá auðmýkt, takk**

Margir tala um að eitthvað gott hljóti að koma út úr hruninu. Nú verði byrjað upp á nýtt. Nýtt Ísland.

Þar sem það hentaði voru stjórnmalamennirnir sammála því og sungu einum rómi; allt upp á borðið. En borðið er enn autt.

**Afsagnir og úrsagnir á kjörtímabilinu**

**Bjarni Harðarson** lét af þingmennsku og sagði sig úr Framsóknarflokknunum.

**Guðni Ágústsson** lét af þingmennsku og formennsku í Framsóknarflokknunum.

**Valgerður Sverrisdóttir** varð formaður Framsóknarflokksins en gaf ekki kost á sér til endurkjörs.

**Björgvin G. Sigurðsson** sagði af sér ráðherraembætti en var láttinn sitja út starfstíma ríkisstjórnarinnar.

**Geir H. Haarde** lét af formennsku í Sjálfstæðisflokknunum.

**Bjarni Benediktsson** varð formaður Sjálfstæðisflokksins.

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir** lét af formennsku í Samfylkingunni.

**Jóhanna Sigurðardóttir** varð formaður Samfylkingarinnar.

**Kristinn H. Gunnarsson** sagði sig úr Frjálslynda flokknum.

**Jón Magnússon** sagði sig úr Frjálslynda flokknum og gekk í Sjálfstæðisflokkinn.

**Karl V. Matthíasson** sagði sig úr Samfylkingunni og gekk í Frjálslynda flokkinn.

**Einar Oddur Kristjánsson** lést á kjörtímabilinu.

Þeir hafa ekkert sagt. Það litla sem við vitum hefur verið dregið upp úr mönnum með tóngum.

Sagt er að við fáum þá stjórnmalamenn sem við eigum skilið. Það breytist ekki á laugardaginn. En er óhugsandi að biðja þá sem þá verða kjörnir um eitt og aðeins eitt? Að þeir sýni þjóðinni örilitla auðmýkt.

Það yrði þínulítið skref í átt að nýju Íslandi.

Siv Fiðleifsdóttir  
1. sæti - Suðvesturkjördæmi

Birkir Jón Jónsson  
1. sæti - Norðausturkjördæmi

Gunnar Bragi Sveinsson  
1. sæti - Norðvesturkjördæmi

Framsóknarflokkurinn er eini flokkurinn sem hefur sýnt raunverulegt frumkvæði og orðið við kröfum kjósenda um endurnýjun. Með kosningu nýs formanns, nýrrar forystu og mikilli endurnýjun á framboðslistum hefur Framsókn svarað kalli almennings eftir raunverulegum breytingum.

Framsókn tók líka frumkvæði í því skipta út fyrrverandi ríkisstjórn með því að styðja við minnihlutaríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna. Tilgangur þess var að brjóta upp doða aðgerðarleysis svo koma mætti í veg fyrir frekara efnahagshrun, aukningu atvinnuleysis og gjaldþrotahrinu heimila og fyrirtækja. Kosningarnar 25. apríl eru viðbrögð Framsóknar við áköfum og sanngjörnum kröfum þjóðarinnar um að fá að stokka spilin upp á nýtt.

Framsókn er eini flokkurinn sem hefur sýnt frumkvæði í að koma með raunverulegar lausnir sem geta tekið á þeim gríðarlega vanda sem íslenskt efnahagslíf og íslenskar fjölskyldur standa nú frammi fyrir. Með 20% leiðréttingu skulda er strax gripið til aðgerða og blaðinu snúið við.

Eftir viku færð þú tækifæri til að taka frumkvæði í þínar hendur og velja breytingar. Framsóknarflokkurinn býður skýran valkost – almennar lausnir sem virka og byggja á þeirri einföldu hugmyndafræði að með því að veita Íslendingum sjálfum svigrúm til að vinna sig út úr vandanum, með dugnaði og atorkusemi, verði þjóðinni best borgið.

- Leiðréttingu skuldir heimilanna
- Stöðvum efnahagshrunið
- Endurreisum efnahagslífið
- Byggjum upp fjölbreytt atvinnulíf
- Bjóðum sumarannir fyrir námsmenn
- Tryggjum öflugt velferðarkerfi
- Semjum nýja stjórnarskrá sem undirstöðu fyrir nýtt Ísland

framsokn.is







VOPNAÐIR UM BORD Í FRANSKRI SKÚTU Sómalskir sjóræningjar beina vopnum sínum að Frökkum um borð í skútunni Tanit 10. apríl síðastliðinn. Franskir hermenn réðust um borð í skútuna skömmu eftir að myndin var tekin. NORDICPHOTOS/AFP

# Sjóræningjar láta fátt stöðva sig

Ein fjölfarnasta siglingaleið heims er í uppnámi vegna **sjóræningja frá Sómalíu**. Ríki heims hafa staðið ráðþrota gagnvart afhæfi þessara ungu manna, sem ráðast um borð í skip og báta á Indlandshafi eða Adenflóa, sigla þeim upp að ströndum Sómalíu og láta ekki af hendi nema gegn lausnargjaldi. *Guðsteinn Bjarnason* hefur fylgst með fréttum af sjóræningjum nútímans.

**V**ið erum kannski að fást við sautjándu aldar glæp, en við þurfum að beita lausnum 21. aldarinnar," sagði Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, nú í vikunni þegar hún kynnti nýjar aðgerðir Bandaríkjanna gegn sjóræningjum í Sómalíu.

Aðgerðir Bandaríkjanna virðast þó vera hógværar. Samhæfa á aðgerðir þeirra ríkja sem sjá um eftirlit á hafsvæðinu út af ströndum Sómalíu, fá skipaútgætur og tryggingafélög til að treysta varnir skipa sem sigla um hinar hættulegu slóðir, beita hina valdalitlu stjórn Sómalíu þrýstingi og ræða við friðargæsluliða sem eru að störfum í Sómalíu.

Clinton boðaði engar beinar hernaðaraðgerðir, þrátt fyrir að Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hafi í desember heimilað ríkisstjórnnum að senda herlið á land í Sómalíu til að elta þar uppi sjóræningja.

## Borgar sig ekki að skjóta

„Það borgar sig ekki að skjóta á þá,“ segir Patrick Marchesseau, franskur skipstjóri sem fyrir rúmu ári var ásamt 30 manna áhöfn eina viku í gíslingu sómalskra sjóræningja. Bandaríska fréttastofan AP ræddi við hann nú í vikunni.

Marchesseau er skipstjóri á lúxus-nekkjunni Le Ponant sem tekur rúmlega 60 farþega og siglir víða um heimsins höf. Áhöfnin var ein um borð þegar átta menn á tveimur litlum bátum með utanborðsmótor réðust um borð síðastliðið vor, þegar leiðin lá um Adenflóa. Mennirnir voru berfættir, illa klæddir og vopnaðir rifflum með gamalt GPS-tæki sér til halds og trausts.

Mikilvægast er að halda ró sinni og missa ekki stjórn á sér, segir Marchesseau, sem slapp heill á húfi ásamt áhöfn sinni viku síðar þegar útgerðin hafði greitt umsamið lausnargjald, rúmlega tvær milljónir Bandaríkjadala.



**BANDARÍSKI SKIPSTJÓRINN** Richard Williams, hægra megin á myndinni, ásamt Frank Castellano, sjóliðsforingja á bandaríska herskipinu Bainbridge. Bandarískir hermenn höfðu bjargað Williams úr klóm sjóræningja um páskana. NORDICPHOTOS/AFP

## Á höttunum eftir peningum

Peningar virðast vera það eina sem þessir menn eru á höttunum eftir. Þeir virðast engin tengsl hafa við hryðjuverkasamtök, þeir virðast ekki vera með nein pólitísk markmið í huga, það eina sem þeir vilja er skjótfenginn gróði.

Sómalía er eitt af fátækustu ríkjum jarðar. Ríkisvaldið er veikburða og ræður engan veginn við að halda uppi lögum og reglu. Fólk þarf að bjarga sér sjálft, og sjóræningjarnir virðast hafa dottið niður á ábata-sama leið til þess.

Þeir sigla út á litlum bátum, ráðast á skip og reyna að ryðjast um borð og ná áhöfninni á sitt vald. Stundum tekst það, stundum ekki og þá sigla þeir bara burt og bíða eftir næstu bráð. Því stærri sem skipin eru, því fleiri sem gíslarnir verða, því dýrmætari sem farmurinn er, því hærra lausnargjalds krefjast þeir af útgerðinni.

## Sjálfskipaðir landhelgisverðir

Enginn veit hve margir sjóræningjarnir í Sómalíu eru, en þeir

virðast þó skipta þúsundum og skiptast í nokkra hópa sem eru misjafnlega vel skipulagðir og misjafnlega vel búinir. Flestir hafa þeir aðsetur í Puntlandi, sem er hérað á norðvesturodda Sómalíu sem neitar að lúta hinni veikburða ríkisstjórn landsins.

Einhverjir sjóræningjanna virðast hafa réttlætt gjörðir sínar með því að segjast vera eins konar landhelgisgæsla fyrir Sómalíu. Þeir segjast vilja stöðva ofveiði vestrænna fiskiskipa og hafa einnig sakað evrópsk ríki um að hafa losað sig við eiturfnaúrgang og jafnvel kjarnorkuúrgang í hafði úti af ströndum Sómalíu.


Kröfur um lausnargjald séu ekki annað en „viðbrögð við þeim eiturfnaúrgangi sem stanslaust hefur verið losaður á strendur okkar í nærri tuttugu ár,“ hafði arabíska sjónvarpsstöðin Al Jazeera í vetur eftir Januna Ali Jama, sem sagður var talsmaður sjóræningjanna.

## Síðbúin viðbrögð

Siglingaleiðin um Adenflóa er ein

## Sjóræningjaskýliðir Sómalíu

Bandaríkin og fleiri ríki reyna að finna leiðir til að stöðva starfsemi sjóræningja frá Sómalíu.



sú fjölfarnasta í heimi, enda þarf að fara þar um ef siglt er frá Miðjarðarhafi um Súesskurðinn til Indlandshafs. Önnur leið er ekki fyrir hendi, nema að leggja á sig ógnarlangan krök fyrir Góðrarvonarhöfða, syðsta odda Afríku. Um tuttugu þúsund skip fara því þarna um á ári hverju.

Allt fram á síðustu mánuði hafa þó aðgerðir ríkja heims gegn sjóránnum verið lítt samhæfar og skilað litlum árangri. Skipaútgætur hafa sjálfar þurft að sjá um öryggi skipa sinna, en lagt mismikla áherslu á það. Sumar útgerðir hafa fengið sér öryggisverði frá einkafyrirtækjum, og meðal annars hefur einn Íslendingur starfað þar suðurfrá undanfarið á vegum bresks öryggisgæslufyrirtækis.

Síðastliðið haust virðist þó sem framferði sjóræningjanna hafi loks orðið til þess að ýta við leiðtogum Vesturlanda, eftir að þeir höfðu rænt risastóru olíuflutningaskipi og gerðust æ biræfnari.

Í október sendi NATO sjö skip á vettvang og Evrópusambandið hefur einnig haldið úti herskipaflota síðustu mánuðina til að gæta öryggis á þessari mikilvægu siglingaleið.

## Aukin harka

Um páskana lögðu þó bæði franskir og bandarískir hermenn til atlögu við sjóræningjanna. Bandaríska hermennirnir náðu að bjarga skipstjóra bandaríks flutningaskips úr klóm þriggja ræningja, sem héldu honum í gíslingu á litlum yfirbyggðum björgunarbát. Ræningjarnir þrír voru skotnir úr lausátri, en skipstjórnin slapp ómeiddur. Fjórir ræninginn hafði áður gefið sig fram og verður fluttur til New York og dreginn þar fyrir rétt.

Leiðangur franskra hermanna, sem réðst um borð í franska skútu 10. apríl síðastliðinn til að bjarga fólki þaðan úr klóm sjóræningja, kostaði einn gíslanna og tvo af ræningjunum lífið, en fjórir gíslanna björguðust og þrjár ræningjar voru handteknir.

Sómalskir sjóræningjar brugðust ókvæða við þessum hernaðaraðgerðum og hótuðu strax hefndum, sem ekkert hefur þó orðið úr enn. Það sem af er þessu ári hafa þeir ráðist á um áttatíu skip, og eru nú með um fimmtán skip og nærri 300 manns í gíslingu.

Ættingjar gíslanna óttast sem von er um líf þeirra, ekki síst ef stefnan verður sú að sýna hörku og hernaðarmátt í viðskiptum við ræningjanna, frekar en að halda ró sinni eins og franskur skipstjóri Marchesseau ráðleggur.

Clinton segir að ekki komi til greina að Bandaríkjamenn semji við glæpamenn um lausnir né neitt annað.





**Tékknesk gæðareiðhjól sem hafa unnið til fjölda verðlauna**



**Reiðhjól Matrix 24"**

24" Reiðhjól m/Hi-Tend  
stell, 18 girar Shimano TZ-30  
Afturskiptingu Shimano TY-18.  
Bremsur Tektro 45AI Álgiarðir  
Demparar að framan.  
3899972

**23.890**  
~~29.879~~



**TAX  
FREE**

**AFNEMUM VSK**

**AF ÖLLUM HJÓLUM laugardag og sunnudag**

**Reiðhjól Energy 20"**

6 gira Shimano Revoshift  
skipting, afturskipting  
Shimano TY-18.  
Álgiarðir, bremsur Tektro 45AL.  
3899968



**19.190**  
~~23.990~~

**Reiðhjól Melody 20"**

6 gira Shimano Revoshift  
skipting, afturskipting  
Shimano TY-18.  
Álgiarðir, bremsur Tektro 45AL.  
3899971



**20.357**  
~~25.448~~

**Reiðhjól 12 og 16"**

Bob the builder og My Bonnie  
3899960/61/62/63



**12"**  
**10.325**  
~~12.390~~

**16"**  
**12.158**  
~~14.590~~

**FRÁBÆRT VERÐ**  
Vönduð og sterk hjól  
með bögglabera,  
brettum, handbremsu,  
bjöllu, endurskini ofl.

**Reiðhjól Unica 26"**

Ál stell 7005 26", framskipting  
Shimano C050, afturskipting  
Shimano TX-31, skipting  
Shimano Revoshift.  
Bremsur Tektro 45AL.  
3899978



**29.190**  
~~36.490~~

**Reiðhjól Impulse 26"**

Heavy duty ál stell 21 girar  
Framskipting Shimano C050  
Afturskipting Shimano TX-31  
Bremsur Tektro 45AL Álgiarðir.  
Demparar að framan.  
3899973



**31.990**  
~~39.990~~

**3.159**  
~~3.999~~



**Reiðhjólahljálmar**  
5872019, 5872037-5872057

**1.579**  
~~1.999~~

**Reiðhjól Seance 26"**

Ál stell 24 girar Shimano Acera.  
Framskipting Shimano C050.  
Afturskipting Shimano Altus.  
Bremsur Tektro 55AL, Álgiarðir.  
Sæti: Author touring GEL Lady.  
3899977



**47.990**  
~~59.990~~

**Reiðhjól Seance 26"**

26" Karlar reiðhjól ál stell.  
24 girar Shimano Acera,  
framskipting Shimano C050,  
afturskipting Shimano Acera.  
Tektro 57AL bremsur.  
Álgiarðir.  
3899976



**51.990**  
~~64.990~~

**1.342**  
~~1.699~~



**Reiðhjólhanskar**  
S-M-L.  
58665940-58665945



**HÚSASMÍÐJAN**  
...ekkert mál



# Tómu húsin í bænum

Síðan hústökufólk kom sér fyrir í auðu húsi að Vatnsstíg hafa vaknað áleitnar spurningar um hversu mörg hús séu auð í bænum og hví sé þannig fyrir þeim komið. *Jón Sigurður Eyjólfsson* brá sér í miðbæinn ásamt ljósmyndurum og kannaði málið.

Fjöldi tómrá húsa og íbúða eru í miðbæ Reykjavíkur. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hefur á skrá 57 hús og íbúðir sem eru tóm samkvæmt þeirra eftirliti. Í könnunarferð sinn komst Fréttablaðið að því að reyndar eru margar þessara íbúða nú þegar komnar í notkun.

Ein af þeim ástæðum sem hústökumenn gáfu fyrir því að þeir yfirtóku húsið að Vatnsstíg 4 er að verktafar kaupir hús í miðbæ borgarinnar, opni þau fyrir útgangsmönnum og láti þau grotna niður

og skapi þannig þrýsting á borgaryfirvöld til þess að gefa leyfi fyrir því að rífa húsin og hefja uppbyggingu í þeirra stað.

Húseigandi einn sem Fréttablaðið talaði við sagði hins vegar að tíð stjórnarskipti í yfirstjórn Reykjavíkurborgar og hringlandahátturinn sem því fylgir hafi sett framtíð húsa í uppnám. Fréttablaðið fór því á stúfana og reyndi að hafa uppi á eigendum tómrá húsa til að spyrjast fyrir um það hvað á að gera við húsin? Af hverju eru þau tóm?



**GAMALT OG NÝTT** Hér ægir saman gömlu og nýju. Þetta hús við Veghúsastíg er reyndar að falli komið meðan nýbyggingarnar í baksýn rísa. Húsið var númer eitt í götunni en hefur nú verið fært, að því er fyrrverandi eigandi segir og tilheyrir nú Klapparstíg. Það er þó víðast enn skráð á Veghúsastíg.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**HVERFISGATA 61** Þetta er ekki hæft til útleigu og verður líklega rífið innan tveggja mánaða. Samson Properties á þetta hús.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**LAUGAVEGUR 46** Sola Capital er skráð fyrir þessum húsi. Ekki náðist í forsvarsmenn þess félags.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**HVERFISGATA 58A** Þetta hús er í leigu nema kjallarinn sem er óíbúðarhæfur. Húsið er í eigu Samson Properties og segir Friðrik Þór Snæbjörnsson að reynt sé halda húsum á þessum stað í leigu en það geti verið erfið vegna sviptinga í málefnum þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




**HVERFISGATA 46** Foldir fasteignapróunarfélag á þetta hús. Önnur og þriðja hæð verða teknar í notkun eftir að endurbótum lýkur, líklegast í sumar, segir eigandinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## HVERFISGATA 46: VERÐUR TILBÚIÐ Á NÆSTU MÁNUÐUM

Benedikt Sigurðsson, er stjórnarformaður Foldar fasteignapróunarfélags, sem á húsið að Hverfisgötu 46. Á jarðhæð er Sportbarinn en önnur og þriðja hæð standa auðar. „Það var verið að vinna í því innanverðu þegar við keyptum það [25. júní 2008] og sú vinna heldur bara áfram og verður líklegast lokið í sumar,“ segir hann. „Þá verður þarna skrifstofuhúsnæði og íbúðir.“

Benedikt er einnig stjórnarformaður Festa.



## AUÐ HÚS Í MIÐBÆ REYKJAVÍKUR

Staðsetning	Eigandi
Hverfisgata 28	Festar ehf.
Hverfisgata 32	Festar ehf.
Hverfisgata 34	Festar ehf.
Laugavegur 21	Festar ehf.
Skýring eiganda: Framtíð húsa í óvissu vegna óreiðu í yfirstjórn borgarinnar.	
Hverfisgata 46	Foldir fasteignapróunarfélag ehf.
Skýring eiganda: Önnur og þriðja hæð tómar vegna endurbóta sem verður lokið í sumar.	
Hverfisgata 58a (autt að hluta)	Vatn og land ehf. (Samson Properties).
Hverfisgata 61	Vatn og land ehf. (Samson Properties).
Skýring eiganda: Hús númer 58a er í leigu nema kjallarinn sem er óíbúðarhæfur. Borgaryfirvöld biða uns Samson Properties gera grein fyrir eignarhaldi félagsins. Friðrik Þór Snæbjörnsson, frá Samson Properties, segir það verða gert innan tveggja mánaða. Hverfisgata 61 er hins vegar óhæft til útleigu og er áætlað að rífa húsið innan tveggja mánaða.	
Hverfisgata 92a	Rauðsvík (Samson Properties)
Skýring eiganda: Friðrik Þór Snæbjörnsson, frá Samson Properties, segir það verða rífið á sama tíma og Hverfisgata 61 eða innan tveggja mánaða.	
Laugavegur 33b	ÁF hús ehf.
Vatnsstígur 4	ÁF-hús ehf.
Skýring eiganda: Hefur unnið í málinu í fjögur ár, skipulagsráð er nú loks að klára það. Þá verður unnið að uppbyggingu reitsins.	
Hverfisgata 41	M. Hlíðdal
Hverfisgata 65	Byggingarfélagið Vöxtur
Hverfisgata 75	Björt Rúnarsdóttir, Þuríður Sævarsdóttir, Marléne Pernier
Bergstaðastræti 12, (bakhús)	Bergtak ehf.
Bergstaðastræti 16	BBH byggingarfélag
Bergstaðastræti 20	Birtingur
Bergstaðastræti 22	Fríða Bragadóttir
Freyjugata 16	Iðunn Angela Andrésdóttir
Grettisgata 20c	Anna María Torfadóttir
Grettisgata 61	Trausti Guðjónsson
Klapparstígur 30	Gamli Sirkus, hús tekið af skrá
Laufásvegur 2	Dugguklettur
Laugavegur 4-6	Framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkur
Laugavegur 46	Sola Capital ehf
Laugavegur 49a	Þórunn Magna Magnúsdóttir, Erla Gísladóttir, Þór Ludwig Stiefel
Lindargata 62	Félagsbústaðir hf. 02/10/1992
Skúlagata 26	Skipulagssjóður Reykjavíkurborgar 28/09/2004
Skúlagata 28	Skipulagssjóður Reykjavíkurborgar 05/03/2004
Veghúsastígur 1	Sigrún G. Fjeldsted
Skýring eiganda: Segir húsið ekki lengur vera á þessu heimilisfangi og hún sé ekki lengur eigandi þess.	



2009

# MÍN VILDARBORG

 Vildarklúbbur

HUGURINN BER PIG  
AÐEINS HÁLFA LEIÐ



**50% AFSLÁTTUR**  
AF VILDARPUNKTUM  
TIL ÞRIGGJA BORGNA Í JÚNÍ

**VILDARPUNKTAR**  
Safnaðu Vildarpunktum hjá Icelandair  
og njóttu á ferð og flugi

Vildarpunktaleikurinn  
**TAKTU ÞÁTT!**

Þú getur unnið 100.000 Vildarpunkta

GEYMIÐ BLAÐIÐ



## Hilton Hhonor GISTING Á GLÆSIHÓTELUM FYRIR VILDARPUNKTA

Vildarklúbbur Icelandair hefur í samstarfi við Hilton Hhonor opnað ótal nýja gistinguþinguleika erlendis þar sem hægt er að nota Vildarpunkta til greiðslu. Félagar í Vildarklúbbnum, sem hafa einnig skráð sig í fríðindaklúbb Hilton Hhonor, geta þannig flutt Vildarpunkta yfir á punktareikninginn sinn hjá Hilton Hhonor og notað þá síðan til greiðslu fyrir gistingu sem pöntuð er í gegnum Hilton Hhonor.

Hægt er að sækja um aðild að fríðindaklúbbi Hilton Hhonor á heimasíðu Hiltonhótelanna og eftir að sótt hefur verið um aðild er hægt að flytja Vildarpunkta til Hilton Hhonor í gegnum heimasíðu Vildarklúbbs Icelandair. Hægt er að flytja að lágmarki 5.000 Vildarpunkta í einu og verður fjöldi Vildarpunkta að hlaupa á 5.000.

Við mælum eindregið með að félagar kynni sér verð og framboð á heimasíðu Hilton Hhonor áður en punktar eru fluttir yfir. Það þarf um það bil 30.000 Hilton Hhonor punkta (breytilegt eftir hótélum) fyrir eina gistingu á Hilton hótélum.

- 5.000 Vildarpunktar samsvara 10.000 Hilton Hhonor punktum.
- 10.000 Vildarpunktar samsvara 20.000 Hilton Hhonor punktum.
- 15.000 Vildarpunktar samsvara 30.000 Hilton Hhonor punktum.
- 20.000 Vildarpunktar samsvara 40.000 Hilton Hhonor punktum.

Kynnið ykkur möguleikana á [www.vildarklubbur.is](http://www.vildarklubbur.is)



## Points.com

### Ennþá meira val fyrir félagar í Vildarklúbbi Icelandair

Vildarklúbbur Icelandair er í samstarfi við points.com, Vildarpunktamiðlun á netinu þar sem fólk bjóðast ótal nýir möguleikar til að nýta Vildarpunktana sína. Þar er t.d. hægt að nota Vildarpunkta hjá Icelandair til að greiða fyrir flugfar með bandarískum flugfélögum eins og Delta, American Airlines og Aeroplan, greiða fyrir gistingu um allan heim og bílaleigu eða kaupa t.d. gjafabréf hjá Amazon, Best Buy, giftcertificates.com og margt fleira.

Félagi í Vildarklúbbi Icelandair skráir sig inn hjá points.com og tilgreinir um leið hjá hvaða samstarfsaðila hann safnar Vildarpunktum, í þessu tilfalli Icelandair, og síðan er ekkert því til fyrirstöðu að njóta ávaxtanna af Vildarpunkta-söfnun í gegnum points.com.

Kynnið ykkur málið betur á [www.points.com](http://www.points.com)



# VILDARFE

## OKKAR



*Ásdís Björg Pálmadóttir  
og Rúnar Gíslason.*

### Fjölskyldan skemmtir sér í Köben

Við hjónin höfðum verið að plana og leggja drög að því að panta hina árlegu utanlandsferð okkar með börnin til sólarlanda þegar við fengum óvæntan tölvupóst þess efnis að hægt væri að fá ferðir með Icelandair fyrir helmingi færri Vildarpunkta en giltu venjulega. Við höfðum verið dugleg að safna Vildarpunktum og ákváðum nú að grípa svo hagstætt tækifæri og koma dætrumum virkilega á óvart. Við pöntuðum því samstundis vikufé til Kaupmannahafnar og gistingu fyrir fjölskylduna í eina viku og greiddum fyrir þetta allt með Vildarpunktum.

Dætur okkar höfðu aldrei farið til annarra landa en sólarlanda og við vorum því mjög spennt að bjóða þeim í þessa ferð til Kaupmannahafnar. Við höldum þessu alveg leyndu fyrir stelpunum þar til við vorum öll komin út í bíl á brottfarardaginn.

„Hvert haldið þið að við séum að fara?“ spurðum við dæturnar þar sem þær sátu í aftursætinu, spenntar af tilhlökkun

„Í Húsdýragarðinn?“ spurði önnur þeirra.

„Erum við að fara í sumarbústað?“ spurði hin.

Þær urðu svo sannarlega yfir sig kátar, þegar þær heyrðu að við værum að fara í dýragarð og í flottasta tívoli í heimi, í Kaupmannahöfn, og þarf ekki að orðlengja, að við áttum ógleymanlega viku saman í Köben, í sól og 25 stiga hita alla dagana. Ekki spillti ánægjunni að fyrir flugfarið þurftum við ekki að borga annað en flugvallarskattana og gistingin kostaði ekki krónu, svo við nutum þess, öll fjölskyldan að eiga kost á því að nota Vildarpunktana sem við hjónin höfðum safnað.

### U2 í Orlando fyrir Vildarpunkta

Eins og allir vita eru horfurnar í efnahagsmálum ekkert sérdeilis spennandi þessa dagana og við hjónin höfðum því ákveðið fyrir nokkru að ferðast innanlands og biða betri tíma með það að bregða okkur út fyrir landsteinana. Við vorum orðin fullkomlega sátta við þessa ákvörðun þegar vinir okkar, sem eru búsettir í Florida, hringdu í okkur og freistuðu okkar svo um munaði. Þau voru búin að kaupa fjóra miða á tónleika í Orlando með U2 sem verða í haust. Þau sögðu að við yrðum að skella okkur; þetta væri tækifæri sem við mættum ekki sleppa.

Við elskum auðvitað bæði Orlando og U2 en fannst við eiginlega ekki hafa efni á svona „lúxus“. Allir eru hálfsvartsýnir á framtíðina vegna efnahagsástandsins. En þá komu Vildarpunktarnir til bjargar – eins og oft áður. Við fórum að kanna hvað við ættum marga punkta og kom í ljós að við áttum saman næga Vildarpunkta fyrir flugfari til Orlando og gistingu allan tímann. Við slógum því til og ætlum að skella okkur á tónleika með U2 í Orlando þrátt fyrir kreppu og barlóm. Ég er sannfærð um að stuðið á tónleikunum verður virkilega hressandi og ferðin til Florida ógleymanleg fyrir okkur eins og allar ferðirnar þangað hingað til. Þetta er enn ein sönnun þess fyrir okkur hjónin að það getur margborgað sig að safna Vildarpunktum í Vildarklúbbi Icelandair.

## VILDARPUNKTAR Í SAGA SHOP

Félagar í Vildarklúbbi Icelandair fá Vildarpunkta þegar þeir versla í Saga Shop, tollfrjálsri verslun Icelandair, um borð í vélum Icelandair, í verslun Saga Shop í Leifsstöð eða á vefsíðu Saga Shop. Fjöldi punkta ræðst af fjárhæðinni sem verslað er fyrir og má sjá töflu yfir punktafjöldann á vefsíðu Vildarklúbbsins. Klúbbfélagar geta einnig notað Vildarpunktana sína til að greiða fyrir tiltekna, valdar vörur í Saga Shop. Þessar Vildarvörur, sem sjá má hverju sinni á vefsíðu Vildarklúbbsins, [www.sagashop.is](http://www.sagashop.is), verður að panta fi mm virkum dögum fyrir brottför og aðeins er hægt að afhenda réttthafa Sagakortsins Vildarvörurnar. Vildarpunktar verða teknir af korthafa á frísvæði við Keflavíkurflugvöll stuttu fyrir brottför.

### Saga Shop á netinu

Við viljum benda á að allar vörur, sem eru í boði í Saga Shop, er hægt að panta fyrirfram á vefsíðu Saga Shop og fá þær afhentar um borð í Icelandairvél eða í Saga Shop versluninni í Leifsstöð þegar farið er um Keflavíkurflugvöll. Pantan þarf í síðasta lagi 72 klukkustundum fyrir afhendingu vöru um borð en fimm virkum dögum áður en vara er sótt í verslun Saga Shop í Leifsstöð. Athugið að vörurnar á netinu eru ekki allar til um borð í flugvélum Icelandair.





### Spennandi hlutverk

Hrólfur Sæmundsson barítón er kominn með samning við óperuna í Aachen.

SÍÐA 2



### Stærsta leiklistarhátíð Íslandssögunnar

Þjóðleikur á Austurlandi

SÍÐA 6



„Ég ætla að láta reyna á þetta“

Það gengur mikið á í starfi Bjarna Hauks Þórssonar þessa dagana: Selma Björnsdóttir er nú í undirbúningsvinnu fyrir æfingar á Grease, ásamt samverkafólki sínu: Þorvaldi Bjarna tónlistarstjóra, Brian Pilkington leikmyndahönnuði og Maríu Ólafsdóttur búningahönnuði; vinnan fyrir frumsýningu á Grease í Loftkastalanum hinn 11. júní er í fullum gangi. Og ekki nóg með það: í Loftkastalanum, sem varð að fullburða leikhúsi vorið 1995, er verið að taka húsið í gegn. Þar ætlar Bjarni Haukur að reka leikhús næstu árin: „Það er verið að gera húsið aftur boðlegt fyrir fólk.“

MENNING PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

**Þ**að er verið að taka upp teppi og laga gólf. Stólararnir komu úr Regnbogunum og voru alls ekki óþægilegir, en það þurfti að laga gorma og setur. Það hefur ekkert verið hugsað um þá. Svo er bara verið að taka allt í gegn: rafmagn, klósettin. Þetta er dýr framkvæmd en það er ódýrara en að byggja frá grunni, fara inn í hrátt rými og breyta því í leikhús.“

#### Pabbinn og fleira

Bjarni hefur hin síðari ár lagt gjörva hönd á margt: hann leikstýrði síðla vetrar sýningu í Þjóðleikhúsinu og hafði þá um nokkurt skeið einbeitt sér að samningu og flutningi einmannssýninga:

Pabbanum og Hvers virði er ég? Hann ætlar reyndar um næstu mánaðamót að setja upp nokkrar sýningar af Pabbanum. Sýningar eru orðnar 120 og tíundi hver Íslendingur hefur séð sýninguna. Enn fleiri eru kunnugir leikstíl og kómískum tilþrifum Bjarna af Hellisbúanum, sem er ein fjölsóttasta leiksýning Íslensks síðari áratuga. Þetta er vanur maður: hefur staðið fyrir leiksýningum og sjónvarpsþáttaframleiðslu hér heima og víðar um Norðurlönd. Var því að undra að hann kæmi sér upp leikhúsaðstöðu?

#### Dagar Loftkastala

Sú frétt barst út síðla vetrar að Bjarni Haukur væri búinn að taka

Loftkastalann á leigu. Eigendur hússins höfðu þá horfið í bili frá þeim áætlunum að rífa gamla Sindrahúsið og byggja þar stórhýsi með íbúðum fyrir aldraða. Staðföst ákvörðun Bjarna að hefja á ný leikhúsrekstur í húsinu kom á óvart: eftir að Flugfélagið Loftur rann inn í samsteypuna Leikfélag Íslands og það fór litlu seinna í þrot töldu flestir að dagar leikhúsrekstrar vestur á Seljavegi væru taldir, þótt Sigurður Kaiser héldi þar áfram um nokkra hríð. Það eru rúm tuttugu ár síðan leiksýningar hófust þar í gamla vélasalnum sem gengur vestur úr húsinu: fyrst fór þangað inn Frú Emelía.

Framhald á bls. 4

Veðurskrift  
Weather Writing  
Guðrún  
Kristjánsdóttir

Listamannsspjall  
sunnudag kl. 15.

#### Hafnarborg

Menningar-  
og listamiðstöð  
Hafnarfjarðar.

Strandgata 34  
www.hafnarborg.is

Opið alla daga kl. 11 – 17  
og fimmtudaga til kl. 21.  
Lokað á þriðjudögum.

4. apríl – 10. maí  
2009



PISTILL

Páll Baldvin Baldvinsson

## Reksturinn í Tónlistarhúsi

Framtíð Tónlistarhússins er ráðin. Fjármagn er nú tryggt til að ljúka byggingunni þótt allt sé óráðið um umferðarfrákvæmdir sunnan við húsið og allt flæmi frá rótum Arnarhóls að Miðbakka suður að Hafnarstræti bíði endurskipulags: hótél, nýbygging Landsbankans, fjármálamiðstöð og fleiri byggingar sem til stóð að byggja á svæðinu eru nú minnisvarðar á pappír.

Borgarstjóri hefur varpað fram þeirri hugmynd að Listaháskólinn rísi á þessu svæði en rektor Listaháskólans hafnaði henni þegar í stað. Ekki er þó útséð að það fyrirtæki sem hugðist reisa skólann og standa fyrir frekari uppbyggingu vestan Rauðvíkur lifi fjármálakreppuna af.

Þegar hefur verið lýst áhuga ríkis og borgar að auka opinbera starfsemi í húsinu: þar verði sýningaraðstaða fyrir Íslensku óperuna og þangað flytjast starfsemi Íslenska dansflokksins úr Borgarleikhúsi eftir 2012. Vandséð er að þar muni mikið um: aðsókn að sýningum Dansflokksins hefur verið heldur dapurleg hin síðari misseri. Víst bráðvantar Borgarleikhúsið aðstöðu ef heldur áfram jafn góðum gangi þar í rekstri eftir þennan vetur. Þrír salir kæmu til nota fyrir danssýningar í húsinu eftir umfangi en vafasamt er að binda húsnæði þar undir skrifstofur og æfinga- og aðstöðu fyrir flokkinn.

Óperan á nú í vandræðum með að koma fleiri en einni sviðsetningu á svið. Þegar litið er til áhorfenda og umfangs starfsemi óperu og listdans vaknar sú spurning hvort þeirri starfsemi sé ekki betur fyrir komið aftur undir væng Þjóðleikhússins og þá frekar dregið þar úr leikstarfsemi. Ef litið er til sviðsetningafjölda Þjóðleikhúss í upphafi 1950 og nú kemur í ljós að fjöldi sviðsetninga nú er tvöfalt meiri.

Má spyrja hvort ekki sé skynsamlegt að draga úr styrk Þjóðleikhúss til leikstarfsemi og auka sem því nemur við styrki til sjálfstæðra leikhópa?

Þegar rekstur á Tónlistarhúsi, í framkvæmd og til framtíðar, er komin í opinbera forsjá er rétt að menn staldri við og endurhugsi rekstraráætlanir hússins, taki að ákveða hvernig listrænni og fjármálalegri stjórn þess verður háttað. Ekki veitir af fyrirhyggju ef húsið á að vera tilbúið til notkunar eftir tvö ár – 24 mánuði.



Er ekki rétt að menn staldri við og endurhugsi rekstraráætlanir Tónlistarhússins?



# 3 stórhlutverk í boði OG SAMNINGUR Í HÖFN

Hrólfur Sæmundsson barítón er kominn með samning við óperuna í Aachen. Þrjú stór og spennandi hlutverk bíða hans: Papagenó, Pelleas og Ford í Falstaff. Mozart, Debussy og Verdi. Í Aachen opnast honum stókkpallur á svið víðar í Evrópu.

MENNING PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Hrólfur tók í vetur þátt í keppni í Haldenstein og lenti í öðru sæti í sinni rödd. Í framhaldi af þeirri kynningu sem fékkst með keppninni streymdu að honum tilbøð um vinnu: Leipzig, Aachen og Salzburg. Eftir nokkra umhugsun og með ráðum nýs umboðsmanns þar ytra, Peter Seyfferth, ákvað hann að fara til Aachen.

Hrólfur er þekktastur fyrir að hafa stofnað og rekið Sumaróperuna, en hún setti upp sex sýningar sumrin 2002-2007, meðal annars í samstarfi við Listahátíð, Þjóðleikhús, Borgarleikhús og Íslensku óperuna. Hann segir að eftir að kreppti að hafi verkefnið dottið upp fyrir og því hafi verið einráðið að halda utan. Harkið hér heima hafi einfaldlega ekki freistað þegar stærri verkefni gufuðu upp, Íslenska óperan dró saman og jarðarfara söngurinn einn beidi ungs manns. Fjölskylduádstæður hafi líka breyst, frúin ætlar í nám og heldur fjölskyldan öll út til nýrra ævintýra.

Hrólfur hefur hingað til ekki leitað mikið út fyrir landsteinana.

Það eru fjölbreytt hlutverk sem buðust honum hjá keppendum um vinnu hans: Papagenó í Töfraflautunni, Pelleas í Pelleas og Melisande, Figaro í Rakaranum í Sevilla, alls tíu hlutverk; allt mjög stór. Þegar allt var komið á borðið kaus hann Aachen. Af samtali við Hrólfr mátti ráða að það er í raun það breiða svið sem kallar: „Debussy er erfiður og hlutverkið mjög stórt, tekur 140 síður í 200 síðna handriti. Eins er Ford í Falstaff spennandi og erfiður.“

Hrólfur slæst því í haust í hóp margra íslenskra söngvara sem hafa fengið menntun sína og reynslu hér en sækja sér framhaldsmenntun út og lenda þar í harðri samkeppni um vinnu sem margir þeirra fá. Heimalandið verður því gístastaður og þær nætur fáar sem þessir listamenn eyða hér við undirbúning á flutningi fyrir þá sem kostuðu menntun þeirra fyrst í stað og fóstruðu þá fyrstu skrefin: íslenska skattgreiðendur.

## Nýir hæfileikar líta dagsins ljós

ÚTSKRIFTARSÝNING LISTAHÁSKÓLANS Á KJARVALSSTÖÐUM

Á sumardaginn fyrsta, fimmtudaginn 23. apríl verður opnuð sýning með verkum 73 útskriftarnema úr myndlistardeild og hönnunar- og arkitektúrdeild Listaháskóla Íslands á Kjarvalsstöðum. Verk nemenda á sýningunni er afrakstur þriggja ára BA-náms við Listaháskólann, þar sem markmiðið hefur verið að skapa nemendum aðstöðu til að mennta sig sem listamenn og gera þá reiðubúna að takast á við viðtæk viðfangsefni á skapandi og gagnrýnni hátt með forvitni, áræði og framsækni að leiðarljósi segir í tilkynningu frá skólanum.

Meðal þeirra fjölbreyttu verka sem verða á Kjarvalsstöðum eru vídeóskúlptúrar, ljósmyndir, furðuverur, innsetningar, úti-



Draumfarir. Úr myndbandsverkinu „Mara“ eftir Þórð Grímsson, útskriftarnema úr myndlistardeild.

verk, klippimyndir, draumfarir, málverk, teikningar, gjörningar, veggspjöld og rannsóknarstofa. Sýningarstjórar eru Finnur Arnar

Arnarsson, Kristján Örn Kjartansson og Kristján Eggertsson. Sýningin stendur til 3. maí og aðgangur er ókeypis.

GERÐUBERG Menningarmiðstöð

2009



18. apríl kl. 14

**Cinzia D'Ambrosi** ljósmyndari, verður með leiðsögn um sýningu sína *Myrkur sannleikur - Kolanámumenn í Kína*. Leiðsögnin fer fram á ensku og er á dagskránni *Ferðafagnaður* sem Höfuðborgarstofa stendur fyrir á þessum degi.

[www.ferdafagnadur.is](http://www.ferdafagnadur.is)

Viltu vera vinur Gerðubergs? Kíktu á [www.facebook.com](http://www.facebook.com)!

Sýningarnar eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16. Leiðsögn fyrir hópa. Netfang: [gerduberg@reykjavik.is](mailto:gerduberg@reykjavik.is) s. 575 7700

Gerðubergi 3-5 | 111 Reykjavík | Sími 575 7700 | [www.gerduberg.is](http://www.gerduberg.is)





# N&N

## NOTAÐ & NÝTT



# GERÐU GÓÐ KAUP

> Húsgögn, húsbúnaður, skrifstofuhúsgögn, lampar, ljós fatnaður, skór, töskur og fleira á frábæru verði.

Komdu og skoðaðu úrvalið!

ENN LÆGRA VERÐ  
Á VÖLDUM VÖRUM



Opnunartími:

Virka daga 11-18

Laugardaga 11-16

>> Tökum á mótí vörum utan opnunartíma,  
upplýsingar í síma 517-2030



Notað og Nýtt > Mörkinni 1 > sími: 517 2030



Tryggðu þér miða á



# STOFUTÓNLEIKA LISTAHÁTÍÐAR

Helgina 22. til 24. maí verða **25 STOFUTÓNLEIKAR** á jafn mörgum heimilum í Reykjavík, í póstnúmerum 101 til 111. Aðeins **ÖRFÁ SÆTI** í boði.



Retro Stefson, FM Belfast og MC Plútó, 101 Reykjavík

Föstudagur 22. maí

**Benda slagverkshópur**, Heiðargerði 1b, **Ólöf Arnalds**, Ingólfsstræti 10, **Vicky**, Holtsgötu 39, **Bloodgroup**, Hólmaslóð 2, **Retro Stefson, FM Belfast** og **MC Plútó**, Ingólfsstræti 21a, **Weirdcore**, Hólmaslóð 2, **Reykjavík!**, Smiðjustíg 4a.



Ágerður Jóníusdóttir, 107 Reykjavík

Laugardagur 23. maí

**Áshildur Haraldsdóttir** og **Katie Elizabeth Buckley**, Túngötu 44, **Benóný Ægisson**, Skólavörðustíg 4c, **Gershwin í Mýrinni**, Kjartansgötu 9, **Spilmenn Ríkínís**, Dómkirkjulofninu, **Miðillinn**, í flutningi **Ásgerðar Jóníusdóttur**, Melhaga 2, **Melchior**, Bugðulæk 17, **Jón Ólafsson**, Hagamel 33, **Sigrún Hjálmtýsdóttir** og **Stofukvartettinn**, Vesturbrún 4, **amiina**, Grundarstíg 10.



Kristjana Stefáns og Agnar Már Magnússon, 109 Reykjavík


Sunnudagur 24. maí

**Melakvartettinn**, Þórsögðu 18, **Dvorák-hópurinn**, Hávallagötu 18, **Stofutónleikar í Stekknum**, Urðarstekk 3, **Felix Bergsson**, Starhaga 5, **Valgerður Andrésdóttir** og **Ingibjörg Guðjónsdóttir**, Grettisgötu 39, **Barrokk í Þingholtunum**, Bragagötu 27, **Djass í Breiðholti**, Vesturbergi 137, **Tómas R. Einarsson**, Reynimel 24 (bílskúr), **Duo Landon**, Laugarnestanga 70.

Miðasala á [www.listahatid.is](http://www.listahatid.is)  
[www.midi.is](http://www.midi.is)

15.-31. MAÍ

2009



LISTAHÁTÍÐ  
Í REYKJAVÍK

REYKJAVÍK ARTS FESTIVAL



FRETTABLAÐIÐ

Iceland Express

Radisson

SAMSKIP



## Framhald af forsíðu

Þegar Loftur tók við húsinu 1995 var þar lengi kraftmikil starfsemi. Og nú er Bjarni tekinn við.

## Hundrað og fimmtíu þúsunda markaður

„Ég ætla að láta á þetta reyna. Mér finnst ótækt að nánast allt leikhúslíf Íslendinga sé annaðhvort ákveðið af borgarleikhússtjóra eða þjóðleikhússtjóra. Í 150 þúsund manna byggðakjarna á að vera pláss fyrir privátsenu – einkarekið leikhús. Ég er búinn að fylgjast með þessu á Norðurlöndum, Bretlandi og Þýskalandi. Og þetta á að vera hægt. Hins vegar verður maður að marka sér skýra stefnu. Þetta er ekkert lúxusleikhús, en þetta er salur fyrir 400 gesti, svið og

að átta sig á því að vilji þau auka tekjur í húsinu má þetta ekki bara vera tóm vesen. Húsið stendur autt tvo mánuði á ári en þangað fer enginn inn því engum er treyst fyrir að ganga þar um tæki og tól.“

Bjarni hefur líka unnið í Gamla bíói og Borgarleikhúsi en þar verða sýningar einkaaðila að víkja þegar regluleg starfsemi húsa fer í gang. Þar eru sjálfstæðir hópar vijkandi. Það er því af reynslu sem hann ræðst í að koma Loftkastalunum í gang.

## Endurtekið efni - nýir áhorfendur

Og hvað tekur við þegar Grease hefur gengið í sumar? „Ef vel tekst til verða sýningar á Grease fram eftir hausti. Fjölskyldusýningar eins og Grease eiga að koma upp reglulega. Sérðu vinsældirnar sem Kardemommubærinn nýtur núna. Í Kaupmannhöfn er hann settur

aldrei fengið fastan stað. Reykjavík Comedy Festival. „Ég sleppi „International“ úr heitinu í bili en stefni að því að fara í gang í haust, kannski fyrst bara í þrjú kvöld, einhvern tíma milli Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar og Iceland Airwaves. Ætlunin er að opna glugga fyrir upprennandi og eldri uppstandara á Íslandi. Þá vil ég reyna að fá til landsins bæði þekkt og minna þekkt erlenda uppstandara og hef þegar heyrt af áhuga nokkurra þekktara breskra uppstandara.“

## Tónlist til gamans

Loftkastalinn hefur líka verið skjól fyrir tónleikahald: „Við ætlum að ríða á vaðið með KK og vinum, en ég vil gjarna koma á föstum uppákomum, kalla til fólk í flutning laga eftir meistara söngleikjanna, Gershwin, Rodgers og



Það er eitt af því sem ég hef aldrei skilið við leikhús hér hvers vegna kynslóðir þurfa að bíða árum saman eftir verkum sem allir eiga að sjá á réttum aldri.

aðstaða. Ég ætla bara að láta reyna á þetta – og ef það gengur ekki upp – þá gengur það ekki upp. En þetta verður að vera fyrir alþýðuna – alþýðuleikhús. Verkin sem fara þarna upp verða að geta selt miða.“

## Styrkt samkeppni

Samkeppnisaðilar Bjarna eru allir styrktir ríkulega af opinberu fé: Þjóðleikhúsið, Íslenska óperan, Borgarleikhúsið, Tjarnarbær sem er verið að endurbyggja núna og til verður næsta haust. Nyrðra er Leikfélag Akureyrar með tvær litlar senur og fær brátt aðgang að nýju 400 sæta húsi, Hofi. Í Hafnarfirði er gamla áhaldahúsið en þar hefur Hermóður og Háðvör haft aðstöðu en samningur félagsins við bæ og ríki rennur út í lok þessa árs.

Í öll þessi hús hafa sjálfstæðir leikhópar leitað, bæði eftir húsa-skjóli og samstarfi. Bjarni útilokar ekki samstarf við sjálfstæða leikhópa: „Við getum tekið áhættu með leikhópum og þeirra sýningum,“ segir hann. „Ég hef reynt að leigja Þjóðleikhúsið en það er þvílíkt reglugerðarrugl. Þau verða að

upp á hverju ári. Það er eitt af því sem ég hef aldrei skilið við leikhús hér hvers vegna kynslóðir þurfa að bíða árum saman eftir verkum sem allir eiga að sjá á réttum aldri.“ Verkefnið sem fyrirhugað er með haustinu er franskt: Boeing, Boeing, var það kallað og er það franska verk sem komið hefur oftast upp. Höfundurinn er íslenskur leikhúsgestur vel kunnur: Marc Camelotti, sá sem skrifaði Sex í sveit. Boeing, Boeing naut mikillar hylli á sjöunda áratugnum og var þá leikið af Leikfélagi Kópavogs. Fyrir tveimur árum var það leikið aftur á West End í London og varð feikilegur smellur sem fluttur var á Broadway. Hér verður það Sigurður Sigurjónsson sem setur verkið á svið.

## Spott og spaug

Bjarni segist hafa fleiri verk í undirbúningi en hann ætlar sér að taka eitt skref í einu. Hann ætlar að stofna til hátíðar sem helguð verður uppstandi og gamanleik. Það verði að styrkja þann þátt í leikmenningu okkar sem hafi í raun verið afar farsæll á árhátíða- og skemmtanasviðinu en hafi

Hammerstein, Webber, Björn og Benny. Það furða margir sig á því en hér á landi er fullt af fólki sem fílar söngleiki og það sem meira er, fullt af fólki sem getur sungið.“

## Úrtölur og áráði

En eru ekki nógir til að draga úr honum áráðið? „Jú, það eru margir sem hafa komið að máli við mig og spurt hvort ég fylgist ekki með fréttum? En ég spyr bara á móti: Ef ekki núna, þá hvenær? Við erum að sjá samdrátt á mörgum sviðum, í utanlandsferðum, sumarleyfi verða öðruvísi, allt er að breytast. Leikhúsið stendur aldrei betur en á samdráttartímum. Ég er bjart-sýnn á að þetta takist og ef það gengur ekki, þá það.“

## Ný störf í innlendri framleiðslu

Gróflaga er talið að það séu rúmlega átta hundruð störf í íslenskum leikhúsiðnaði. Stærstur hluti þeirra nýtur opinberra styrkja eftir nokkrum leiðum. Þótt Bjarna tækist ekki nema að auka starfajöldann um einhverja tugi væri sá árangur merkilegur. Hann ætlar að frá mars í ár fram á sumarbyrj-





### GOTT FRAMTAK

Siggí Anton og Guðbjörg Jóhannsdóttir felldu hugi saman á viðskiptastefnumóti. **BLS. 2**



### ÍSLENKIR LESTARTEINAR

Nemendur við Borgarholtsskóla smíða lestarteina sem eiga að sameina betur þjóðir Evrópu. **BLS. 2**



### Lagersala!

Vönduð garðhúsgögn frá Sun Furniture, Garden Signature, Royal Teak og Saccaro.

Opið: Laugardag 11-16 & Sunnudag 13-16

*Signature*  
... húsgögn

Vesturhraun 3, 210 Garðabæ S.771 2099  
www.signature.is

# heimili&hönnun

FRÉTTABLAÐ LAUGARDAGUR 18. APRÍL 2009



## ÚT FYRIR RAMMANN

Bryndís Bolladóttir beitir nýstárlegum aðferðum í hönnun sinni þar sem fyrirmyndin er handverk fyrri tíma.

BLS. 2

## FRÁBÆR TILBOÐ

**TOSHIBA  
LCD BREIÐTJALD  
32 TOMMUR**

Toshiba 32AV500PG  
32" LCD breiðtjald með 1366x768  
upplausn, Progressive Scan,  
20.000:1 dýnamískri skerpu,  
Active Vision LCD, stafrænum ofl.

**TILBOÐ  
104.995**

FULLT VERÐ 139.995

Toshiba 19DV550PG  
19" LCD Sjónvarp með innb. DVD spilara, HD-READY, 1440x900  
punkta upplausn, 1000:1 skerpu, Nicam Stereo DTS hljóðkerfi,  
Analog móttakara, HDMI, Component, Composite og Analog Audio,  
Scart og PC(VGA, S-Video og heyrnatólstengi).



**TILBOÐ  
59.995**

FULLT VERÐ 99.995

**TOSHIBA  
MEÐ DVD SPILARA  
19 TOMMUR**



**Heimilistæki** ht.is



## hönnun



● **RÓSAPÚÐI** Þúða má fá í öllum stærðum, gerðum, formum og litum. Þessi fallegi rósapúði fæst í John Lewis-verslunum í Bretlandi en einnig er hægt að versla þar í gegnum netið, [www.johnlewis.com](http://www.johnlewis.com).

## Ást við fyrstu sýn

**H**önnunarmiðstöð Íslands og Innovit standa fyrir verkefninu Orkuveríð, viðskiptastefnumóti hönnuða og viðskiptafræðinga sem miðar að því að koma á auknu samstarfi milli stéttanna og efla framleiðslu og sölu á íslenskrí hönnun. Vöruhönnuðurinn Siggí Anton og viðskiptafræðingurinn Guðbjörg Jóhannsdóttir hittust á slíku stefnumóti. „Þetta er mjög gott fyrir unga hönnuði sem eru að fóta sig, þurfa að vinna fjárhagsáætlun og sækja um styrki, að eiga í góðu samstarfi við aðila sem veita aðhald og geta átt í árangursríkum skoðanaskiptum við þá,“ segir Siggí Anton. „Ég myndi segja að það væri nauðsynlegt fyrir hönnuðina að fá sjónarhorn einhvers með viðskiptaþekkingu til að drífa verkið áfram alla leið,“ bætir Guðbjörg við og segir samstarf þeirra Sígga Antons hafa gengið mjög vel. „Hann kom með hugmynd að tilbúinni vöru, Lucio vegggljósinu, og við stöndum framarlega í ferlinu; erum að skoða með hvaða hætti er hægt að koma vörunni betur út á markaðinn og möguleika á útflutningi.“ Þau segjast vera með Norðurlöndin í sigtínu, einkum Svíþjóð. „Ljósið hefur verið selt í Móðern og hægt að panta það á [www.birkiland.com](http://www.birkiland.com). Nú stendur hins vegar til að koma því í verslanir erlendis á árinu.“ Þau eru bjartsýn á framtíðina. „Þetta eflir vitund fólks um þverfagleg vinnubrögð,“ segir Guðbjörg. „Nú er um að gera að nýta sköpunarhæfni fólks, sem sumir vilja meina að geti komið okkur upp úr kreppunni,“ bætir Siggí Anton við. - rve



● **Forsíðumynd:** Vilhelm Gunnarsson tók mynd á heimili Bryndísar Bolladóttur **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórn:** Roald Eyvindsson [roald@frettabladid.is](mailto:roald@frettabladid.is) og Emília Örlýgsdóttir [emilia@frettabladid.is](mailto:emilia@frettabladid.is) **Auglýsingar:** Hlynur Þór Steingrímsson s. 512 5439 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir [kristina@frettabladid.is](mailto:kristina@frettabladid.is).



Vörurnar framleiðir Bryndís í samstarfi við Örva. Þær fást í Mýrinni í Kringlunni og Kraum.


FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Gamalt blúndumunstur tekur á sig nýja mynd

● Textilhönnuðurinn Bryndís Bolladóttir framleiðir, í samstarfi við Örva, plastdiskamottur og -skálar með hekl-munstri. Diskamotturnar fást með þrenns konar munsturáferð og skálarnar í þremur mismunandi stærðum.

„Í vörum mætast gamlir og nýir tímar en það gefur oft góða raun,“ segir Bryndís ánægð með útkomuna.

Hún hefur frá árinu 2003 verið í samstarfi við Örva, sem er vinnustaður fyrir fatlaða sem framleiðir ýmsar plastvörur. „Þegar atvinnulífið fór að róast dróst saman hjá Örva eins og annars staðar. Fyrir vikið höfðu þeir eins og önnur fyrirtæki meiri tíma og finnst mér sem hönnuði allt annað að koma inn í fyrirtæki nú samanborið við árið 2007. Örvi hefur hingað til gert þakkingar utan um textílvörur mínar en fyrir skömmu fór ég að skoða tækjabúnaðinn hjá þeim og fékk verkstjórana til að sýna mér hvernig vélarnar virkuðu. Mig langaði að vita hvort ég gæti á einhvern hátt



Diskamotturnar fást með þrenns konar munstri.

sameinað textílinn og plastið. Ég prófaði alls kyns textílefni en datt svo niður á heklið,“ segir Bryndís innt eftir því hvernig hugmyndin kviknaði.

Í samstarfi við tvær vinkonur, sem eru vanar hekli, þróaði Bryndís réttu munstrin. Heklið er síðan notað sem skapalón sem

er hitapressað ofan í plastið. Það er svo fjarlægð en eftir situr textílfáferðin. Bryndís notar þrenns konar munstur á diskamotturnar sem heita Esja, Hekla og Katla en munstrið í skálarnar, sem fást í þremur stærðum, nefnir hún Öskju.

Bryndís segir marga hafa það á orði við sig að vörurnar séu þjóðlegar. Hún er sama sinnis þó hekl sé vitanlega ekki eingöngu íslenskt fyrirbæri. „Það minnir okkur á gamla tíma en þessi yfirfærsla á plastið tengir það við nútímann. Ég hugsa að mörgum þættu hekláðar diskamottur sætar í dag en heldur ópraktískar. Plastmotturnar hafa þetta gamla yfirbragð en eru hentugri í notkun enda bara hægt að skola af þeim.“

- ve

## Veggfóður



arctic Reykjavík  
[www.arctic-designs.is](http://www.arctic-designs.is)  
Sími: 544 8001

## Lestarlíkan sameinar Evrópu

Óhætt er að segja að nemendur við málmdeild Borgarholtsskóla hafi haft í nógu að snúast síðustu tvö ár. Þeir hafa á þeim tíma tekið þátt í samvinnuverkefni 24 evrópskra verkmenntaskóla sem kallast European CNC-Network og miðar að gerð lestarlíkans sem til stendur að tengja saman og á þannig að tákna sameinaða Evrópu. Aðalsteinn Ómarsson, kennari við málmdeild skólans, er umsjónarmaður íslenska verkefnisins en hann ferðast til Brussel í næstu viku þar sem útkoman verður til sýnis í húsakynnum Evrópusambandsins.

„Skólunum var skipt í þrjá hópa sem fengu það verkefni að smíða lestarvagna eða -teina,“ segir hann. „Þannig féll það í hendur okkur Íslendingum að smíða lestarteina og svo hluti í gufu-eimreið sem keyrir hina vagnana áfram þótt við

seum síður en svo þekkt fyrir lestarkerfi. Hinum þótti það reyndar bráðfyndið og kannski vorum við meðal annars þess vegna valin til verksins.“ Á annan tug nemenda við skólann hafa beint og óbeint komið að smíðinni sem Aðalsteinn segir hafa gengið vonum fram. „Þetta hefur gengið mjög vel. Svo má segja að þátttakan hafi eflt málmdeildina í þeim skilning að skólinn varð að kaupa nýjan tækjabúnað, þar sem vinnsla í tölvustýrðum kerfum var sett sem skilyrði fyrir þátttöku,“ bendir hann á og bætir við að sé þetta kjörið tækifæri fyrir Evrópuþjóðirnar til að kynna skólastarfi hverra annarra. „Nú svo er aldrei að vita nema þetta verði upphafið að einhverju meiru. Menn vita að minnsta kosti hvert þeir geta leitað ef einhvern tímann stendur til að leggja lestarteina hér á landi,“ segir hann og hlær.



Upplýsingar um verkefnið eru á vefsíðunni [www.cnc-network.eu](http://www.cnc-network.eu)

tímann stendur til að leggja lestarteina hér á landi,“ segir hann og hlær.

- rve





**FYRIRLESTUR** um huldufnið fer fram í Öskju, náttúrufræðihúsi Háskóla Íslands, í dag klukkan 14. Árdís Elíasdóttir, stjarneldisfræðingur við Princeton-háskóla í Bandaríkjunum, flytur erindi um rannsóknir sínar á þessu dularfulla efni.

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447

# ÞALLT

## Costa del Sol

3. maí – 18 nætur

21. maí – 12 nætur

frá kr. **99.900**

- með morgunverði

### Ótrúlegt sértíloð

#### Hotel Betania

- Nýlegt og notalegt hótél
- Frábær staðsetning



### 12 eða 18 nætur – ótrúleg kjör!

Heimsferðir bjóða frábært sértíloð á síðustu sætunum í maí til Costa del Sol. Njótta lífsins á þessum vinsæla áfangastað og gistu á Hotel Betania sem er einfalt en notalegt og vel rekið hótél sem opnaði árið 2006 og býður ágætis staðsetningu í Benalmádena. Við hótelið er lítil en notalegur garður með sundlaug, bar, sólbáðsaðstöðu, veitingastað/kaffiteríu, sjónvarpsstofu, internetaðgengi fyrir gesti o.fl.. Á Hotel Betania eru 53 herbergi sem eru með gervihnattasjónvarpi, síma, öryggishólfu, loftviftu til loftkælingar og baðherbergi. Morgunverður er innifalinn í gistingu.

**Aðeins örfá herbergi í boði!**



Verð kr. **99.900**

– 12 nætur með morgunverði

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Betania \*\*+ í 12 nætur með morgunverði. Sértíloð 21. maí til 3. júní. Aukagjald fyrir einbýli kr. 34.000.

Verð kr. **114.900**

– 18 nætur með morgunverði

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Betania \*\*+ í 18 nætur með morgunverði. Sértíloð 3.-21. maí. Aukagjald fyrir einbýli kr. 47.000.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000  
Akureyri • sími 461 1099 • [www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



Vorlegur Dúi Landmark á leið út úr bænum á vit ævintýranna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Hafgola, selta og nýmeti

Vorloftið heillar Dúa Landmark, kvikmyndagerðarmann, úr borgarysnum út í dreifbýlið. Hann hefur nýlokið við vormynd um mófugla og er væntanlega kominn vestur á firði þegar þetta birtist.

„Oft hef ég farið á þessum árstíma að veiða svartfugl. Nú er útlit fyrir að ég geti blandað þeirri veiðiferð saman við annað ferðalag vestur á Suðureyri við Súgandafjörð,“ segir Dúi þegar hann er inntur eftir áformum sínum um helgina. „Fyrirtækið Fiskaklettur býður ferðamönnum upp á sjóstangaveiði á Suðureyri og Róbert Schmidt, vinur minn, starfar þar sem leiðsögumaður. Ég er á förum vestur að skoða þessa starfsemi og taka upp kynningarefni. Fer með vinkonu minni sem heitir Lena og geri ráð fyrir að Róbert slái upp

matarveislu, því hann er afbragðs kokkur,“ bætir hann við og hlakkar greinilega til.

Dúi hyggst fljúga vestur og taka hólkin með. Þegar minnst er á nýlega sjónvarpsmynd af Austfirðingi á svartfuglsveiðum sem fór illa í Skandinava segir hann hógvæ: „Við reynum að gera þetta af stakri hófsemi og virðingu fyrir bráðinni. Í mínum huga er það vorboði að láta hafgoluna leika um kinn, þefa af sjávarseltu og ná sér í nýmeti.“

Atvinnuleysið er ekkert að hrjá Dúa. „Ég er með dálítið af verk-

efnum erlendis. Er að vinna fyrir franska sjónvarpið og hef gert að jafnaði þrjár myndir á ári fyrir það frá 2001. Svo var ég að ljúka við íslenska fuglamynd sem hefur verið nokkur ár í smíðum. Henni er ætlað að fara með áhorfandann út í móa og svipta hulunni af því sem þar gerist á vorin. Hún er að mestu tekin í friðlandinu í Flóa, sem býr yfir fjölskrúðugu fuglalífi. Eg hafði gott fólk með mér í því verk efni, til dæmis Jóhann Óla Hilmars-son fuglafræðing, sem þekkir þetta svæði eins og baðherbergið heima hjá sér.“

[gun@frettabladid.is](mailto:gun@frettabladid.is)



friendtex

**ÚTSALA**

Opið í dag frá 11:00-16:00

**Nú 2 fyrir 1**

af öllum buxum & Allar peysur

**2 fyrir 1**

☺ ☺ ☺

Lokað á laugardögum í maí.

Bonito ehf. Friendtex,  
Faxafen 10, 108 Reykjavík,  
sími 568 2870 - [www.friendtex.is](http://www.friendtex.is)

**VÍSIR.IS**

“...ég sá það á vísi”



# HÆLGIN

**VIÐEYJARSTOFA** er opin frá klukkan 13.30 til 17.00 í dag og hægt að fá sér kaffi og með því. Boðið verður upp á fría leiðsögn um eyjuna frá 13.15 og frá 14.00 til 16.30 er opinn smíðavöllur fyrir börnin.



## KOLAPORTIÐ

**Kolaportið er OPIÐ**  
**laugardaga og**  
**sunnudaga**

**frá kl. 11<sup>00</sup>-17<sup>00</sup>**



Tryggvagötu 19 • 101 Reykjavík  
Sími 562 5030 • [www.kolaportid.is](http://www.kolaportid.is)

...allar stærðir af dekkjum

# DEKKJA VERKSTÆÐI

**NOTUÐ DEKK  
ÓDÝR DEKKJASKIPTI**

# VAKA

...á verði fyrir þig!

Eldshöfða 6 / Sími 567 6700  
[hjalp@vakahf.is](mailto:hjalp@vakahf.is) / [www.vakahf.is](http://www.vakahf.is)

Hringdu í síma

# 512 50 60

ef blaðið berst ekki



Hestarétt á Skyggni.

MYND/ÓMAR SMÁRI ÁRMANNSSON

## Menningarganga um Gerðavelli

**Menningar- og sögutengd ganga um Gerðavelli verður farin í dag. Gengið verður um söguvið Grindavíkurstriðs, Junkara og búskapar í Grindavík.**

Menningargangan í dag er í boði Grindavíkurbæjar og Saltfiskssetursins og hefst klukkan 13 við Stóru-Bót, þar sem nýtt söguskilti verður vígt. Gangan tekur 1 til 2 klukkutíma en stoppað verður víða á leiðinni og fræðst um sögu staðanna. Ómar Smári Ármannsson og Sigrún Franklín munu sjá um fræðsluna.

Verð: **32.000,-**

Borðstofuskenkur  
240cm

Verð: **178.000,-**

Einnig til í 180cm



**-15%**



## RIO stóll

Fáanlegur í nokkrum litum  
Verð áður: **14.800,-**  
Verð nú: **12.580,-**



OPAL leðurstóll  
Einnig fáanlegur í brúnu og hvítu  
Verð: **15.800,-**

**-15%**



Stækkanlegt borð  
Stærð: 160cm(248cm)x100cm  
Verð áður **89.000,-**  
VERÐ NÚ **75.650,-**

Zen leðurstóll  
Eingöngu fáanlegur í brúnu leðri  
Verð **16.500,-**

Stækkanlegt borð  
Stærð: 200cm(288cm)x110cm  
Verð: **139.000,-**

Stærð: 160cm(248cm)x100cm  
Verð: **128.000,-**



## FLOTT HÚSGÖGN Á GÓÐU VERÐI

LUND tungusófi  
Stærð: 232x160cm færanleg tunga  
Fáanlegur í 2 litum  
Verð: **158.000,-**



EAST COAST tungusófi  
Stærð: 260x180cm  
Færanleg tunga  
Fáanlegur í 3 litum  
Verð: **187.000,-**



Metro tungusófi  
Stærð: 266cmx166cm  
Microfiber ákæði  
Fáanlegur í tveimur litum  
Verð áður: **198.000,-**  
VERÐ NÚ: **148.500,-**



**-25%**

PLAZA tungusófi  
Stærð: 285x162cm  
Fáanlegur í 3 litum  
Verð áður: **248.000,-**  
Verð nú: **198.400,-**



**-20%**





Tekrúsir húsbóndans og húsfreyjunnar.

## Útskornar rósir, fuglar og fiðrildi

**M**r. & Mrs. Jones heitir þessi óvenjulega búshaldalína breska hönnuðarinn Polly George. Línan, sem er skreytt handgerðum brjóstmyndum, samanstendur af krúsum, tekatli, brauðstandi, smjördiski, sítrónupressu og mjólkurflöskum.

Sams konar gripi má fá með útskornum fiðrildum, rósum og fuglum. Þótt hlutirnir séu stílhreinir og lausir við marglit munstur og rósaflúr þá er yfir þeim breskur bragur og koma settleg teboð í grámóskulegu veðri óneitanlega upp í hugann. Sjá nánar á [www.pollygeorge.com/](http://www.pollygeorge.com/) -ve



Tilheyrandi brauðstandur.



Smjördiskur í stíl.



## Goran Superform

- raunhæft námskeið sem kemur þér í form á 4 vikum.

Goran Micic íþróttafræðingur hjálpar þér að ná líkamlegum og huglægum framförum og stíga örugg en einföld skref í átt að bættri heilsu.

Þú kynnist nýjum möguleikum í matarvali, þ.á.m. mat sem örvar fitubrennslu. Þú lærir hvernig á að glíma við matar- og sykurþörfina og hvernig þú brennir meira og léttist hraðar.

### Nýtt á Íslandi. Superform matartaska.

Nú bjóðum við fólki að taka með sér matartösku heim eftir hverja æfingu. Goran útbýr töskuna sérhannaða fyrir þig með þína orkuþörf í huga sem tryggir þér hámarks árangur í ræktinni.



### Vilt þú:

- Efla orku þína og komast í form?
- Léttast og bæta meltinguna?
- Styrkja ónæmiskerfið og heilsuna?
- Koma jafnvægi á hormónana?
- Auka andlega vellíðan?
- Bæta minni og einbeitingu?



## KINESIS

5 tímar á viku.

Takmarkaður fjöldi.

Einkaráðgjöf hjá Goran.

Persónuleg næringaráðgjöf.

Ráðgjöf við matarinnkaup.

Næringadrykkur í lok hvers tíma.

Herðanudd í pottum eftir æfingar.

Technogym-lykillinn fylgir þér gegnum æfingarnar og hefur að geyma stíllingar þínar fyrir hvert og eitt tæki og safnar upplýsingum um árangur þinn og elju.



Námskeiðið hefst 20. apríl

6:30 | 7:30 | 10:00 | 12:00 | 16:30 | 17:30

Skráðu þig núna!



Grand Spa | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | Sími 578 8200 | [www.grandspa.is](http://www.grandspa.is)



# Lagersala!

Vönduð garðhúsgögn frá Sun Furniture, Garden Signature, Royal Teak og Saccaro.

Opið: Laugardag 11-16

Sunnudag 13-16

*Signature*  
húsgögn

Vesturhraun 3, 210 Garðabæ S.771 2099  
[www.signature.is](http://www.signature.is)







un 2010 verði um 150 hlutastörf til í kringum reksturinn, endurbætur, daglegan rekstur, undirbúning sýninga og viðburða og sýningarnar sjálfar. Saman dregið áætlað hann að hér séu að verða til milli fimmtíu og sextíu ársverk. Breytingar á fristundalífi vegna aðstæðna í fjármálalífi kalla á að skemmtanaíðnaður eflist innanlands og þeirri kröfu hyggst hann mæta.

#### Afþreying hins opinbera

Einkarekið leikhús hefur alltaf átt á brattann að sækja í íslensku samfélagi enda hafa íslensk stofnana-leikhús sótt hart inn á svið sem í öðrum löndum þætti vera fyrir rekstur einkaleikhúsa. Það hefur reyndar verið álitamál hefur mörgum þótt, hversu fíkin íslensk stofnana-leikhús eru í rekstur sýninga sem eru hrein kassastykki. Þjóðleikhússtjóri hefur margoft varið þá stefnu og leikhússtjóri LR heldur henni fast fram, samanber Fló á skinni og Söngvaseið. Tilkoma einkarekins leikhúss á höfuðborgarsvæðinu sætir því nokkrum tíundum og áhrif þess reksturs munu segja til sín á fleiri stöðum.

#### Samkeppnisstaða

Á árdögum síðustu stóru bylgjunnar á liðinni öld í rekstri einkarekinna leikhúsa sem lauk með stóru gjaldþroti upp á 260 milljónir, reyndu einkarekin leikhús árangurslaust að fá hömlur settar á rekstur ríkisstyrktra leikhúsa, en án árangurs. Atvinnustarfsemi af því tagi skyldi án nokkurra skjóla verða að keppa við leikhús styrkt af sveitarstjórnnum og ríki. Og hið opinbera spýtti frekar í rekstur sinna leikhúsa þegar samkeppni kom upp frá einkareknum leikhúsum. Það var hugsunarháttur embættismanna og kjörinna fulltrúa sem nú verður reynt aftur á. Veldi leikhúsa sem njóta aðstöðu í húsnæði og rekstrarstyrkjum er varið, styrkir til sjálfstæðra leikhópa eru hafðir minni máttar og ofríki hinna stóru tryggt – á kostnað skattborgara. Aðstaða til samkeppni er afar ójöfn – og óréttlát. Hvernig Bjarna og hans áætlunum reiðir af í þeirri samkeppni er óljóst. Það er bara að biða þess að endurbótum á Loftkastalanum ljúki og Grease fari í gang.


## BÆTT Í JÓLASÍÐI

### Jólaævintýri Dickens fyrir börn og fullorðina

**Bjarni vill reyna að koma á** þeim síð að setja upp sérstakar jólasýningar sem verða bara á fjölnum í kringum jóla eins og nokkrum sinnum hefur verið reynt af minni leikhópum og

Þjóðleikhúsinu. Sá síður er í heiðri hafður víða um lönd þar sem það er fastur liður að fjölskyldur fara saman í leikhús í aðdraganda jóla og fram á þrettándann. Verkið sem hann

ætlað að sýna um jólin er Jólaævintýri Dickens, sígilt verk um anda jólanna og búrann og nirfilinn Scrooge. Leikstjóri verður Jón



Gunnar Þórðarson, en sýningin verður full af hljóðum og furðum þótt leikarinn sé aðeins einn sem flytur hana.

# STÓRKOSTLEG BÓK

Átakanleg en hlý skáldsaga um örlög einnar fjölskyldu og um leið heillar þjóðar á miklum umbrotatímum

„Heillandi . . . Lesandinn leggur bókina frá sér bergnuminn.“


JYLLANDSPOSTEN

Heittrúarbylgjan skellur á Íran,  
hláturinn þagnar og skothríð  
tekur við af bænakalli.

Íbúarnir bregðast við á ólíkan hátt;  
sumir beygja sig undir ofurvald  
klerkanna, aðrir rísa upp til varnar og  
gjalda fyrir með frelsi sínu og lífi.

„Lifandi, litrík og dramatísk.“

AFTENPOSTEN



JPU  
JPV ÚTGÁFA  
www.forlagid.is

FRUM-  
ÚTGÁFA  
Í KILJU



1999 - 2009

# Foreldrahús

BORGARTÚNI 6 105 REYKJAVÍK  
gamla Rúgbrauðsgerðin, bakhús

*Bodskort*

## VIÐ ERUM 10 ÁRA OG BJÓÐUM ÞÉR OG ÞÍNUM Í AFMÆLIÐ Í DAG 18. APRÍL KL. 14 - 17 Í BORGARTÚNI 6

verðum á bílastæðinu á bakvið  
og innan dyra í Foreldrahúsi

*Dagskrá*  
fyrir alla  
fjölskylduna

grillpýlsur, drykkir, hoppikastali,  
töframaður (14.30), leikir,  
afmælisterta, andlitsmálun,  
blöðrur ofl.

láttu sjá þig :)  
kíktu í tertu og kaffi...



FORELDRAHÚS  
BORGARTÚNI 6 105 REYKJAVÍK

STYRKJARADILI FORELDRAHÚSS:

Smurstöðin Stórahjalla, Dalvegi 16A  
Snorri Hjaltason, byggingaverktaki  
og Brynhildur Sigursteinsdóttir




“...ég sá það á vísi”



Aðstandendur  
Þjóðleiks  
Frá vinstri: Tinna  
Gunnlaugsdóttir,  
Bjarni Jónsson,  
Karen Erla Erlings-  
dóttir, Þórdís Elva  
Bachmann, Vig-  
dís Jakobsdóttir  
og Sigtryggur  
Magnason.

## STÆRSTA LEIKLISTARHÁTÍÐ Íslandssögunnar Á AUSTURLANDI

LEIKLIST  
BERGSTEINN  
SIGURDSSON

**S**tærsta leiklistarhátíð sem haldin hefur verið hérlandis fer fram á Egilsstöðum 24.-26. apríl. Þar verða 28 sýningar á vegum þrettán leikhópa sem allir hafa starfað undir merkjum Þjóðleiks, tilraunaverkefnis á vegum fræðsludeildar Þjóðleikhússins og fleiri aðila, í vetur.

Hátt í 200 þátttakendur, víðs vegar að af Austurlandi koma saman á Egilsstöðum og halda lokahátíð sína en hóparnir hafa að undanförunu sett upp verk sín í heimabæjum þar eystra, allt frá Vopnafirði til Hafnar í Hornafirði. Leikarar í sýningunum eru á aldrinum 13-20 ára en stjórnendur þeirra hafa í vetur notið handleiðslu fagmanna frá Þjóðleikhúsinu. Þjóðleikhúsið er aðili að Vaxtarsamningi Austurlands og gengst fyrir verkefninu í samstarfi við Menningar- miðstöð Fljótsdalshéraðs og marga fleiri aðila á Austurlandi um skipulag og framkvæmd verkefnisins.

Eitt meginhlutverk Þjóðleiksverkefnisins er að efla leiklistarstarf ungs fólks og hvetja til nýsköpunar í íslenski leikritun. Ævintýrið hófst síðasta sumar þegar þrjú ung leikskáld, þau Bjarni Jónsson, Sigtryggur Magnason og Þórdís Elva Bachmann, voru valin af Þjóðleikhúsinu til þess að semja leikrit fyrir þetta grasrótastarfið.

Að sögn Vigdísar Jakobsdóttur, hjá fræðsludeild Þjóðleikhússins, er sex ára draumur og tveggja ára undirbúningur að verða að raunveruleika. „Þegar við auglýstum eftir hópum til að taka þátt í þessu verkefni áttum við von á fimm til sex; þeir voru

hins vegar þrettán, sem fer langt fram úr okkar björtustu vonum.“ Hóparnir eystra völdu sér síðan eitt þessara nýsömdu verka og unnu sínar sýningar og sýndu í heima- byggð. Á hátíðinni verða verkin hins vegar öll flutt tvisvar á þremur dögum – alls fjórtán uppfærslur á þremur mismunandi verkum. „Þeir allra áhugasömustu geta skipulagt sig þannig að þeir komist á allar sýningar,“ segir Vigdís. „Það verður ekki síst lærdóms- ríkt fyrir leikhópana að sjá aðrar uppsetning- ar á sama verki og þeir settu upp.“

Vigdís segir markmið Þjóðleiks vera mörg. „Þarna er Þjóðleikhúsið í beinu samtali við landsbyggðina og miðlar af þeirri þekkingu sem er til í húsinu til leikhúsfólks út á landi,“ segir hún. „Við erum að búa til vettvang og tækifæri fyrir ungt fólk til að taka þátt í leik- list, á sumum stöðum hafði til dæmis ekki verið sett upp leiksýning í háa herrans tíð. Þetta er líka tækifæri til að tengja byggðar- lögin í þessum landshluta saman, krakkar frá ýmsum stöðum hittast og deila vinnu sinni. Og síðast en ekki síst erum líka að búa til öðruvísi tækifæri fyrir íslensk leikskáld.“

Vigdís vonar að Þjóðleikur sé kominn til að vera og verði haldinn reglulega í framtíðinni, helst annað hvert ár. „Þetta er of umfangs- mikið til að hægt sé að halda þetta á hverju ári, það þarf þetta auka ár upp á að hlaupa, bæði til skipulagningar og til að afla fjár. Í ljósi efnahagsástandsins vitum við að það verður erfiðara næst, en nú erum við búin að fara í gegnum þetta einu sinni og höfum grunn til að byggja á. Það væri mikil synd að láta það fara í súginn.“

## Verk eftir Rúrí vígt í München

MYNDLIST  
ANNA  
MARGRÉT  
BJÖRNSSON

Osram-fyrirtækið keypti nýverið verk af íslensku myndlistar- konunni Rúrí en það verður stað- sett fyrir utan aðalstöðvar fyrir- tækisins í München. Verkið, sem heitir Aqua - Silence, verður vígt í næstu viku og er mynd- bandsverk þar sem vatn birtist á margvíslega vegu, í formi hafsins, fossa og jökla. Innsetning Rúríar er hluti af seríu sem Osram hefur haldið í München og nefnist Seven Screens en með henni vonast þeir til að kynna umhverfisvæn viðhorf og ábyrgð stórfyrirtækja í heiminum. Verk Rúríar þykir einmitt innihalda þrjú meginþema, tíma, afstöðu og alheiminn og í senn hið godsagna- kennda og táknaða afl sem vatnið er fyrir mannkyninu öllu. Frekari upplýsingar eru á www.osram.de/art/sevenscreens



Aqua - Silence Myndbandsverk sem fjallar um vatn á margvís- lega vegu.



# Þökkum frábærar viðtökur!

sjáumst í Þjóðleikhúsinu



## HART Í BAK

Einstök leikhússperla

★★★★EB, FBL

Yfir 12.000 gestir!  
Sýningum lýkur 15. maí

Fim 23/4	kl. 20:00	Ö	Lau 9/5	kl. 20:00	Ö
Lau 2/5	kl. 20:00	Ö	Fös 15/5	kl. 20:00	Ö
Fös 8/5	kl. 20:00	Ö			



Sprellfjörug  
fjölskylduskemmtun



Meira en  
**60**  
uppseldar  
sýningar



Miðasala á sýningar  
haustsins er hafin!  
[www.leikhusid.is](http://www.leikhusid.is)

**Spennandi sýningar á fjölnum í vor**

| Sædýrasafnið | Prettándakvöld | Eterinn | Skoppa og Skríttla í söng-leik | Í Óðamansgarði | CREATURE |  
| Teach us how to outgrow our Madness |



## AÐ TJALDABAKI

**Fimm nýjar þýðingar** koma út á vef Bókmenntafræðistofnunar HÍ snemma í næstu viku. *Um kveðskap á þjóðtungu* eftir Dante Alighieri, í ritstjórn Gottskálks Jenssonar og þýðingu Kristjáns Árnasonar; *Mimesis. Framsetning veruleikans í vestrænum bókmenntum* eftir Erich Auerbach, ritstjóri er Torfi H. Tulinius en Gauti Kristmannsson er aðalþýðandi; *Fagurfræði og miðlun. Úrval greina og bókakafla* eftir Walter Benjamin, í ritstjórn Ástráðs Eysteinsonar en Benedikt Hjartarson er aðalþýðandi; *Svört sól. Geðdeyfð og þunglyndi* eftir Juliu Kristeva. Dagný Kristjánsdóttir ritstýrir og Ólöf Pétursdóttir þýðir; *Hið póstmóðerníska ástand. Skýrsla um þekkinguna* eftir Jean-François Lyotard. Ritstjóri er Björn Þorsteinson en Guðrún Jóhannsdóttir þýðir. Bækur Háskólaútgáfunnar hafa hlotið nokkurn fjölda tilnefninga til verðlauna frá því í desember síðastliðnum.



**Lauga vegurinn kallast** viðamikil verkefni á vegum sex myndlistarmanna, sem saman reka listamannahúsið START ART, og samanstendur af myndlistarsýningu, gjörningi og bók. Sýningin og gjörningurinn eru tileinkuð þeim konum sem þvoðu þvott í gömlu Þvottalaugunum í Laugardal. Sýningunni verður hleypt af stokkunum 15. maí næstkomandi.

**Sýning nemenda Myndlistaskólans** í Reykjavík opnar í dag í Listasafni Íslands. Nemendurnir kynntu sér verk Magnúsar Pálssonar á sýningunni Nokkrir vinir fyrir skemmstu. Afraksturinn af þessu samstarfsverkefni fræðsludeildar Listasafnsins og Myndlistaskólans í Reykjavík má nú sjá á vinnustofu barna á jarðhæð safnbyggingarinnar við Fríkirkjuveg. Sýningin verður opnuð á laugardag kl. 13.00 að viðstöddum listamanninum sjálfum og stendur til 3. maí.

# Fjögurra vikna lúxusnámskeið

fyrir konur og karla



Sjöfn Sigþórsdóttir hjúkrunarfræðingur og María Kristjánsdóttir lögmaður

Námskeiðið er **frábær leið** til að auka **styrk, úthald**

og **hreyfigetu**. Við erum betur í stakk búnar að **takast á við krefjandi verkefni**

Gissur Ísleifsson tölvunarfræðingur



Ég breytti um **LÍFSSTÍL** og **pú getur það líka**. Búinn að missa yfir **20 kíló** á **tveimur og hálfum mánuði** og er **enn að léttast**



Lúxusnámskeið NordicaSpa er hannað til að koma þér af stað á mjög árangursríkan og einfaldan hátt. Tilgangur námskeiðsins er að koma þér á æðra stig hvað varðar líkamlega og andlega heilsu.

- Fimm tímar í viku – Brennsla og styrkur
- 3 öflugir brennslutímar
- 2 styrktartímar í sal undir handleiðslu þjálfara
- Vikulegar mælingar
- Ítarleg næringarráðgjöf
- Fyrirlestur – Borðaðu til að léttast og auka orkuna
- Slökun og herðanudd eftir hverja æfingu
- Hollustudrykkur eftir hverja æfingu
- Takmarkaður fjöldi
- 6:30, 7:30, 10:00, 16:30 og 18:30 fimm sinnum í viku
- Þjálfari er Gunnar Már Sigfússon

## 1. vika – Orkuhleðsla

Í fyrstu vikunni byggir þú upp orku og kemur líkamanum í jafnvægi.

## 2. vika – Öflug melting – Aukin brennsla

Í viku tvö er verið að efla og bæta meltinguna til að þú fái sem mest út úr holla matnum sem þú ert að borða.

## 3. vika – Hormóna jafnvægi – Hreinsun

Þriðja vikan mun koma jafnvægi á hormónaflæði líkamans sem mun hafa áhrif á skap þitt, lífsorku og kraft.

## 4. vika – Ónæmiskerfi eft – Jafnvægi

Í viku fjögur byggjum við upp ónæmiskerfið og hjálpum því að verja líkamann á náttúrulegan hátt.

## Ný námskeið hefjast 4. maí

Skráning er hafin í síma 444 5090 eða [nordicaspa@nordicaspa.is](mailto:nordicaspa@nordicaspa.is) ■ [www.nordicaspa.is](http://www.nordicaspa.is)

Hilton Reykjavík Nordica Hotel  
Suðurlandsbraut 2  
Sími 444 5090  
[nordicaspa@nordicaspa.is](mailto:nordicaspa@nordicaspa.is)  
[www.nordicaspa.is](http://www.nordicaspa.is)

N O R D I C A S P A



# 5125050

Auglýsingasími



- Mest lesið





## Langar þig til að gefa Vildarpunkta?

Vildarpunktar geta verið tilvalin gjöf handa vini eða ættingja. Á vefsíðu Vildarklúbbsins getur þú keypt Vildarpunkta og gefið hvaða félagi Vildarklúbbsins sem er. Hægt er að gefa að hámarki 30.000 Vildarpunkta á ári.



## Hvernig safnar þú Vildarpunktum?

Það margborgar sig að punkta niður draumferðina með því að safna Vildarpunktum en til þess verður þú að vera félagi í Vildarklúbbi Icelandair. Ef þú ert ekki félagi í Vildarklúbbum geturðu sótt strax um að ganga í klúbbinn á vefsíðu okkar, [www.vildarklubbur.is](http://www.vildarklubbur.is). Við sendum þér lykilorð til að skrá þig inn á síðuna þína á vefnum. Sagakort fá félagar sent eftir fyrsta flugið sitt með Icelandair. – Ef Sagakortið þitt er týnt getur þú endurnýjað kortið þitt með því að hringja í síma 50 50 100. Þú færð síðan kortið sent heim og getur strax byrjað að safna Vildarpunktum.

### Þú safnar Vildarpunktum þegar ...

#### ... þú flýgur með Icelandair ●

Fjöldi punkta ræðst af því hvað þú greiðir fyrir farmiðann, til hvaða áfangastaðar er flogið og á hvaða farrými. Þú verður að muna að skrá númerið á Sagakortinu þínu, þegar þú bókar, svo að Vildarpunktarnir skili sér örugglega inn á Vildarreikninginn þinn.

#### ... þú verslar í Saga Shop ●

Þegar þú kaupir vöru í Saga Shop, um borð í flugvélum Icelandair, í Leifsstöð eða á vef Saga Shop færðu Vildarpunkta og fjöldi punkta ræðst af fjárhæðinni sem þú kaupir fyrir.

#### ... þú flýgur með Flugfélagi Íslands ●

Ákveðin flugfargjöld hjá Flugfélagi Íslands veita klúbbfélögum Vildarpunkta þegar þeir eru sjálfir farþegar. Framvísa verður Sagakorti við innritun. Bóka þarf flug með minnst þriggja daga fyrirvara hjá Flugfélagi Íslands í síma 570 3030. Ef þú bókar á vefnum er nauðsynlegt að skrá Sagakortsnumerið þitt á tiltækt blað við innritun í flug.

#### ... þú gistir á Icelandair-hótelum og Edduhótelum ●

Dvöl á Icelandair-hótelunum og Edduhótelum gefur Vildarklúbbsfélaga, sem er skráður fyrir herberginu 500 Vildarpunkta fyrir hverja nótt, óháð því á hvaða vikudegi og hvaða tíma ársins er gíst. Mundu að láta skrá Sagakortsnumerið þitt við bókun svo Vildarpunktar skili sér á Vildarreikning þinn.

#### ... þú leigir bíl hjá Hertz ●

Fyrir hverja leigu hjá Hertz, hér heima eða erlendis, færðu 500 Vildarpunkta ef þú ert skráður er fyrir bílnum, óháð því í hve langan tíma billinn er leigður.

#### ... þú notar Icelandair American Express ●

Með Icelandair American Express safna korthafar Vildarpunktum af allri veltu bæði innanlands og í útlöndum. Einn af frábærum kostum kortsins er félagamiðinn. Þú nýtir einn Vildarpunktamiða og færð annan frían. Að auki

fá korthafar 5.000 til 10.000 Vildarpunkta við fyrstu notkun kortsins. Með Classic Icelandair American Express safna korthafar frá 10 Vildarpunktum fyrir hverjar 1.000 krónur og með Premium Icelandair American Express safna korthafar frá 15 Vildarpunktum fyrir hverjar 1.000 krónur. Hægt er að sækja um kortin á [www.americanexpress.is](http://www.americanexpress.is)

#### ... þú ert félagi í Vörðu Landsbankans ●

Vörðufélagar fá Vildarpunkta fyrir ýmis viðskipti við Landsbankann meðal annars fyrir virk viðskipti barna í Sprotanum, við gerð samnings um Launavernd og við gerð samnings um lífeyrissparnað Landsbankans. Kynntu þér málið á [www.landsbanki.is](http://www.landsbanki.is)

#### ... þú notar Vildarkort VISA og Icelandair ●

Handhafi Vildarkorts VISA og Icelandair verður sjálfkrafa félagi í Vildarklúbbi Icelandair. Handhafar kortanna ávinna sér Vildarpunkta af notkun kortanna innanlands hjá söluaðilum sem hafa samning við VALITOR, þ.m.t. af rað- og boðgreiðslum. Þú getur safnað Vildarpunktum á hverjum degi með því að nota Vildarkort VISA og Icelandair, t.d. með því að beina viðskiptum þínum til Vildarfyrirtækja VISA og Icelandair (sjá lista á vef Vildarklúbbsins) en Vildarfyrirtækin veita korthöfum afslátt í formi Vildarpunkta.

#### ... þú verslar hjá Olís ●

Nú getur þú safnað punktum í Vildarklúbbi Icelandair á öllum þjónustustöðvum Olís, hvort sem þú greiðir með korti eða peningum. Ef þú greiðir með Vildarkorti VISA og Icelandair og Icelandair American Express skrást Vildarpunktar sjálfkrafa., en ef þú greiðir með öðrum kreditkortum eða peningum, þarftu að muna að framvísa Sagakortinu þínu hjá Olís.

#### ... þú notar Staðgreiðslukort Skeljungs ●

Viðskiptavinir Skeljungs, sem eru félagar í Vildarklúbbi Icelandair, geta safnað Vildarpunktum Icelandair í gegnum Staðgreiðslukort Skeljungs. Afsláttur í formi Vildarpunkta fæst bæði vegna kaupa á eldsneyti og smávöru hjá Skeljungi.



## Hvernig notar þú Vildarpunktana þína?

### Þú flýgur með Icelandair ●

Fjöldi Vildarpunkta, sem þú verður að nota sem greiðslu fyrir flugfar, ræðst af verði farmiða til viðkomandi áfangastaðar, þ.e. flugtíma og farrými sem ferðast er á. Upplýsingar um punktafjölda fyrir flug er að finna á [www.vildarklubbur.is](http://www.vildarklubbur.is). Athugaðu vel að flugvallarskattar og aðrar greiðslur eru ekki innifaldar. Barnaafsláttur er 50% af punktum og gildir fyrir börn á aldrinum 2ja ára upp að 16 ára áfmælisdegi og miðast við ferðadag. Börn upp að 2ja ári aldri greiða 10% af punktum.

### Þú kaupir sérstakar Vildarvörur í Saga Shop ●

Í Saga Shop eru á hverjum tíma sérstakar vörur í boði sem hægt er að greiða fyrir með Vildarpunktum. Athugaðu vel að Vildarvörur þarf að panta fimm virkum dögum fyrir brottför.

### Þú flýgur innanlands með Flugfélagi Íslands ●

Fjöldi Vildarpunkta ræðst af flugleið (áfangastað) og upplýsingar um punktafjöldann er að finna á [www.vildarklubbur.is](http://www.vildarklubbur.is)

Bóka þarf flug með minnst þriggja daga fyrirvara hjá Flugfélagi Íslands í síma 570 3030. Börn undir 2 ára borga einungis 10% af punktaverði og börn frá 2–15 ára borga einungis 50% af punktaverði.

### Þú ferðast með VITA ●

VITA er fyrsta ferðaskrifstofan á Íslandi sem er samstarfsaðili Vildarklúbbsins. Hjá VITA geta félagar Vildarklúbbsins bæði safnað og notað Vildarpunkta og er þetta í fyrsta skipti sem slík þjónusta er í boði þegar um er að ræða ferðir í leiguflugi.

### Þú greiðir fyrir gistingu hér heima eða erlendis ●

Með Vildarpunktum má greiða fyrir gistingu á Íslandshótelum og Edduhótelum heima á Íslandi. Erendis getur þú notað Vildarpunkta til að greiða fyrir gistingu á Marriott-hótelum, á Radisson Blu og Park Inn hótelum í Evrópu og Afríku, á Radisson Edwardian hótelum í London og Manchester og á Radisson Hotels and Resorts í Bandaríkjunum.

### Þú leigir bílaleigubíl hér heima eða erlendis ●

Þú getur leigt bílaleigubíl hjá Hertz á Íslandi og út um allan heim. Einnig geturðu notað Vildarpunkta til að greiða fyrir gjafabréf hjá Sixt sem hægt er að nota sem greiðslu upp í hvaða Holiday Car leigu sem er hjá Sixt.

# RÐIR



## Vantar þig fleiri Vildarpunkta?

Ef þig vantar Vildarpunkta inn á reikninginn þinn, til dæmis fyrir Vildarferð eða hótelligingu, geturðu keypt Vildarpunkta. Hver félagi í Vildarklúbbum getur keypt allt að 60.000 Vildarpunkta á ári hverju. Mest er hægt að kaupa 20.000 Vildarpunkta í einu.







## TIL HAMINGJU MEÐ BORGINA ÞÍNA!

Guðmundur Freyr Sveinsson var vinningshafi í Borgarlukkuleiknum í Min borg um síðustu helgi. Hann fær í vinning tvo farseðla á Economy Class til einhvers af áfangastöðum Icelandair í Evrópu. Guðmundur býr í Kópavogi. Það er gamall draumur hjá Guðmundi að fara á fótbolaleik í Barcelona. Hann ætlar að bjóða konunni með og bæta henni upp leikinn með því að skemmta henni í miðborginni í leiðinni.

ÞÚ GETUR LAGT ÞITT AF MÖRKUM OG STUTT **VILDARBÖRN** MEÐ ÞVI AÐ VERSLA SÉRMERKTAR VÖRUR Í SAGA SHOP.

# 50%

## VILDARPUNKTAAFSLÁTTUR Á ÞRÍJA GLÆSILEGA ÁFANGASTAÐI

Vildarklúbbsfélagar Icelandair geta ferðast til þriggja glæsilegra áfangastaða okkar í júní á helmingspunktum.

MANCHESTER ● Aðeins 19.000 Vildarpunktar  
DUSSELDORF ● Aðeins 21.000 Vildarpunktar  
HALIFAX ● Aðeins 25.000 Vildarpunktar

Tilboð er eingöngu bókanlegt mánudaginn 20. apríl og þriðjudaginn 21. apríl 2009.  
Ferðatímabil: Júní 2009.

Tilboðið bókast á [www.vildarklubbur.is](http://www.vildarklubbur.is) þar sem allar nánari upplýsingar og skilmála er að finna.

## Styðjum veik börn og fjölskyldur þeirra

**Vildarbörn Icelandair er ferðasjóður fyrir langveik börn og börn sem búa við sérstakar aðstæður.**

Þú getur lagt þitt af mörkum til Vildarbarna með því að:

- Gefa afgangsmýnt áður en þú ferð frá borði að lokinni flugferð með Icelandair.
- Setja peninga í söfnunarbaukinn í höfuðstöðvum félagsins við Reykjavíkurlugvöll.
- Gefa árlega ákveðinn fjölda ferðapunkta, sem þú safnar sem félagi í Vildarklúbbi Icelandair, til Vildarbarna.

## VILDARPUNKTAPOTTUR

VINNINGUR: 100.000 VILDARPUNKTAR SEM JAFNGILDA T.D. FLUGFARI FYRIR TVO TIL EINHVERS AF ÁFANGASTÖÐUM ICELANDAIR Í BANDARÍKJUNUM

Þú finnur rétt svör við þremur spurningum. Síðan geturðu gert annað hvort:

- 1) Farðu inn á [www.icelandair.is](http://www.icelandair.is) og svaraðu spurningunum þar. Skilafrestur til og með 22. apríl.
- 2) Merktu við rétt svör og skrifaðu síðan nafn og símanúmer. Klíptu seðilinn út og sendu hann til okkar, merkt:

**Icelandair – Min borg/spurningaleikur**  
Reykjavíkurlugvelli  
101 Reykjavík

**Skilafrestur er til og með 22. apríl**  
Við drögum úr pottinum á fimmtudaginn kemur, 23. apríl, og nafn vinningshafans verður birt í ferðablaði Icelandair sem fylgir með Fréttablaðinu um næstu helgi (laugard. 25. apríl).

SETJID X VIÐ RÉTT SVAR:

1. Hvernig safnar maður Vildarpunkta?
  - Með því að ganga á Esjuna.
  - Með því að fljúga með Icelandair.
  - Með því að boða skattahækkunar.
2. Til hvers af þessu má nota Vildarpunkta?
  - Finna staðsetningu í hnitakerfi.
  - Greiða fyrir gistingu á Icelandairhótelum.
  - Örva taugaboð í svæðanuddi.
3. Hvernig safnar maður ekki Vildarpunkta?
  - Með því að leigja bíl hjá Hertz.
  - Með því að syngja í sturtu.
  - Með því að versla í Saga Shop.

HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ

# KÖBEN

Frá kr. 14.500\*

+ Bókaðu flug á [www.icelandair.is](http://www.icelandair.is)

[visitdenmark.is](http://visitdenmark.is)

VISITCOPENHAGEN.IS

ICELANDAIR

\*Flug aðra leiðina með sköttum.





**KLAPPARSTÍGUR 30** Það er búið að gera ráðstafanir til þess að enginn fari á gamla Sirkus aftur þótt oft hafi verið glatt þar á hjalla.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**HVERFISGATA 32 OG 34** Framtíð þessara húsa, sem eru í eigu Festa, er í algjörrri óvissu. Félagið segist vera að gefast upp á óreiðu í yfirstjórn borgarinnar. Húsin eru á reit Vatnsstígur-Klappastígur.



**HVERFISGATA 28** Þetta hús er í eigu Festa. Rætt hefur verið um að færa það að Bergstaðastræti.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**BAKHÚS AÐ HVERFISGÖTU 58A** Ekki er hægt að leigja mönnum þetta bakhús. Það er í eigu Samson Properties.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**LAUGAVEGUR 33, 33B OG 33A** Þessi hús eru í eigu ÁF-húsa. Þau eru öll skráð auð á úttektarlista slökkviliðsins en eigandi segir nú einungis miðhúsið ónotað.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## FESTAR EIGA HÚSIN Á HLJÓMALINDARREIT EN ÞAR ERU AÐ MINNSTA KOSTI FJÖGUR AUÐ:

# Segir húsin föst í óráði borgarinnar

Eignarhaldsfélagið Festar ehf. á húsin við Hverfisgötu 28, 32 og 34. Eins Laugaveg 21, en öll þessi hús standa auð. Hvað hyggst félagið gera við þau?

Festar ehf. lögðu fram tillögu um breytingu á deiliskipulagi fyrir allan Hljómalindarreitinn en húsin á þeim reit eru í eigu Festa ehf. Benedikt Sigurðsson, stjórnarformaður Festa, segir málið hins vegar komið í hnút. Hann segir að húsin á Hverfisgötu 32 og 34 hafi verið keypt til niðurrifs og íbúðir séu leigðar í húsi númer 28 þó það sé á skrá hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins sem autt hús.

„Þessi tíðu stjórnarskipti í yfirstjórn Reykjavíkur hafa komið

framtíð húsanna í algjöra óvissu,“ segir hann. „Þau teifa málið og svo vil ég segja það að ákvarðanatáka í skipulagsmálum hlýtur að grundvallast á langtímamarkmiðum en ekki á geðþótta einstaklinga, mér liggur við að segja frá mánuði til mánaðar.“ Hann segir að eignarhaldsfélagið muni líklegast á næstu mánuðum taka ákvörðun um framtíð húsanna en hann er svartsýnn á að óvissuástandið breytist. Hann var spurður hvort félagið muni losa sig við húsin. „Ja, hver getur keypt þau? Ef einkaaðilar eiga að gera það verður að vera einhver hagur af húsunum.“ Hann segir að rætt hafi verið um að færa húsið á Hverfisgötu 28 að Bergstaðastræti.

## LAUGAVEGUR 33B OG VATNSSTÍGUR: SKIPLAGSRÁÐ ER AÐ KLÁRA MÁLIÐ

Húsin að Laugavegi 33, 33a, 33b og 35 voru öll á skrá hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins sem auð. Nú eru öll í notkun nema hús númer 33b. Eins og alþjóð veit stendur svo húsið við Vatnsstíg 4 autt. Þessi hús eru öll í eigu ÁF-húsa ehf. sem hyggst byggja verslunar-, atvinnu- og íbúðarhúsnæði á reitnum sem húsin eru á. Hvar stendur það mál? „Það er verið að afgreiða þetta í skipulagsráði, þetta er spurning um einhverjar vikur eða mánuði,“ segir Ágúst Friðgeirsson, eigandi ÁF-húsa. Hann segir að efnahagsástandið muni vissulega hafa áhrif á framkvæmdir. „En fyrst er að klára skipulagið og svo er að vinna markvisst í þessu.“

Ný og spennandi verslun  
opnar í Smáralind í dag

# Napoli

FLOTT  
OPNUNAR-  
TILBOÐ!

Við bjóðum ítalska skó, töskur og fleira  
fallett sem fær hjórtu kvenna til að slá  
hraðar. Komdu og líttu á úrvalið.

 Smáralind



# Þetta er stefna framboðanna

Kosið er til Alþingis eftir viku. Fréttablaðið lagði 24 spurningar fyrir forystumenn framboðanna sjö sem vilja á þing. Spurt er hvort ráðast beri í tiltekin verkefni, stór og smá, á nýju kjörtímabili. Beðið var um stutt og hnitmiðuð svör.

## FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN



1. Nei.
2. Eins og aðstæður í þjóðfélaginu eru í dag verðum við trúlega að búa við íslensku krónuna.
3. Já.
4. Já.
5. Upplýsingar skortir enn þá til að hægt sé að taka afstöðu til málsins.
6. Aðgerðir til bjargar stöðunnar í þjóðfélaginu verða fyrst og fremst að byggjast á aukinni framleiðslu til gjaldeyrisöflunar og gjaldeyrisparnaðar, en auk þess niðurskurði útgjalda og hugsanlega skattahækkunum, t.d. með hátekjuskatti.
7. Sjá svar við spurningu 6.
8. Nei.
9. Já.
10. Já.
11. Já.
12. Já.
13. Já.
14. Nei, ekki að svo stöddu.
15. Ef það telst mögulegt og hagkvæmt.
16. Miðað við núverandi ástand er ekki hægt að svara spurningunni með jái eða nei.
17. Nei.
18. Já.
19. Nei.
20. Já, ef ekki er unnt að leggja Varnarmálastofnun niður.
21. Nei, við höfum ekki efni á því eins og staðan er í þjóðarþúinu.
22. Já.
23. Nei, ekki með lagasetningu.
24. Það á að skoða þann möguleika að einkavæða t.d. einn banka.

## FRAMSÓKNARFLOKKURINN



1. Framsókn er eini flokkurinn sem hefur bæði samþykkt viðræður og skilgreint hverju ekki má fórn.
2. Við náum ekki að fara í gegnum hefðbundna evrvæðingu á 4 árum. Það gæti þó skapast tækifæri til einhliða upptöku erlends gjaldmiðils í samráði við AGS, fylgi sjóðurinn sömu stefnu hér og í Austur-Evrópu.
3. Hún er þegar hafin.
4. Ef fjárfestarnir eru til.
5. Það er ólíklegt að af þeim áformum verði.
6. Nei, hann bitnar á ungu fólki sem er að byggja upp eignir.
7. Nei.
8. Nei.
9. Nei.
10. Já.
11. Já.
12. Já.
13. Já, það er tillaga Framsóknar.
14. Það gætu vel skapast aðstæður til þess að slík uppbygging yrði hluti af atvinnusköpun ríkisins.
15. Líklega er betra að hafa þessar eftirlitsstofnanir í tvennu lagi.
16. Það á að færa eignarhald á bönkunum að hluta til kröfuhafa bankanna. Framhaldið verður unnið í samráði við þá.
17. Ef það er beggja hugar.
18. Já.
19. Nei.
20. Ég veit það ekki.
21. Ef efnahagsaðstæður leyfa.
22. Ef aðstæður krefjast þess.
23. Nei.
24. Já, a.m.k. að hluta.

## VINSTRI GRÆN



1. Nei, en ákvörðun ef til slíks kemur á að vera í höndum þjóðarinnar.
2. Nei.
3. Nei.
4. Nei.
5. Nei.
6. Já.
7. Nei, en breytt útfærsla hlýtur að koma til skoðunar.
8. Nei, en breytt útfærsla getur komið til skoðunar.
9. Hefja á viðræður og undirbúning breyttrar sjávarútvegsstefnu.
10. Nýja stefnu á að móta á grundvelli endurskoðaðra laga og niðurstöðu mats á heildarhagsmunum.
11. Já.
12. Já.
13. Já.
14. Móta á stefnu um framtíðarúrlausn húsnæðismála LSH og hefja undirbúning framkvæmda.
15. Já.
16. Ekki tækt að svara að svo stöddu.
17. Ekki tækt að svara að svo stöddu.
18. Ekki tækt að svara að svo stöddu.
19. Nei.
20. Já.
21. Já, um leið og efnahagslegar forsendur leyfa.
22. Já.
23. Nei.
24. Nei.

## BORGARAHREYFINGIN

Borgarahreyfingin er þverpólitískt framboð um tiltekin grundvallaratriði. Mat og sannfæring þingmanna ræður afstöðu til annarra mála. Hreyfingin hafnar hefðbundnum leiðtogastjórnarmálum.

1. Já – til að fá skilmála sem þjóðin kys um.
2. Já.
3. \*
4. \*
5. \*
6. Já, t.d. á tekjur yfir milljón á mánuði.
7. Nei – en þrjú skattþrep.
8. Já, en ekki á allt.
9. Já.
10. \*
11. Já.
12. Já, svo sannarlega.
13. Já, afdráttarlaus.
14. \*
15. \*
16. \*
17. \*
18. \*
19. \*
20. \*
21. Já.
22. Já.
23. \*
24. \*

\* Afstaðan ræðst af mati og sannfæringu verðandi þingmanna hreyfingarinnar.

## Alþingiskosningar

### SPURNINGAR

1. Á að hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið?
2. Á að taka upp annan gjaldmiðil?
3. Á að vinna að uppbyggingu álvers í Helgúvík?
4. Á að vinna að uppbyggingu álvers á Bakka?
5. Á að vinna að uppbyggingu oliuhreinsunarstöðvar í Arnarfirði?
6. Á að leggja á hátekjuskatt?
7. Á að hækka hefðbundinn tekjuskatt?
8. Á að hækka virðisaukaskatt?
9. Á ríkið að hefja innköllun fiskveiðiheimilda?
10. Á að stunda hvalveiðar í atvinnuskyni?
11. Á að hefja afnám verðtryggingarinnar?
12. Á að endurskoða stjórnarskrána?
13. Á að efna til stjórnlagabings?
14. Á að ráðast í nýbyggingu Landspítalans?
15. Á að sameina Fjármálaeftirlitið Seðlabankanum?
16. Á að sameina ríkisbanka?
17. Á að sameina háskóla?
18. Á að ráðast í Sundabraut?
19. Á að flytja innanlandsflug frá Reykjavík til Keflavíkur?
20. Á að sameina starfsemi Landhelgisgæslunnar og Varnarmálastofnunar?
21. Á að auka framlög til þróunarsamvinnu?
22. Á að fækka íslenskum sendiráðum?
23. Á að sameina sveitarfélög með lagasetningu?
24. Á að einkavæða ríkisbankana?

## SAMFYLKINGIN



1. Já, sem fyrst.
2. Já, leggja á grunn að upptöku evru með aðildarumsókn að ESB.
3. Já, uppbyggingin er þegar hafin.
4. Nei, enda ólíklegt að framkvæmdaaðilar muni leita eftir slíku á kjörtímabilinu.
5. Nei, verkefnið hefur ekki verið á borðum stjórnvalda.
6. Það yrði neyðarárræði.
7. Nei, ekki ef hægt er að fara aðrar leiðir til að mæta fyrirsjáanlegum halla á ríkissjóði. Ef um hækkuð tekjuskatts yrði að ræða er mikilvægt að persónuafsláttur hækki á móti til að hlífa þeim sem hafa lágar og meðaltekjur.
8. Nei, ekki ef hægt er að fara aðrar leiðir til að mæta fyrirsjáanlegum halla á ríkissjóði.
9. Já, sátt þarf að nást um fiskveiðistjórnunarkerfið.
10. Já, ef yfirstandandi hagsmunamat leiðir til slíkrar niðurstöðu.
11. Já, helst með upptöku evru.
12. Já.
13. Já.
14. Ef efnahagslegar forsendur leyfa.
15. Já, ef menn komast að því að slíkt væri skynsamlegt.
16. Já, ef menn komast að því að slíkt væri skynsamlegt.
17. Nei, ekki að frumkvæði ríkisins.
18. Já, ef efnahagslegar forsendur leyfa.
19. Nei, fyrst þarf að ákveða um framtíð Reykjavíkurlflugvallar.
20. Já, ef menn komast að því að það sé skynsamlegt.
21. Já, ef efnahagslegar forsendur leyfa.
22. Já, ef menn telja slíkt hagkvæmt.
23. Nei, ekki nema sátt náist um slíkt við Samband íslenskra sveitarfélaga.
24. Já, a.m.k. að hluta, ef það verður metið skynsamlegt við endurreisn fjármálakerfisins og efnahagslegar forsendur leyfa. Rétt að meta hvort ekki sé skynsamlegt að hafa a.m.k. einn ríkisbanka áfram.

## SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN



1. Nei.
2. Við munum búa við krónuna áfram en upptaka annars gjaldmiðils í samstarfi við aðrar þjóðir er kostur sem stjórnvöld þurfa að skoða til hlítar.
3. Já.
4. Já.
5. Já, Sjálfstæðisflokkurinn vill halda áfram þeirri undirbúninguvinnu sem sveitarfélög á Vestfjörðum hafa staðið fyrir til að unnt verði að taka efnislega afstöðu til málsins.
6. Nei.
7. Nei.
8. Nei.
9. Nei.
10. Já.
11. Já, með því að unnt verði að bjóða fólki upp á þann valkost að taka óverðtryggt lán í auknum mæli.
12. Já.
13. Nei.
14. Já, Sjálfstæðisflokkurinn vill halda áfram undirbúningi að nýbyggingu Landspítala.
15. Já, það kemur til greina.
16. Já, en gæta verður að samkeppnissjónarmiðum.
17. Já, t.d. Háskóla Íslands og Háskólinn á Hvanneyri.
18. Já.
19. Nei.
20. Það er einn þeirra kosta sem til greina koma við hagræðingu í ríkisrekstrinum.
21. Nei, ekki þegar ríkissjóður er rekinn með miklum halla.
22. Já.
23. Nei, sameining sveitarfélaga á að vera ákveðin í íbúakosningu.
24. Já, þegar rétt skilyrði skapast á að hefja undirbúning að sölu bankanna.

## LÝÐRÆÐISHREYFINGIN



1. Við eigum að fá að vita hvað er í boði frá Evrópusambandi, hvaða kostir og gallar eru við aðild. Einstök atriði á síðan að leggja fyrir þjóðina í gegnum Almannaþing (sjá www.xp.is) og þannig mun þjóðin kveða upp sinn úrskurð um hvort samningurinn er hagstæður eða ekki.
2. Við eigum að fá hingað til lands færustu hagfræðinga heims, sem eru með sérþekkingu á gjaldmiðlamálum eins og t.d. George Soros og fá þá til að skoða hvaða raunhæfu möguleikar eru fyrir því að innleiða nýjan gjaldmiðil á Íslandi. Ef ranglega yrði staðið að gjaldmiðlaskiptum gæti slíkt valdið enn meiri vandamálum við að leysa úr efnahagsvandinum.
3. Við eigum að skoða alla raunhæfa möguleika í atvinnuuppbyggingu en um leið gæta þess að valda ekki óbætanlegu umhverfistjóni.
4. Við eigum að skoða alla raunhæfa möguleika í atvinnuuppbyggingu en um leið gæta þess að valda ekki óbætanlegu umhverfistjóni.
5. Við eigum að skoða alla raunhæfa möguleika í atvinnuuppbyggingu en um leið gæta þess að valda ekki óbætanlegu umhverfistjóni.
6. Við eigum að markaðssetja Ísland erlendis til að laða hingað nýja starfsemi frá erlendum fyrirtækjum sem eykur atvinnu og býr til nýja skattstofna.
7. Útilokað er að sækja meiri skatta til til heimila sem mörg hver berjast í bökkum.
8. Nei, virðisaukaskattur hér er þegar með því hæsta sem þekktist.
9. Já.
10. Já.
11. Við eigum að fá hingað til lands færustu hagfræðinga heims til að endurskipuleggja hagkerfið og finna raunhæfar leiðir úr verðtryggingunni.
12. Já, m.a. að koma á beinu og milliliðalausni lýðræði þar sem fólkið fær völdin.
13. Hægt að leysa þetta með rafrænu þingi eins og lýst er á xp.is um Almannaþing.
14. Það á að hagræða í öllum stofnunum og standa vörð um góða heilbrigðisþjónustu.
15. Já.
16. Það á að endurskipuleggja bankana í samvinnu við erlendar fjármálastofnanir, það er eina leiðin til að tryggja að Ísland einangrist ekki frá fjármálaheiminum.
17. Það á gera úttekt á því hvort hægt er að hagræða þessum stofnunum.
18. Nei.
19. Nei, a.m.k. ekki strax því slíkt yrði líklegast kostnaðarauki til skemmri tíma lítið.
20. Já.
21. Nei, ekki í augnablikinu.
22. Já, loka þeim og reka þessa starfsemi úr utanríkisráðuneytinu.
23. Þetta er málefni sveitarstjórna.
24. Já, ríkið á að stunda slíkan atvinnurekstur, en slíki einkavæðing þarf að vera gerð með ábyrgum hætti.



FRÁBÆR TILBOÐ  
Á SJÓNVÖRPU

# Panasonic

VAR AÐ LENDA



**Panasonic**

**Panasonic TX37LZD80F**  
37" Full HD 1080p 16:9 LCD BREIÐJALD með 1920x1080 punkta upplausn, V-Real Pro3 Engine tækni, VIERA Link, 10.000:1 skerpu, 500 cd/m<sup>2</sup> birtustigi, stafrænum DVB-T móttakara ofl.



**TILBOÐ** ▶ **199.990**

FULLT VERÐ kr. 299.990



**Panasonic**

**Panasonic TXP42X10**  
42" Plasma BREIÐJALD með 1024x768 punkta upplausn, Vreal 4 Engine tækni, 100Hz, 24p Playback, Real Black Drive 20.000:1 skerpa (Native), x.v Colour, 3D Colour management, Motion Pattern Noise Reduction, Sub-Pixel Control, HD Ready, Progressive Scan, Viera Link, háskerpu DVB-T stafrænum móttakara (MPEG4), SD/SDHC kortalesara (JPEG), 20w Nicam Stereó V-Audio Surround hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), 3 HDMI(1.3), Component, CI rauf, SVHS, CVBS og PC tengi ofl.

**TILBOÐ** ▶ **229.990**

FULLT VERÐ kr. 249.990



**Panasonic**



**Panasonic TX32LZD80F**  
32" Full HD 1080p 16:9 LCD BREIÐJALD með 1920x1080 punkta upplausn, V-Real Pro3 Engine - Meiri myndgæði, 24p Cinema myndtækni, x.v Colour, 10.000:1 skerpu, 500 cd/m<sup>2</sup> birtustigi, SD/SDHC kortalesara (les MPEG2 og H.264) ofl.

**TILBOÐ** ▶ **169.990**

FULLT VERÐ kr. 279.990



**Panasonic**



**Panasonic TXP50X10**  
50" Plasma BREIÐJALD með 1366x768 punkta upplausn, Vreal 4 Engine tækni, 100Hz, 24p Playback, Real Black Drive 20.000:1 skerpa (Native), x.v Colour, 3D Colour management, Motion Pattern Noise Reduction, Sub-Pixel Control, HD Ready, Progressive Scan, Viera Link, Háskerpu DVB-T stafrænum móttakara (MPEG4), SD/SDHC kortalesari (JPEG), 20w Nicam Stereó V-Audio Surround hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), 3 HDMI(1.3), Component, CI rauf, SVHS, CVBS og PC tengi ofl.

**TILBOÐ** ▶ **329.990**

FULLT VERÐ kr. 349.990



**Panasonic**



**Panasonic TXP42G10**  
42" Full HD 1080p NeoPlasma BREIÐJALD með 1920x1080 punkta upplausn, Vreal 4 Pro Engine tækni, Intelligent Frame Creation Pro(IFC), 600Hz, 24p Playback, x.v Colour, Dynamic: Infinite Black 40.000:1 skerpa (Native), 3D Colour management, Motion Pattern Noise Reduction, Sub Pixel Control, 3D Comb Filter C.A.T.S. HD Ready, VIERA Link, háskerpu DVB-T stafr. móttakara (MPEG4), SD/SDHC kortalesari (JPEG og AVCHD), 20w Nicam Stereó V-Audio Surround hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), 3 HDMI (1.3), Component, CI rauf, SVHS, CVBS og PC tengi ofl.

**TILBOÐ** ▶ **349.990**

FULLT VERÐ kr. 379.990



**Panasonic**



**Panasonic TXP46G10**  
46" Full HD 1080p NeoPlasma BREIÐJALD með 1920x1080 punkta upplausn, Vreal 4 Pro Engine tækni, Intelligent Frame Creation Pro(IFC), 600Hz, 24p Playback, x.v Colour, Dynamic: Infinite Black 40.000:1 skerpa (Native), 3D Colour management, Motion Pattern Noise Reduction, Sub Pixel Control, 3D Comb Filter C.A.T.S. HD Ready, VIERA Link, háskerpu DVB-T stafr. móttakara (MPEG4), SD/SDHC kortalesari (JPEG og AVCHD), 20w Nicam Stereó V-Audio Surround hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), 3 HDMI (1.3), Component, CI rauf, SVHS, CVBS og PC tengi ofl.

**TILBOÐ** ▶ **399.990**

FULLT VERÐ kr. 449.990

**SJÓNVÖRP HLJÓMTÆKI HEIMABÍÓ MP3 SPILARAR FERÐATÆKI DVD OG BLU-RAY SPILARAR MYNDAVÉLAR TÖKUVÉLAR ÚTVARPSVEKJARAR IPOD VÖGGUR OFL.**



## Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • [www.sm.is](http://www.sm.is)



UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrimsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrimsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húsvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkrúki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kaupún, Vopnafirði. Samkaup, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martólvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossvaf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.



FLEETWOOD SANTA FE  
Verð 1.890.000 kr.

Tilboðsverð

**1.795.000 kr.**

Aukahlutapakki innifalinn  
að verðmæti

**100.000 kr.**



**MIKIÐ  
ÚRVAL**  
NÝRRA AUKA-  
HLUTA FYRIR  
FERÐAVAGNA

# VELDU ÞÉR GISTINGU Í SUMAR!

Ugla ...



... sat ...



... á ...



TEWA/REYKJAVÍK \ SIA

**MONTANA**

**ALINER**

**FLEETWOOD**

**EHYMER**

**ADRIA**



# VORDAGAR

Ertu að leggja drög að ævintýrum sumarsins? Þú færð innblástur í Ellingsen – ferðavagnar, stangveiðibúnaður, útvistarfatnaður og skór í miklu úrvali. Margvísleg tilboð í gangi.

17.–25. APRÍL

VINSÆLU  
A-HÝSIN FRÁ ALINER

Verð

**2.590.000 kr.**

Eitt mest selda ferðatækið á  
markaðnum í dag.

Hlaðið búnaði.



## TILBOÐ Á NÝJUM HJÓLHÝSUM AF ELDRI ÁRGERÐ

### ADRIA CLASSICA 563 UL

Árgerð 2007  
Verð 3.335.00 kr.

Tilboðsverð **2.690.000 kr.**

### ADRIA ALTEA 361 LT

Árgerð 2007  
Verð 2.280.00 kr.

Tilboðsverð **1.690.000 kr.**

### ADRIA ADIVA 543 UL

Árgerð 2007  
Verð 3.550.00 kr.

Tilboðsverð **2.850.000 kr.**

### HYMER FEELING 430

Árgerð 2007  
Verð 2.740.00 kr.

Tilboðsverð **2.290.000 kr.**

### HYMER FEELING 440

Árgerð 2007  
Verð 2.840.00 kr.

Tilboðsverð **2.390.000 kr.**

... kvisti ...

... átti...

... börn og ...







ÉG HLÆ ALDREI Orrustubjarka finnst Breiðholt vera besti staðurinn á jarðri en Innlit/útlit heldur fyrir honum vöku á nóttunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Yrði góður glæpamaður

Tónlistarmaðurinn **Bjarki Markússon** er í hljómsveitinni Pétur og úlfurinn en semur einnig tónlist undir nafninu Orrustubjarki. **Anna Margrét Björnsson** fékk hann í þriðju gráðu yfirheyrslu.

## ÞRIÐJA GRÁÐAN

**FULLT NAFN:** Bjarki Markússon

**STARFSFERILL Í HNOTSKURN:**  
Listamaður/glæpon

**FÆÐINGARÁR OG HVAÐ GERÐ-  
IST MARKVERÐAST Á ÞVÍ ÁRI:**  
1975, þá var síðasta þorska-  
striðið háð á Íslandi.

Hvers vegna Orrustubjarki? Grunnskólakennarinn minn sagði mér einu sinni frá brjáluðum vikingi sem hét Böðvar Bjarki og var kallaður Orrustubjarki.

Hvenær varstu hamingjusamastur? Þegar bróðir minn dró mig með kaðli upp á bílskúrþak þegar ég var þrjú ára. Þá varð ég svo ánægður að ég hrinti honum niður og meiddi hann mikið.

Ef þú værir ekki tónlistarmaður hvað myndirðu þá vera? Kokkur eða glæpamaður, veit ég yrði góður í hvoru tveggja.

Nú ertu bæði í hljómsveitinni Pétur og úlfurinn og með „solo project“. Hvernig gengur að samtvinna það? Það gengur mjög vel, nema að Pétur er hættur að drekka bjór.

Hvað er það versta sem nokkur hefur sagt við þig? Nei.

Hvað er það dýrasta sem þú hefur nokkurn tímann keypt þér? Risastóran glæpabens í algjörrri geðveiki.

Ef þú byggir ekki í Reykjavík, hvar myndirðu vilja búa? Nálægt Reykjavík.

Uppáhaldstónlistarmaður og af hverju? Orrustubjarki, af því að ég elska að hlusta á sjálfan mig.

Draumahelgin þín í einni setningu? Sex, drugs and rock n'roll.

Hvert er versta starf sem þú hefur nokkurn tímann gegnt? Kassagerðin (man vs. machine).

Uppáhaldsstaðurinn þinn á jörðunni? Breiðholt.

Hvers konar tónlist hefur mest áhrif á þig og hvaða lag hlustarðu mest á í dag? Ég fíla Slayer og Can en er að hlusta mikið á sjálfan mig og efni á tilvonandi plötu.

Ef þú ættir tímavél, hvert myndirðu fara og af hverju? Ég myndi fara til 4485, kaupa mér geimskip og eitthvað sem væri vinsælt að éta í framtíðinni.

Er eitthvað sem heldur fyrir þér vöku á nóttunni? Innlit/útlit.

Ef þú gætir breytt einhverju í fortíð þinni, hvað myndi það vera? Ég myndi koma í veg fyrir að ég tæki þátt í álfadansinum í Laugarnesskóla þegar ég var sex ára. Þetta var dans djöfulsins!

Hvenær fékkstu síðast hláturskast? Ég hlæ aldrei.

Áttu þér einhverja leynda nautn? Kókaín og rohypnol, en það er víst ekki leyndarmál úr þessu...

Uppáhaldsbókin þessa stundina? Voru guðirnir geimfarar?

Hvaða núlifandi manneskju lítur þú mest upp til? Pabba míns.

En hvaða núlifandi manneskju þolirðu ekki? Sigtryggur getur verið alveg óþolandi!

Uppáhaldsorðið þitt? Alkul.

Hvaða eitt atriði myndi fullkomna lífsgæði þín? Ný tölva.

Hvaða lag á að spila í jarðarförinni þinni? Angel of Death með Slayer.

Hver verða þín frægu hinstu orð? Þeir sem ekki lifa, lifa ekki.

Hvað er næst á dagskrá? B.Ö.-M.S AWAY tónleikaferð með Tarnús Jr, Klængi og Össa. Síðan eru plötur í vinnslu með Orrustubjarka og Pétri og úlfinum.


Tónlist Orrustubjarka má finna á [www.myspace.com/orrustubjarki](http://www.myspace.com/orrustubjarki). [www.myspace.com/peterandwolf](http://www.myspace.com/peterandwolf). [www.myspace.com/raf-gashaus](http://www.myspace.com/raf-gashaus)



## MÆLISTIKAN

### ■ Á uppleið

**Matur frá Mið-Austurlöndum.** Loksins eru slíkir veitingastaðir að spretta upp í bænum, allt frá hinum ljúffenga Saffran niður í skyndibita eins og Ali Baba. Namm!



**Rúllugardínur.** Eina leiðin til að halda aga á heimilum þessa dagana þegar börn neita að fara í háttinn. Hvers vegna? Jú, það er enn þá dagur!

**Hústökur.** Nóg er enn af tónum húsum í miðborginni, hvernig væri nú að leyfa fátækum námsmönnum og listamönnum að hreiðra um sig þar í stað þess að reka burt með valdi?

### Mótorhjólajakkar.

Stuttir töffaralegir leðurjakkar eru algjört möst fyrir sumarið, hvort sem það er við þröngar gallabuxur eða sæta kjóla.

**Susan Boyle.** Þessi músarlega 47 ára heimavinnandi frú sló í gegn í Britain's got Talent með stórfenglegri rödd og kom svo sannarlega við hjartað í fólki.



### ■ Á niðurleið.

**Borgarafundur.** Orðið þreytandi að hlusta á þá, frasararnir eru ofnotaðir og maður trúir ekki lengur því sem fólkið hefur að segja.

**Facebook-skjall.** Hvað er málið með að skrifa á veggri hjá öðru fólki endalaust að það sé fallett, geggjáð, sætt?

### Klámvæðing fjölmiðla.

Þykir það virkilega frétt að skrifa um klobba á fræga fólkinu?

### Ókurteis börn.

Hvert stefnir æska landsins þegar fimm ára börn svara fullorönu fólki með þjósti og segja því að fara fjanans til?

**Köflóttar skyrtur.** eru svo afskaplega „kúl“ þessa dagana að það verður ekki þverfótað fyrir þeim.

**Flókin matarboð.** Of mikil fyrirhöfn þýðir bara að enginn hefur tíma til að standa í þessu. Skellið bara í næringarríka súpu!





**Max  
Kaupþúni**



**Þvottavél**

**Beko WMD25100T**

1000 snúninga og 5kg þvottavél • Hitastillir 30-90° • 30sm hurðaropnun •

Ullarkerfi • Skolstopp • Hraðkerfi • Þvott hæfni A • Orkunýtni A • Vinduhæfni C

**69.989 kr.**

**Full búð af fínum tilboðum!**

**OPNUNARTÍMI**  
Mán. kl. 11-19 Fim. kl. 11-19  
Þri. kl. 11-19 Fös. kl. 11-19  
Mið. kl. 11-19 Lau. kl. 11-18  
Sun. kl. 12-18

**MAX / Kaupþúni 1**  
Garðabæ  
Sími 412 2200  
www.max.is


**MAX**  
RAFTÆKI



ALBERT EINSTEIN (1879-1955)  
LÉST PENNAN DAG.

„Aðeins tvennt er óend-  
anlegt, alheimurinn og  
heimska mannsins, og ég er  
ekki viss um það fyrra.“

Albert Einstein var einn  
þekktasti vísindamaður  
20. aldarinnar. Hann fékk  
Nóbelsverðlaunin í eðlisfræði  
árið 1921.



ÞETTA GERÐIST: 18. APRÍL 1906

## Jarðskjálfti skekur San Fransisco

Þennan dag árið 1906 reid  
sterkur jarðskjálfti yfir San  
Francisco í Bandaríkjunum.  
Skjálftinn, sem mældist um  
8 stig á Richterskalanum,  
varð snemma morguns en  
hundruð manna dóu þegar  
fjöldi bygginga hrundi til  
grunna. Skjálftinn fannst  
allt frá suðurhluta Oregon-  
ríkis til Los Angeles.  
Miklir eldar brutust út í kjöl-  
far skjálftans en ekki reynd-  
ist unnt að slökkva þá þar  
sem vatnsæðar borgarinnar  
höfðu orðið fyrir skaða. Til  
að hefta eldana sprengdu  
slökkviliðsmenn upp heilu  
húsaraðirnar í borginni.



Herlið var kallað út til að  
aðstoða við hjálparstarf  
en fékk einnig þau fyrir-  
mæli að skjóta alla þá sem  
reyndu að fara rænandi og  
ruplandi um skemmd og  
yfirgefin húsin.  
Hinn 20. apríl voru 20 þús-  
und flóttamenn, sem voru  
innilokaðir vegna eldanna,  
fluttir yfir á skipið USS  
Chicago.  
Hinn 23. apríl var búið að  
slökkva flesta eldana. Talið  
er að um 3.000 manns hafi  
dáið í hamförum og að  
um 30 þúsund byggingar  
hafi eyðilagst.

### MERKISATBURÐIR

- 1872 Jarðskjálftar valda stjórn-  
tjóni á Húsavík. Meira en  
hundruð manns verða  
húsnæðislausir.
- 1903 Eldur kemur upp í hús-  
inu Glasgow, sem stóð  
milli Fishersunds og Vest-  
urgötu í Reykjavík, en það  
var stærsta hús bæjarins.  
Ekki varð við eldinn ráðið  
en fólk bjargarðist með  
naumindum.
- 1944 Hermann Jónasson er kos-  
inn formaður Framsóknar-  
flokksins í stað Jónasar  
Jónassonar frá Hríflu.
- 1971 Magnús Torfi Ólafsson  
sigrar í spurningaþætti út-  
varpsins „Veistu svarið?“  
Í júní sama ár er hann  
kjörinn á þing og verður  
menntamálaráðgjafi í  
júli.

## tímamót

timamot@frettabladid.is

## Öflugt starf for- eldrahúss í tíu ár

Foreldrahús fagnar í dag  
tíu ára afmæli sínu en af-  
mælisdagurinn var 8. apríl  
síðastliðinn. „Við verðum  
með gleði og skemmtileg-  
ar upptökur milli tvö og  
fimm í dag. Foreldrahús er í  
gömlu Rúgbrauðsgerðinni í  
Borgartúni 6 en við verðum  
bak við húsið með grillað-  
stöðu í dag. Við sýnum húsið,  
verðum með töframann, and-  
litsmálun og góðgæti fyrir  
alla,“ segir Dána Ósk Ósk-  
arsdóttir, IDCT áfengis- og  
vímuefnaráðgjafi hjá For-  
eldrahúsi.

„Ástæðan fyrir að við  
höldum upp á afmælið er  
sú að Foreldrahús hefur  
verið að dafna og gera góða  
hluti. Vímulaus æska varð til  
fyrir 22 árum og Foreldra-  
hús út frá því. Fyrir tíu  
árum voru tekin 232 viðtöl  
við foreldra það árið en árið  
2007 voru tekin hér 1.989  
viðtöl það árið þannig að  
aukningin hefur verið gríð-  
arleg. Þá erum við bara að  
tala um viðtölin. Svo höfum  
við verið með sjálfsstyrk-  
ingarnámskeið sem færst



RÁÐGJAFI Dána Ósk Óskarsdóttir  
segir starfsemi Foreldrahúss hafa  
blómstrað síðustu ár og horfir  
hún björtum augum til framtíðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

hafa verulega í aukana og  
erum við með um 35 nám-  
skeið á árinu og förum með  
námskeið í skólana. Síðan er  
eftirmeðferð sem hefur líka  
blómstrað,“ útskýrir Dána  
Ósk og nefnir að ungmenni  
hafi vaxið í eftirmeðferð í  
sínu nýja, heilbrigða lífi.



TIL HJÁLPAR Iris Marelsdóttir, formaður Hjálparveitar skáta í Kópavogi, og Sigurður Jónsson sem hefur haft veg og vanda af því að skipuleggja opinn dag fyrir almenning, sem haldinn verður í dag í Hafnarskemmuni við Kópavogshöfn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

HJÁLPARSVEIT SKÁTA Í KÓPAVOGI: MEÐ OPIÐ HÚS Á 40 ÁRA AFMÆLI

## Gleði, fræðsla og fyrirlestrar

Hjálparveit skáta í Kópavogi var stofnuð fyrir fjórtíu árum af félögum skátafélagsins Kópa. „Sveitin hefur síðan þá vaxið gífurlega, í upphafi vorum við í einu horni Hafnarskemmunnar en nú höfum við lagt alla skemmuna undir okkur,“ segir Iris Marelsdóttir, formaður hjálparveitarinnar, sem hefur verið félagi í sveitinni í þrjátíu ár.

Iris segir sveitina hafa þróast mjög bæði hvað varðar búnað, mannskap og þekkingu. „Við áttum í fyrstu aðeins einn bíl en eigum núna fimm stóra og vel útbúna bíla, tvo báta, tvo snjóbíla, auk kajaka og vélsleða,“ segir Iris en mest finnst henni þó muna um þá þróun sem hefur orðið á fatnaði þessi þrjátíu ár. „Mun auðveldara er að vera á fjöllum í dag því í gamla daga var maður í bómullarstakk og lopapeysu. Í dag getur maður valið um flís, goretex, merínóull, þykkt og þunnt föðurland,“ segir Iris glaðlega og bætir við að einnig hafi til-

koma GPS-tækisins orðið til að auðvelda allar ferðir á fjöllum.

Um þrjú hundruð félagar eru skráðir í Hjálparveit skáta í Kópavogi en Iris segir um sextíu til átíu vera mjög virka í starfinu. Á síðasta ári sinni sveitin sextíu útköllum en hjálparveitin sinnir útköllum á sjó, í fjöru og á landi auk þess sem starfandi er fjallasveit. „Við leggjum áherslu á að vera fjölbátt, fljót á vettvang og fagleg,“ segir Iris en mikil áhersla er lögð á góða fræðslu og fjölda námskeiða fyrir félaga sveitarinnar.

Á afmælisárinu verður ýmislegt brallað. Fyrst af öllu verður þó haft opið hús í Hafnarskemmuni í dag þar sem boðið verður upp á ýmislegt skemmtilegt fyrir alla fjölskylduna.

„Með þessum fræðsludegi viljum við þakka fyrir þann stuðning sem við höfum fengið í gegnum árin,“ segir Sigurður Jónsson, sem er í þjálfunarráði

sveitarinnar og hefur haft veg og vanda af því að skipuleggja viðburðinn. „Í öllum krókum og kimum skemunnar verða fróðleiksmolar, verkleg kennsla, myndasýningar, örnámskeið og stuttir fyrirlestrar við allra hæfi,“ útskýrir Sigurður en sem dæmi má nefna fyrirlestra um eldamennsku á fjöllum, hvernig skal klæða sig rétt, umfjöllun um GPS-stillingar og ferðasögu með myndum.

„Svo er búið að skipa barnapínefnnd þannig að börnin hafi eitthvað fyrir stafni meðan foreldrarinn hlusta á fyrirlestra eða kynna sér annað sem er í boði,“ segir Sigurður en farið verður með börnin í bátsferðir, þau fá að nota klifurvegg og fara í ratleiki.

Opið hús Hjálparveitar skáta í Kópavogi verður í Hafnarskemmuni að Bryggjuvör 2 í dag frá klukkan 9 til 18 og er aðgangur ókeypis. Nánari upplýsingar um dagskrána má nálgast á vefsíðu-  
unni [www.hssk.is](http://www.hssk.is). [solveig@frettabladid.is](mailto:solveig@frettabladid.is)

### Leiðarþjónustan

Standsetning og umhirða leiða.  
Útvegum blóm og kransa.

umhirda.com  
772-3301



Runar Geimundsson, Sigurður Rúnarsson, Ellis Rúnarsson, Þorbjörgur Þórðarson

### Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638

[www.utfarir.is](http://www.utfarir.is) • [runar@utfarir.is](mailto:runar@utfarir.is)

Útfararþjónustan ehf. Stofnað 1990

Útfararþjónusta  
Símí 551 7080  
Bergartúnar  
Vönduð og persónuleg þjónusta

## Nemar frumflytja verk í Salnum

Nítján nemendur útskrifast úr tónlistardeild Listaháskóla Íslands nú í vor. Því stendur nú yfir röð útskriftartónleika en fyrstu tónleikarnir voru 31. mars og þeir síðustu verða 14. maí næstkomandi.

Næstu tónleikar í röðinni verða mánudaginn 20. apríl. Þá verða tónsmíðatónleikar í Salnum í Kópavogi. Þar verða frumflutt verkin Norðaustur eftir Harald Rúnar Sværissón, Kveðjusöngur eftir Helgu Ragnarsdóttur og Veikleikar eftir Hauk Ísfeld Ragnarson en þau eru öll að útskrifast í vor með BA-próf í

tónsmíðum. Stjórnandi á tónleikum er Úlfar Ingi Haraldsson. Tónleikarnir hefjast klukkan 20.

Útskriftartónleikar Listaháskólans eru kjörð tækifæri til að skyggast inn í framtíð íslensks tónlistarlífs, en margir þeirra nemenda sem þar koma fram hafa þegar vakið athygli sem efnilegir listamenn, og stefna ýmist að því að hella sér út í atvinnulífið, eða í framhaldsnám við virtar erlendar stofnanir.

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir en flestir tónleikanna fara fram í Salnum í Kópavogi.



ÚTSKRIFTARNEMAR Haraldur, Helga og Haukur.



# Ferðalag til sjálfspekkingar

Námskeið sem byggir á sjálfsþekkingu og heilun verður haldið í Skálholti helgina 24.-26. apríl. Leiðbeinendur eru Björg Einarisdóttir, sjúkrannuddari og reikimeistari og Ólöf Sverrisdóttir, leikari, leikritshöfundur og leikstjóri. Þær munu nota leiklist, dans, tjáningu í máli og myndum, ásamt hefðbundnum hugleiðsluáferðum til að hjálpa fólki að nálgast sinn innsta kjarna en í kreppu er oft talað um að fólk leiti inn á við og rækti sinn innri mann og er námskeiðið tækifæri til að gera það.

Á þessu ferðalagi inn á við kynnast þátttakendur því hvar styrkur þeirra liggur og hvaða þætti þeir vilja leggja áherslu á að styrkja. Þetta er einnig gott tækifæri til að taka sér frí frá erli dagsins og endurnýja lífsorkuna.

Námskeiðið er haldið í fallegu húsnæði með tveggja manna herbergjum með uppúnum rúmum og sturtu. Umhverfið er einnig yndislegt, með fallegum gönguleiðum og heitum potti. Heilnæmt grænmetisféði sem gleður bragðlaukana og styrkir líkamann er innifalið.

Námskeiðið fer fram í sumarþúðunum í Skálholti, þangað er rúmlega klukkustundar akstur frá Reykjavík. Það stendur frá klukkan 17 föstudaginn 24. apríl til klukkan 16 sunndaginn 26. apríl. Námskeiðsgjaldið er 32.000 krónur. Síðasti skráningardagur er mánudagurinn 20. apríl.

**NÁMSKEIÐ Í SKÁLHOLTI** Þær Björg Einarisdóttir og Ólöf Sverrisdóttir halda námskeið í Skálholti um kosningahelgina.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarþug við andlát og útför okkar elskulegu móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

## Fjólu Bjarnadóttur

Kirkjuvegi 5, Keflavík.

Þökkum veitta aðstoð,

Stefán Haraldsson  
Guðrún Haraldsdóttir

Svanhildur Kjær  
John Bridger

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

## Sigríður Símonardóttir

Hrafnistu, Reykjavík,

sem andaðist að kvöldi 11. apríl, verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 21. apríl kl. 15.00.

Valgerður Kr. Gunnarsdóttir  
Símon Á. Gunnarsson  
Kristján Gunnarsson

Guðmundur S. Sveinsson  
Guðrún M. Benediktsdóttir  
Sjónf. Sigþórsdóttir

barnabörn og langömmubörn.



Ástkær stjúpfaðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,

## Eiríkur Elí Stefánsson

fyrirverandi skrifstofustjóri,  
Bólstaðarhlíð 45, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir laugardaginn 11. apríl. Hann verður jarðsöngin frá Bústaðakirkju í Reykjavík mánudaginn 20. apríl kl. 11.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vildu minnst hans er bent á Minningarkort Hringins til styrktar veikum börnum á Íslandi.

Grétar H. Óskarsson  
Eiríkur Á. Grétarsson  
Ragnheiður Ýr Grétarsdóttir  
Haraldur E. Grétarsson

Ingibjörg G. Haraldsdóttir  
Lisa Grétarsson  
Guðbrandur Magnússon  
Mjóll Þórarinsdóttir  
og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýðug við andlát og útför okkar ástkærar móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

## Borghildar G. Guðmundsdóttur

frá Harðbak á Sléttu, Dalbraut 20, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Landspítala Fossvogi, deild 4B, fyrir elskulegheit í hennar garð.

Hildur Jónsdóttir  
Margrét Jónsdóttir  
Árni Stefán Jónsson  
Jakobína Jónsdóttir

Helga Ingibergsdóttir

Maria Hedin Jonsson

barnabörn og fjölskyldur þeirra.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

## Geirþrúður Brynjólfsdóttir

Austurbyggð 17, Akureyri, áður til heimilis að Tjarnalundi 1, Akureyri,

lést sunnudaginn 12. apríl. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 21. apríl kl. 13.30.

Árdís Björnsdóttir  
Anna Björnsdóttir  
Birna Björnsdóttir  
Smári Björnsdóttir

Ingvar Þorvaldsson

Hólmgeir Valdimarsson

ömmu- og langömmubörn.



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð, vináttu og hlýðug vegna andláts og útfarar elsku föður okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

## Guðmundar Ólafs

### Finnbjörnssonar

Bugðulæk 18, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki B-4, Landspítalanum í Fossvogi, fyrir kærleiksrika umönnun.

Ragnhildur G. Guðmundsdóttir  
Laufey Guðmundsdóttir  
Sigríður Guðmundsdóttir  
Helga Guðmundsdóttir  
afabörn og langafabarn.

Haukur Garðarsson  
Gylfi Georgsson  
Brynjólfur N. Jónsson  
Sigurður Einar Einarsson



Ástkær eiginkona mín, móðir, stjúpmodir, tengdamóðir, amma og systir,

## Ásgerður Jónasdóttir

Seljahlíð 3i, Akureyri,

sem lést á heimili sínu 12. apríl, verður jarðsöngin frá Akureyrarkirkju 22. apríl kl. 13.30. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Heimahlyningu Akureyrar.

Sveinn Ingi Halldórsson  
Kolbrún Jónsdóttir  
Hanna G. Sveinsdóttir  
Friðrik, Steinar, Elmar, Atli Gunnar og systkini hinnar látnu.

Pétur Tyrtingsson

Eiríkur Þórðarson

Ómar Örn Bjarnþórsson



Ástkær móðir mín, amma okkar og langamma,

## Guðfinna Jóhannesdóttir,

### Gógó

Heiðarvegi 18, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 13. apríl. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 21. apríl kl. 14.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

Heiða Björk Heiðarsdóttir  
Karen Guðfinna Guðmundsdóttir  
Brynja Dögg Brynjarsdóttir  
Heiðar Aron, Jenný Björk, Kjartan Þórir og Sigurður Freyr.

Eggert Þór Ólason



Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra er auðsýndu okkur samúð og hlýðug við andlát og útför ástkærar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, dóttur, ömmu og systur,

## Helgu Sifjar Jónsdóttur

Skagabraut 28, Garði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks krabbameinsdeildar Landspítalans við Hringbraut, og starfsfólks D-deildar og heimahjúkrunar Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.

Guðmundur Örn Ólafsson  
Halldór Kr. Guðmundsson  
Magni Freyr Guðmundsson

Kristjana Vilborg  
Þorvaldsdóttir

Linda Guðmundsdóttir  
Ólafur Örn Guðmundsson

Martin King  
Íris Birgitta Hilmarsdóttir

Guðmundur Jökull Guðmundsson  
Jón H. Jónsson  
barnabörn og systkini.

Soffia Karlsdóttir

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamat@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýðug og samúð við andlát og útför ástkærar eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

## Unnar Steindórsdóttur

Vatnskoti 2, Þykkvabæ,

sem lést miðvikudaginn 25. mars á Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Sérstakar þakkir til starfsfólks á Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Guði blessi ykkur öll.

Gunnar Guðmundsson, börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Ný sumardekk  
Dekkjaskipti



## Sparaðu, láttu skipta um dekk hjá Max1

### Umfelgun og ný dekk á góðu verði

Umfelgun og jafnvægisstilling á 4 fólksbiladekkjum á 12–16 tommu stálfelgum **6.458 kr.** Kaupu sumardekkinn hjá Max1 á góðu verði. Spyrðu okkur hvað við getum gert meira fyrir þig.

Við erum góðir í að gera hlutina fljótt og vel og ódýrt – skoðuðu: [www.max1.is](http://www.max1.is)

Reykjavík, sími 515 7190: Bildshöfða 5a, Bildshöfða 8, Jafnaseli 6, Knarrarvogi 2.  
Akureyri, sími 462 2700: Tryggvabraut 5.  
Skoðuðu [www.max1.is](http://www.max1.is)

**MAX1**  
BÍLAVAKTIN



### NOKKUR ORÐ Ragnheiður Tryggvadóttir

## Drengurinn grætur góðærið

Þar sem þvottadrengurinn hefur heimilishaldið mikið til á sinni könnu hefur hann þurft að beita útsjónarsemi í innkaupum og allri matreiðslu, eftir því sem matarkarfan hækkar í verði. Hann stendur sig með þrýði og skipuleggur innkaupin eins og hússtjórnarskólagenginn sé. Kreppan gerir honum þó lífið leitt á fleiri en einn hátt því meðan góðærið lék við hvern hans fingur gat hann leyft sér að láta heimilisþvottinn hláðast óhóflega upp. Þegar í óefni var komið gat hann bara brunað með hann á atvinnuþvottahús þangað sem hann gat svo sótt hann samanbrotinn og hreinan daginn eftir gegn greiðslu. Svona lúxus getur hann ekki leyft sér í dag. Enda grætur drengurinn góðærið meðan hann hleður í hverja vélina á fætur annarri og hengir upp á snúrur dag eftir dag.

Kreppan hefur ekki truflað mín verkefni á heimilinu eins þar sem þau snúast aðallega um uppvaskefni og tiltekt. Það var helst að góðærið byði upp á þann möguleika að panta heimsendan mat öðru hvoru og þá fylgdi því auðvitað ekkert uppvaskefni. En drengurinn situr í súpunni. Nú sér hann nefnilega fram á enn versnandi ástand í þvottamálu heimilisins en innan fárra daga mun drengurinn verða faðir í annað sinn. Verð á bréfbleium hefur hækkað svo úr hófi fram að taubleium eru nú orðnar almenn nauðsyn, en ekki bara dyntir í umhverfisþenkjandi hippum. Þvottadrengurinn myndi seint teljast til þess hóps. Hann mun því gráta góðærið enn meira þegar hann hefst handa við að mylja úr og þvo heilu fjöllin af taubleium, dag eftir dag næstu 730 daga eða svo. Blessaður drengurinn.

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Þú sparar  
kr. 9.210



## Sparaðu með Miele

Nýja S2120 ryksugan frá Miele er lágvæ, létt, kraftmikil og með stórum poka. Hún fæst í rauðu og bláu. Parketbursti að andvirði kr. 9.210 fylgir frítt með.

best  
brands  
2008  
markvörðun



**TILBOÐ**  
**Kr. 23.414\***

Opíð í dag laugardag frá kl. 11:00-15:00

\*tilboð gildir á meðan birgðir endast.

**EIRVÍK** -háæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | [www.eirvik.is](http://www.eirvik.is)

Hringdu í síma

**512 5060**

ef blaðið berst ekki





GÆGDIST Á GLUGGA Hin 26 ára Miranda Tozier-Robbins var tekin við að gægjast á gluggana hjá Britney Spears.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Braust inn á lóð Britney

Kona að nafni Miranda Tozier-Robbins var handtekin á landareign Britney Spears á fimmtudagsmorgun. Tozier-Robbins, sem er 26 ára, var staðin að verki fyrir utan hús söngkonunnar í Calabasas í Kaliforníu, þar sem hún gægðist á glugga, klædd í felulitum frá toppi til tótar, með myndbandsupptökuvél og bakpoka.

Þegar öryggisverðir komu auga á Tozier-Robbins og báðu hana kurteislega að yfirgefa landareignina brást hún hin versta við og neitaði að fara. Hún var að lokum flutt nauðug á lögreglustöð og mun þurfa að mæta fyrir rétt 16. júní. Britney Spears var ekki á heimili sínu þegar atvikið átti sér stað, hún var í stöð í Los Angeles Staples Centre þar sem hún var með tónleika.

## Dularfull dánarorsök

Lögregluvirkvöld í Flórída hafa útilokað að mágur bandarísku leikkonunnar Katie Holmes hafi verið myrtur. Joseph Jeffrey Fretti fannst meðvitundarlaus á heimili sínu og var fluttur á sjúkrahús í skyndi þar sem hann lést. Fretti var giftur elstu systir Katie, Tamera, en þau höfðu átt í hjónabandsferfiðleikum og Tamera hafði sótt um skilnað í febrúar.

Dr. Russell Vega hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Flórída sagði í samtali við fjölmiðla að hann hefði ekki fundið dánarorsökina. „Við munum gera allar rannsóknir sem nauðsynlegar eru til að finna út hvað varð Fretti að bana,“ sagði Vega.



**SORG** Mágur bandarísku leikkonunnar Katie Holmes lést nýverið. Ekki er vitað hvað varð honum að bana.

# SKOPPA og SKRÍTLA í BÍÓ

## kominn á DVD



skoppa og skríttla árita diska  
sunnudaginn 19. apríl

Hagkaupum, Reykjanesbæ kl. 12-13

Hagkaupum, Smáralind kl. 14-15

Hagkaupum, Kringlunni kl. 15-16



Vinsælasta íslenska barnamyndin 2009 er komin út á DVD! Sumargjöfin í ár! Fæst í helstu verslunum.



162 / AKUREYRI

### Hermann tók þátt í að sameina Akureyri í handboltanum. Hann og 24 aðrir taka vel á móti þér við Ráðhústorgið.

- Við leggjum okkur fram um að veita þér persónulega þjónustu.
- Við förum yfir kjörin sem þér bjóðast og svörum spurningum þínum.
- Við veitum einstaklingum og fyrirtækjum aðstoð við að skipuleggja fjármálin.

Komdu við í útibúinu á Akureyri eða hringdu í okkur í síma 410 4000.

Landsbankinn



**VesturPort DUBBELDUSCH**  
eftir Björn Hlyn Haraldsson

SÝNT Í  
HAFNARFJARÐARLEIKHÚSINU

ALLRA SÍÐASTA SÝNING

18.04.09 Laugardagur 20:00

Miðasala í síma 555 2222 og á [midi.is](http://midi.is)

**ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ**  
Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

**Kardemommubærinn** (Stóra sviðið)

Lau 18/4 kl. 14:00	Sun 3/5 kl. 14:00	Sun 24/5 kl. 14:00
Lau 18/4 kl. 17:00	Sun 3/5 kl. 17:00	Pri 26/5 kl. 18:00
Sun 19/4 kl. 14:00	Pri 5/5 kl. 18:00	Mið 27/5 kl. 18:00
Sun 19/4 kl. 17:00	Sun 10/5 kl. 14:00	Fös 29/5 kl. 18:00
Lau 25/4 kl. 14:00	Sun 10/5 kl. 17:00	Lau 30/5 kl. 14:00
Lau 25/4 kl. 17:00	Lau 16/5 kl. 14:00	Lau 30/5 kl. 17:00
Sun 26/4 kl. 14:00	Lau 16/5 kl. 17:00	Fim 4/6 kl. 18:00
Sun 26/4 kl. 17:00	Sun 17/5 kl. 14:00	Fös 5/6 kl. 18:00
Pri 28/4 kl. 18:00	Sun 17/5 kl. 17:00	Lau 6/6 kl. 14:00

Sýningar haustsins komnar í sölu

**Hart í bak** (Stóra sviðið)

Fim 23/4 kl. 20:00	Fös 8/5 kl. 20:00	Fös 15/5 kl. 20:00
Lau 2/5 kl. 20:00	Lau 9/5 kl. 20:00	

Sýningum lýkur 15. maí. Tryggðu þér sæti

**Þrettándakvöld** (Stóra sviðið)

Fös 17/4 kl. 20:00	Pri 21/4 kl. 20:00	Fös 24/4 kl. 20:00
--------------------	--------------------	--------------------

Í samstarfi við Nemendaleikhús Listaháskóla Íslands

**Sædýrasafnið** (Kassinn)

Fös 17/4 kl. 21:00	Fös 24/4 kl. 21:00	Sun 3/5 kl. 21:00
Lau 18/4 kl. 21:00	Lau 25/4 kl. 21:00	

Ath. snarst sýningatímabil

**Skoppa og Skríttla í söng-leik** (Kúlan)

Lau 18/4 kl. 13:00	Lau 25/4 kl. 14:30	Lau 9/5 kl. 13:00
Lau 18/4 kl. 14:30	Lau 2/5 kl. 13:00	Lau 9/5 kl. 14:30
Lau 25/4 kl. 13:00	Lau 2/5 kl. 14:30	

Örfáar aukasýningar með bestu vinkonum barnanna

**Eterinn** (Smíðaverkstæðið)

Fös 17/4 kl. 21:00	Fös 24/4 kl. 21:00	Lau 25/4 kl. 21:00
--------------------	--------------------	--------------------

Miðaverð aðeins 2.000 kr. Sýningum að ljúka.

**Creature - gestasýning** (Kassinn)

Fim 14/5 kl. 20:00	Lau 16/5 kl. 20:00
Fös 15/5 kl. 20:00	Sun 17/5 kl. 20:00

**HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**

Laugardagur 18. apríl 2009

**→ Kvikmyndir**

**16.00** Kvikmyndasafn Íslands sýnir „The Untouchables“ kvikmynd Brians De Palma í Bæjarbíói við Strandgötu 6 í Hafnarfirði. Nánari upplýsingar á [www.kvikmyndasafn.is](http://www.kvikmyndasafn.is).

**→ Tónleikar**

**12.00** Stórsveit Reykjavíkur stendur fyrir Stórsveitamaraboni í Ráðhúsi Reykjavíkur milli kl. 12 og 17.30. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

**14.00** Sinfóníuhljómsveit Íslands verður með fjölskyldutónleika í Háskólabíói við Hagatorg þar sem flutt verður verkið Þyrnirós eftir Tsjajkovski. Einnig koma fram dansarar úr Listdansskóla Íslands og Halldór Gylfason.

**17.00** Flautuleikarinn Melkorka Ólafsdóttir verður með tónleika í Salnum við Hamraborg í Kópavogi sem bera yfirskriftina „Sögur af fuglum og furðufuglum“.

**17.00** Sálumessa (Requiem) eftir Karl Jenkins verður flutt í Lindakirkju við Uppsali í Kópavogi. Um 170 manns taka þátt í flutningnum frá Samkór Kópavogs, Skólakór Kársness og Strengjasveit Tónlistarskóla Kópavogs.

**18.30** Hljómsveitarkeppnin „Wacken Metal Battle“ fer fram á Dillon Sportbar við Trönuhraun 10 í Hafnarfirðinum. Húsið opnar kl. 18.

**20.00** Fransk-Íslenska hljómsveitin Klezmer Kaos verður á Nasa við Austurvöll. Einnig kemur fram hljómsveitin Múgsefjun.

**20.30** Bubbi Morthens spilar nýtt efni í bland við eldra á Græna hattinum við Hafnarstræti á Akureyri. Húsið opnar kl. 20.

**21.30** Hvanndalsbræður og Ljótu hálfvitarnir spila á tónlistarhátíðinni „Stundum fór ég norður“ á Kaffi Rósenberg við Klappastíg

**→ Dansleikur**

Á móti sól verður á Players við Bæjarlind 4 í Kópavogi.

**→ Síðustu forvöð**

Lisa K. Guðjónsdóttir sýnir steinskúptúra á Náttúrufræðistofu Kópavogs við Hamraborg 6a. Sýningu lýkur á sunnudag. Opíð mán.-fim. kl. 10-20, fös. kl. 11-17 og um helgar kl. 13-17.

**→ Opnanir**

**14.00** Indverski listamaðurinn Baniprosanno opnar sýningu á olíumálverkum og pennateikningum hjá Listamönnum við Skúlagötu 21 kl. 14-17. Opíð mán.-fim. kl. 9-18

**15.00** Ragnhildur Ágústsdóttir opnar sýninguna „Memento Mori“ í Gallerí Fold við Rauðarárstíg. Opíð lau. kl. 10-16 og sun. kl. 13-16.

**→ Rússneskir dagar**

Rússneskir dagar 16.-18. apríl í Bókasafni Kópavogs við Hamraborg 6. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir. Opíð mán.-fim. kl. 10-20, fös. kl. 11-17 og lau.-sun. kl. 13-17.

**14.00** Fræðslumynd um geimferðir á 20. öld og rússnesk sögustund fyrir börn.

**→ Ratleikur**

**14.00** Íslenski fjallahjólaklúbburinn býður öllum í ratleik í tengslum við Ferðafögnum, hátíð ferðafjónustunnar. Nánari upplýsingar og þátttökuseðill á [www.iffh.is](http://www.iffh.is).

**→ Uppákomur**

**17.00** Uppákoma verður í tengslum við sýninguna „Opíð - til eru hrae“ í Kling&Bang við Hverfisgötu 42. Dansverk, tónlistargjörmingur, list o.fl. Nánari upplýsingar á <http://this.is/klingsbang>

**→ Leiðsögn**

**14.00** Marta María Jónsdóttir og Magnús Helgason verða með leiðsögn um sýninguna Málverkasýning sem nú stendur yfir í Gallerí Ágúst við Baldursgötu 12, milli kl. 14 og 16.

**→ Útivist**

Fjölbreytt dagskrá verður í tengslum við „Ferðafögnum“, hátíð ferðafjónustunnar þar sem í boði verður m.a. ævintýraferðir, sjóstöng, útsýnisflug, fjórhjóliferðir og margt margt fleira. Dagskrá og nánari upplýsingar á [www.ferdafagnadur.is](http://www.ferdafagnadur.is).

**→ Myndlist**

Ingólfur Arnarsson hefur opnað sýningu í Suðsuðvestur við Hafnargötu 22 í Reykjanesbæ. Opíð um helgar kl. 14-17.

**→ Sýningar**

Sýning um kosningar og aðdraganda þeirra hefur verið opnuð á ganginum í Þjóðarbókhöðunni við Anngrímsgötu 3. Opíð mán.-fim. kl. 8.15-22, fös. kl. 8.15-19, lau. kl. 10-17 og sun. kl. 11-17.

**HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**

Sunnudagur 19. apríl 2009

**→ Tónleikar**

**13.00** Kammerhópurinn Nordic Affect flytur verk eftir Händel og fleiri í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu 15. aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

**17.00** Sópransöngkonan Alexandra Chernyshova verður með útgáfutónleika í Salnum við Hamraborg í Kópavogi þar sem hún ásamt Jónasi Ingimundarsyni mun flytja verk m.a. eftir Rachmaninov.

**20.00** Sópransöngkonur Auður Gunnarsdóttir, Elin Osk Óskarsdóttir, Hulda Björk Garðarsdóttir og Þóra Einarisdóttir verða með tónleika í Íslensku óperunni við Ingólfsstræti.

**20.00** Stúlkakórinn Graduale Nobili verður með tónleika í Langholtskirkju við Sólheima þar sem á efniðskránni verða m.a. verk eftir Javier Busto og Francis Poulenc.

**→ Sýningar**

Sýningin Förmenn og flakkarar hefur verið opnuð í Laxdalshúsi við Hafnarstræti 11 á Akureyri. Sigurgeir Guðjónsson sagnfræðingur og Þórarinn Blöndal myndlistarmaður standa að sýningunni. Opíð sun. kl. 14-17.

**→ Dansleikur**

**20.00** Dansleikur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni verður að Stangarhyl 4. Hljómsveitir Klassik leikur danslög við allra hæfi.

**→ Leiðsögn**

**15.00** Guðrún Kristjánsdóttir verður með leiðsögn um sýningu sína „Veður-skríft“ sem nú stendur yfir í Hafnarborg við Strandgötu í Hafnarfirði.

**15.00** Bjargey Ólafsdóttir verður með leiðsögn um sýningu sína „Stungió af til Suður-Ameríku“ í Listasafni ASÍ við Freyjugötu 41.

**17.00** Síðasti sýningardagur „Opíð - til eru hrae“ í Kling&Bang gallerí. Leiðsögn verður um sýninguna og kl. 18 verður sýningunni formlega lokið með gjörningnum ListMessa.

**→ Listamannasjall**

**15.00** Sjón fjallar um kynni sín af listamanninum Alfreð Flóka og surrealisma ásamt því að lesa upp ljóð í Listasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

Upplýsingar um viðburði sendist á [hvar@frettabladid.is](mailto:hvar@frettabladid.is).

**ÍD** ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN KYNIR EINSTAKAN VIÐBURÐ Í BLÁA LÓNINU MIÐVIKUDAGINN 22. APRÍL

**TRANSAQUANIA - OUT OF THE BLUE**  
Höfundar: Erna Ómarsdóttir – Damien Jalet – Gabriela Friðriksdóttir  
Tónlist: Ben Frost – Valdimar Jóhannsson

Alþjóðlega þekktir listamenn og dansarar ÍD koma saman og skapa einstakan dans og listviðburð þar sem leikhúsið er Bláa Lónið sjálft og áhorfendur taka sér sæti í heitum jarðsjónum. Að lokinni sýningu verður vetur kvaddur og sumri fagnað í Lava sal Bláa Lónsins og allir stiga dans saman.

Miðaverð aðeins kr. 3000  
Miðasala í síma 568 8000 og á [www.id.is](http://www.id.is)  
Sætaferðir verða í boði með Kynnisferðum  
Bókanir á [www.re.is](http://www.re.is)  
Mæting kl. 21:30 – Munið sundfötin!

**AÐEINS ÞESSI EINA SÝNING!**

BLUE LAGOON ICELAND Landsbankinn

**Ódó á gjaldbuxum**  
Sýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu  
Frumstýnt sunnudag 19. apríl kl. 20.  
Næstu sýningar: 23. apríl, 25. apríl, 30. apríl og 2. maí.  
Miðasala í síma 555 2222 og [midi.is](http://midi.is)

**GERÐUBERG** Menningarmiðstöð 2009

18. apríl kl. 14  
**Cinzia D'Ambrosi** ljósmyndari, verður með leiðsögn um sýningu sína Myrkur sannleikur - Kolanámu-menn í Kína. Leiðsögnin fer fram á ensku kl. 14

Sunnudaginn 19. apríl kl. 14 og sumardaginn fyrsta 23. apríl kl. 14  
**Alli Nalli og tunglið**  
Möguleikhúsið sýnir leikrit byggt á sögum Vilborgar Dagbjartsdóttur. Fyrir áhorfendur á aldrinum 1-7 ára

**Brúðsýning** Leikbrúðulands  
**Draumsýnir** Magnús H. Gíslason í Boganum

**Vissir þú...**  
að í Gerðubergi er frábær aðstaða fyrir ráðstefnur, fundi, námskeið og veislur. Salir og fundarherbergi fyrir 8-120 manns.  
Fjölbreyttur tækjabúnaður er til staðar

Kaffihús Hádegisverður Veisluþjónusta [galleryfiskur.is](http://galleryfiskur.is)

Viltu vera vinur Gerðubergs? Kíktu á [www.facebook.com/](http://www.facebook.com/)

Sýningar eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16  
Leiðsögn fyrir hóp. Netfang: [gerduberg@reykjavik.is](mailto:gerduberg@reykjavik.is) s. 575 7700  
Gerðubergi 3-5 | 111 Reykjavík | Sími 575 7700 | [www.gerduberg.is](http://www.gerduberg.is)



# Ferða- fagnadur

[www.ferdafagnadur.is](http://www.ferdafagnadur.is)

**Aðgangur ókeypis**  
nema annað sé tekið fram

**Geymdu auglýsinguna**  
Framhald dagskrár á bls. 49.



## Dagskrá laugardaginn 18. apríl 2009 Reykjanes

Kl. 07:00-23:30

### Aðal-Braut

Kleinuhringir, snúðar, skinkubökur og graskersbrauð á tilboði í bakaríinu.  
Kókomjólk og snúður kr 279.-  
Aðal-Braut, Víkurbraut 31, Grindavík.

Kl. 08:00-18:00

### Sundlaugar Reykjanesbæjar og Vatnaveröld

Sundlaugin í Njarðvík, Sundlaugin Akurskóla, Vatnaveröld í Reykjanesbæ.

Kl. 10:00-15:00

### Sundlaug Grindavíkur

Opið kl 10:00 - 15:00.  
Frítt í sund.  
Sundlaug Grindavíkur, Austurvegi 1, Grindavík.

Kl. 11:00-14:00

### Veitingahúsið Brim

Humarsúpa á tilboði milli 11:00-14:00.  
Veitingahúsið Brim, Hafnargata 9, Grindavík.

Kl. 11:00-18:00

### Saltfisksetur Íslands

Saltfiskur í sögu þjóðar, kaffitería og glæsilegt útsýni yfir aflahæstu höfn landsins. Upplýsingamiðstöð Grindavíkur er einnig til húsa í setrinu, þar sem upplýsingar um Reykjanes og Krýsuvík og að sjálfsögðu um ferðaþjónustu í Grindavík. Hægt er að fara í skipulagðar ferðir frá Bláa lóninu með Grindavíkurferðum Salty Tour um Grindavík og með viðkomu í setrinu.  
Frír aðgangur í safnið, heitt á könnunni.  
Menningar- og sögutengd 1-2 tíma gönguferð.

Ganga með leiðsögn hefst við Bótina (Stóru-Bót) kl. 13. Gangan er í tengslum við uppsetningu á nýju söguskilti við Bótina.

Saltfisksetur Íslands, Hafnargata 12a, Grindavík.

Kl. 11:30-15:30

### Orkuverið Jörð, Reykjanesvirkjun

Tilboð 2 fyrir 1.  
Orkuverið Jörð, Reykjanesvirkjun, Hafnargötu 29.

Kl. 12:00-22:00

### Mamma míá

20 % afsláttur af matseðli.  
Mamma míá, Hafnargata 7a, Grindavík.

Kl. 13:00-17:00

### Duushús

-Bátasafn Gríms Karlssonar  
-Listasafn Reykjanesbæjar  
-Völlurinn  
Frítt inn.  
Duushús, Duusgötu 2-8 Reykjanesbæ.

Kl. 13:00 - 17:00.

### Jöklaljós kertagerð

10% afsláttur af öllum vörum í tilefni sumarkomunnar.  
Jökla ljós kertagerð, Grófin 2, Reykjanesbæ.  
Kl. 13:00-17:00

### Fræðasetrið í Sandgerði

Fræðasetrið í Sandgerði er safn sem tengir saman mann og náttúru, þar eru til sýnis uppstoppaðir fuglar, minkur, refur, selir, allskonar bein úr hvólum, lifandi sjávardýr í sjóbúrum ásamt skelja og fiðrilidasafni, einnig er þar eini Rostungurinn

á landinu og stórmerkileg sýning sem heitir Heimskautin Heilla.

Börnin gleyma sér við rannsóknir í Fræðasetrinu í Sandgerði. Ókeypis aðgangur.  
Fræðasetrið í Sandgerði, Garðvegi 1.

Kl. 13:00-18:00

### Byggðasafnið í Garði

Leiðsögn um safnið og kynning á vörum og lendingum í Garði þá verður stóri vitinn opin og sagt frá skipsströndum á Garðskagafliðs.  
Byggðasafnið í Garði, Skagabraut 100, Garðskaga

Kl. 15:00-17:00

### Veitingahúsið Vitinn

Kaffihlaðborð verð kr. 1.450.á mann  
hálf verð í 6-12 ára, 0-6 ára frítt.  
Veitingahúsið Vitinn, Vítorg 7, Sandgerði

Kl. 16:00-21:00

### Lukku Láki

Tilboð á hamburgurum og pizzum.  
Lukku Láki, Hafnargata 6, Grindavík

Kl. 18:00-20:00

### Söluturninn

Tilboð á subs.  
Söluturninn, Víkurbraut 62, Grindavík.

Kl. 18:00-22:00

### Kaffi Duus

Tilboð 15% afsláttur af kvöldmáltíð.  
Kaffi Duus, Duusgötu 10, Reykjanesbæ.

Kl. 22:00

### Veitingahúsið Vitinn

Dansleikur, Hermann Ingi JR leikur fyrir gesti á káetukendri. Húsið opnar kl 22.00 frítt inn til 24.00.  
Gamla góða Víta-stemmingin. 20 ára aldurstakmark.  
Veitingahúsið Vitinn, Vítorg 7, Sandgerði.

### Flughótel

Afsláttur 20% af gistingu og 15% af öllum mat.  
Flughótel, Hafnargötu 57, Reykjanesbæ.

### Hótel Keflavík

7000 kr afsláttur af DeLux herbergjum.  
Vatnsnesvegi 12, Reykjanesbæ.

### Hótel Keilir

Afsláttur 20% af öllum herbergjum.  
Hótel Keilir, Hafnargötu 37, Reykjanesbæ.

### Fjórhlólaævintýri

Fjórhlólaævintýri býður 2 fyrir 1 í allar ferðir miðað við að það séu tveir á hjóli. Boðið er uppá 1-4 klst fjórhlólaferðir í fallegri náttúru á Reykjanesinu, lengri ferðir eftir samkomulagi. Fjórhlólaævintýri, Tangasund 1, Grindavík.

### Heimagisting Borg

Tveggja manna herbergi á verði eins manns herbergis.  
Heimagisting Borg, Borgarhrauni 2, Grindavík.

Kl. 12:00-15:00

### Þena - hannyrða og gjafavörverslun

10% afsláttur af sängurfatnaði og 15% afsláttur af nærfötum og sokkum.  
Þena, hannyrða og gjafavörverslun, Hafnargata 6.



## > LOKASÝNING FATAHÖNNUNARNEMA

Næstkomandi miðvikudag, síðasta vetrardag, munu nemendur á lokaári í fatahönnunardeild **Listaháskóla Íslands** sýna afrakstur náms síns á glæsilegri tískusýningu í Hafnarhúsinu. Einn prófdómara er Louise Wilson sem er yfir mastersnámi í fatahönnun við St. Martins-skólann í London. Fötin verða áfram til sýnis á Kjarvalsstöðum til 3. maí.

# stíll

utlit@frettabladid.is

OKKUR  
LANGAR Í  
...



**Nærandi og fegrandi** Immortelle-krem frá franska snyrtivörfyrirtækinu L'Occitane til að fríska upp húðina eftir veturinn.

**Gullfallegan gagnsæjan topp** sem lítur út eins og skikkja frá Einveru, Laugavegi.



**Æðislegt rakgefandi mistur** fyrir andlit til að nota hvenær sem er dagsins frá Make Up Store. Algjört móst fyrir tölvunotendur. Fæst í Kringlunni.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA Anna Margrét Björnsson

### Hvað næst?

Í gegnum aldirnar og áratugina hafa ætíð myndast litlir þjóðfélagsþópar sem deila sömu lífssýn, fatastíl, tónlistarsmekk og almennri fagurfræði. Heimurinn hefur fengið að njóta nærveru bítanikka, rokkara, pönkara, gothara, „grunge“, moddara og hippa og hér á landi hafa minni og séríslenskir hópar skotið upp kollinum. Eftirminnilegastir eru hnakkarnir, með sína rökuðu hnakka, strípur og appelsínugulan litarhátt og dúndrandi teknótónlist en þeir eru víst enn til í ákveðnum bæjarhlutum. Rokkarar, treflar og krútt lifa góðu lífi í miðbænum ásamt „bara vá“-genginu svokallaða sem samanstendur af ungu fólki í fótum frá Kron Kron sem er ötult við að dásama fatasmekk hvers annars. Goth-tískan þótti dálítið jaðar og töff í fyrriárum en dó drottinn sínum í byrjun árs þegar hún komst út í „meinstrímið“ með Emo-krökkum, vampírumyndum og South Park. Nú spyr maður sig hver verði eiginlega næsti hópurinn til að myndast og hvaða æði verði næst? Er það „grunge“, ásamt köflóttum skyrtum, lopahúfum og post-rokk tónlist? Munu moddararnir aftur komast í tísku og hópar af svartklæddu fólki í támjóum skóm með Marc Bolan-klippingar og ælæner streyma um strætin? Eða hvernig væri að gerast hippi og gera hústök-ur, taka upp kommúnulífnað og athuga hvort maður kemst upp með að rækta marjúana í kryddjurtasettinu frá Kokku? Eða kannski að „sækadélian“ sé málið ásamt loðfeldum, kringlóttum sólgleraugum og síðu hári. Það gefur auga leið að andleg uppvakning, nirvana og möntrur koma í kjölfar peningjahyggunnar og Gucci-plebbaskapar góðærisins og róir okkur á krepputímum. Dalai Lama er líka að koma til landsins bráðlega og er ekki um að gera að snobba fyrir honum? Eða kannski að listamenn, heimspekingar og bókmenntaspekúlantar taki bara yfir bæjarlífið ásamt spekinglegum höttum og hvítum treflum í anda Sigga Páls og sitji í heimspekilegum umræðum yfir „chai latte“ á kaffihúsunum. Nýir tímar hljóta að kalla á nýja og skemmtilega þjóðfélagsþópa og ég býð spennu eftir því hvað kemur næst.



**TÖFF** Flottur grænn pels við svartar buxur og bol.



**HIMINHÁ** Geggjuð þröng stígvél sem ná upp á læri.



**TÖFFARATÍSKA HJÁ GUCCI**

## Stuttir kjólar, sólgleraugu og rokkaðar leggings

„Hjá okkur er engin kreppa,“ sagði ítalski hönnuðurinn Frida Giannini spurð um haust- og vetrarlínu Gucci fyrir 2009. „Gucci-stelpa lifir bara fyrir næsta partí.“ Línan er sérlega klæðileg og samanstendur af flottum, stuttum kjólum í svörtu, smaragðsgrænu og fjólubláu við rokkaðar leggings, pelsa, stígvél sem ná upp á læri og sólgleraugu. Skemmtilegt líkk sem auðvelt er að stæla.

- amb

Stjórnmalamaenn, hagfræðingar, almenningur, hugsandi fólk - ALLIR SEGJA:

# Tækifærin eru í ferðapjónustu!

En fólk þarf að kunna til verka.



Í Háskólanum á Hólum er boðið upp á háskólanám í ferðamálafræði:  
Ferðamálafræði BA – 180 ects  
Ferðamálafræði diplóma – 90 ects  
Viðburðastjórnun diplóma – 60 ects

Námið er boðið í staðnámi og fjarnámi með staðbundnum lotum. Námið er hagnýtt, fræðilegt og fjölbreytt. Áhersla er á nýsköpun og vöruþróun sem byggist á náttúru, menningu og fagmennsku. Námið miðar að því að efla vandaða viðskiptahætti.

Nemendur sem hafa útskrifast frá Hólum eru eftirsóttir til starfa. Það hefur sýnt sig og sannað að menntun þeirra stendur vel með þeim.

Umsóknarfrestur: 1. júní



Háskólinn á Hólum  
551 Saudárkrókur  
s: 455 6300

www.holar.is

**RENDUR** Glæsilegur fjólublár skikkjukjöll við þröngar svartar leggings.



**GLÆSILEGT** Flottur svartur kjöll í anda níunda áratugarins með belti við leggings.



**ÞÆGILEGT** Sníðug samsetning sem klikkar ekki, víður svartur toppur við þröngar leggings.



**GRÆNT** Flottur stuttur kjöll með einum hlýra við leggings og hælaskó.



**ROKKAÐ** Glitrandi leggings við stuttan svartan kjöll og pels.



**GRÍÐARLEGT ÚRVAL  
AF MONGOOSE  
BARNAHJÓLUM Á  
FRÁBÆRU VERÐI FYRIR  
SUMARDAGINN FYRSTA.**



**17.990**

**Twinkle 12" (2-4 ára)**  
með hjálpardekkjum



**22.900**

**motivatormini 20" (5-7 ára)**  
með fótbremsu



**17.990**

**Moto Micro 12" (2-4 ára)**  
með hjálpardekkjum .



Til í fleirum litum

**31.900**

**Rockadile AL 20" (6-8 ára)**  
Álstell 7 girar og demparar að framan. Standari fylgir.



**19.900**

**Moto Micro 16" (4-6 ára)**  
með hjálpardekkjum .



Til í fleirum litum

**38.900**

**Rockadile AL 24" (8-11 ára)**  
Álstell 21 girar og demparar að framan. Standari fylgir.



**19.900**

**Moto Micro 16" (4-6 ára)**  
með hjálpardekkjum .

**GAP**

[WWW.GAP.IS](http://WWW.GAP.IS)

**FJALLAHJÓLABÚÐIN FAXAFENI 7**

S: 5200 200 • MÁN - FÖS. KL. 9-18. • LAU. KL. 11-16

**ATH! OPIÐ**  
**SUMARDAGINN FYRSTA**  
**FIMMTUDAGINN 23.APRÍL**  
**FRÁ 12-16**



## &gt; VILL MEIRA JAFNVÆGI

Keira Knightley óttast að ferill sinn muni binda enda á fjögurra ára samband hennar og Rupberts Friend. Í viðtali við ástralska tímaritið Marie Claire segist hún vilja finna betra jafnvægi milli sambandsins og vinnunnar. „Það er erfitt að vera í sambandi þegar maður vinnur svona mikið. Maður þarf að hugsa um hvað skiptir raunverulega máli. Ef maður einbeitt sér bara að ferlinum mun koma sá dagur að maður verður einmana,“ segir Knightley.



# fólk

folk@frettabladid.is

## HIN HLÍÐIN SIGRÍÐUR MOGENSEN FRÉTTAKONA

## Er hreinskilin og gefst aldrei upp

**Hvað er að fréttá?** Ég er að leggja lokahönd á BS-ritgerðina mína í hagfræði við HÍ og svo er nóg að gera í vinnunni. Þannig að ég hef lítinn frítíma þessa dagana, sem bitnar á líkamsræktinni sem ég hef vanrækt að undanförunu.

**Augnítur:** Grænn.

**Starf:** Fréttakona.

**Fjölskylduhagir:** Í sambúð með Þórði Gunnarsyni.

**Hvaðan ertu?** Ég er uppalin í Hafnarfirði, en hef búð í Reykjavík núna í mörg ár.

**Ertu hjátrúarfull?** Ekki í dag, en þegar ég var lítil notaði ég alltaf sama hárbandið í fótboltaeikjum, þangað til það slitnaði af ofnotkun.

**Uppáhaldssjónvarpsþátturinn:** Fyrstu seríurnar af Grey's Anatomy voru frábærar. Svo klikkar Seinfeld aldrei.

**Uppáhaldsmaturinn:** Grillaðar svínalundir og fajitas.

**Fallegasti staðurinn:** Goa á Indlandi.

**iPod eða geislaspilari:** iPod.

**Hvað er skemmtilegast?** Að vera áhyggjulaus í útlöndum.

**Hvað er leiðinlegast?** Þróflestur.

**Helsti veikleiki:** Get verið algjör þrasari.

**Helsti kostur:** Hreinskilin og gefst aldrei upp.

**Helsta afrek:** Að komast heil í gegnum árið 2006.

**Mestu vonbrigðin:** Ég verð oft fyrir

vonbrigðum, en man ekkert sérstakt í augnablikinu.

**Hver er draumurinn?** Að vera áfram hamingjusöm.

**Hver er fyndnastur eða fyndnust?** Ég hlæ sjaldan jafn mikið og þegar Björg Magnúsdóttir, vinkona mín, segir mér sögur sem hún er búin að „hagræða“ aðeins.

**Hvað fer mest í taugararnar á þér?** Óheiðarleiki.

**Hvað er mikilvægast?** Heilsan og fólk sem maður elskar.



## Hlynur Ben besti trúbadorinn

